32–33



Rauðisandur: Byggð stendur hallandi fæti

38



Blásið í partílúðrana

40–41



Stefnt á aukið laxeldi í sjó

Bændablaðið

19. tölublað 2022 • Fimmtudagur 20. október • Blað nr. 620 • 28. árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Gimsteinn frá Þernunesi er trúlega verðmætasti hrútur í sögu íslenskrar sauðfjárræktar. Hann ber hina alþjóðlega viðurkenndu ARR-arfgerð gegn riðusmiti og hefur nú verið fluttur úr heimahögunum í Reyðarfirði á sæðingastöð, til að leggja sitt af mörkum til ræktunar á riðuþolnum sauðfjárstofnum. Mynd / Eyþór Elnarsson


Framlög til landbúnaðar ekki í takt við stefnu ríkisstjórnarinnar

Á meðan ríkisstjórnin stefnir á að efla landbúnað, fjölga stoðum hans, treysta þannig fæðuöryggi og mæta skuldbindingum í loftslagsmálum ætlar hún að lækka fjárframlag í málaflokkinn.

Í fjárlögum fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir yfir 700 milljóna króna raunlækkun fjárframlaga til landbúnaðar og stoðþjónustu.

„Markmið ríkisstjórnarinnar snúa að eflingu innlendrar landbúnaðarframleiðslu með fæðuöryggi að leiðarljósi en við sjáum ekki hvernig fjárlögin endurspegla það. Þau standa bara í stað varðandi búvörusamningana en aðrir liðir eru að lækka frekar en hitt," segir Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur Bændasamtaka Íslands.

Til þess að stuðla að sjálfbærari landbúnaði á Íslandi með fæðu- og matvælaöryggi að leiðarljósi þarf landbúnaður að fá meira pláss í fjárlögum en frumvarp fjármála- og efnahagsráðherra leggur til, samkvæmt umsögn Bændasamtaka Íslands.



Framlag ríkisins til landbúnaðar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hefur lækkað um helming frá aldamótum. Heimild / Hagstofa Íslands


Framlag ríkisins til landbúnaðar hefur lækkað verulega frá aldamótum á sama tíma og Íslendingum hefur fjölgað og framleiðsla matvæla aukist. Þróun á ríkisstuðningi í samanburði við þróun á framleiðslumagni og eftirspurn sýnir að fjárframlag ríkisins hefur lækkað um tæpan þriðjung að raunvirði (sjá nánar á bls. 18). Þá hefur framlag ríkisins til landbúnaðar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu lækkað um helming frá aldamótum.

Bændasamtökin benda á að til að efla landbúnað þurfi ríkisstjórnin að gera ráð fyrir frekari fjárframlögum fyrir tiltekin verkefni á þessu kjörtímabili.

Í umsögn leggja þau til föst árleg framlög til plöntukynbóta, fjárlög til innviðauppbyggingar tengda kornrækt annars vegar og áburðarframleiðslu hins vegar, framlög til útrýmingar riðu í íslensku sauðfé með innleiðingu á ARR-arfgeninu, framlög til rannsókna vegna nýrrar nálgunar við afsetningu lífræns úrgangs og framlög til Bjargráðasjóðs/Náttúruhamfaratrygginga Íslands til að bæta áföll í landbúnaði.

„Tryggja þarf land og landsvæði í landbúnaðarnotkun og viðhalda framleiðsluvilja bænda með eðlilegu starfsumhverfi," segir jafnframt í umsögninni.

/ghp



Endurskoðun búvörusamninga

Seinni endurskoðun búvörusamninganna sem tóku gildi árið 2017 verður á næsta ári. Þá meta samningsaðilar, Bændasamtök Íslands (BÍ) og stjórnvöld, hvort markmið samninganna hafi náðst.

Undirbúningsvinna er hafin hjá samningsaðilum við gagnaöflun, en svo er gert ráð fyrir að efnislegar viðræður hefjist strax á nýju ári.

Innan Bændasamtaka Íslands hefur í aðdraganda viðræðna verið lögð áhersla á sjálfstæða gagnaöflun til að bæta samningsstöðu bænda. Samkvæmt heimildum innan raða samtakanna leggja þau áherslu á að einfalda samningana eins og hægt er – skýra einnig betur atriði í útfærslum þeirra.

Fjórir samningar

Búvörusamningar eru alls fjórir og fjalla um starfsskilyrði bænda; rammasamningur um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins, garðyrkjusamningur, nautgripasamningur og sauðfjársamningur.

Varðandi einstök efnisatriði og áherslur BÍ munu sauðfjárbændur kalla eftir endurskoðun á niðurtröppun greiðslumarks, garðyrkjubændur vilja endurskoða útfærslu á niðurgreiðslu rafmagns til lýsingar – þannig að greiðslur til einstakra garðyrkjubænda skerðist ekki þótt það fjölgi í greininni.

Tollvernd og afkoma bænda

Kallað verður eftir breytingum á tollverndinni og afkoma bænda mun verða til umfjöllunar, þar sem farið er inn í samningaviðræðurnar á erfiðum tímum hvað rekstrarumhverfið varðar með miklum verðhækkunum á aðföngum. Afurðaverð hefur þannig ekki tryggt viðunandi afkomu.

Loftslagsmál til umræðu

Ljóst er að aðgerðir stjórnvalda varðandi loftslagsmál verða til umræðu í þessari endurskoðun. Þar eru BÍ þátttakendur í verkefnum eins og Loftslagsvænum landbúnaði og Kolefnisbrúnni, sem talið er að þurfi að styrkja enn frekar. */smh*

– Sjá fréttaskýringu um uppruna og eðli búvörusamninga í fortíð og nútíð á bls. 20-21.

FRÉTTIR



Eigendur lögbýlis, þar sem stunduð er skógrækt, fóru fram á það við sveitarfélag að ágangskindur yrðu fjarlægðar. Mynd / ghp

Lausaganga búfjár:

Sveitarstjórn ber ábyrgð á smölun

Landeigandi getur farið fram á það við sveitarstjórn, ef ágangur búfjár er verulegur, að þeir beri ábyrgð á smölun ágangsbúfjár á kostnað eigenda fjárins. Umboðsmaður Alþingis áréttar þann skilning í nýútgefnu áliti.

Tilefni álitsins var að lögbýli á Snæfellsnesi, þar sem stunduð er skógrækt, varð fyrir ágangi kinda og óskuðu þá eigendur þess eftir að sveitarfélagið smalaði ágangsfénu í samræmi við lög um afréttarmálefni. Sveitarfélagið neitaði að smala og óskuðu þá eigendur jarðarinnar eftir áliti næsta stjórnvalds, sem var innviðaráðuneytið, sem fer með málefni sveitarfélaga. Að höfðu samráði við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið gaf innviðaráðuneytið svo út álit sitt og leiðbeiningar í júní 2021. Í þeim kemur fram sú efnislega afstaða að ákvæði laga um búfjárhald gangi framar ákvæðum laga um afréttarmál, fjallskil o.fl. Það feli í sér annan skilning, að landeigandi þurfi að friðlýsa svæði til að geta farið fram á það við sveitarstjórn að ágangsfé sé fjarlægt.

Landeigendurnir fóru með erindi sitt til umboðsmanns Alþingis sem hefur nú tekið efnislega afstöðu til þess.


Í því segir hann ljóst að lög um afréttarmálefni (nr. 6/1986) mæli fyrir um verndarrétt umráðamanns lands. Lögin fjalla um þau úrræði sem umráðamanni lands er tiltæk í krafti eignarréttar við þær aðstæður að hann verður fyrir ágangi búfjár. Þau séu í samræmi við stjórnarskrárverndaða friðhelgi eignarréttarins og styðjist við þau aldagömlu grunnreglu að bjúfjáreigendum sé óheimilt að beita fé sínu leyfislaust á annars manns land.

„Hafi ætlunin verið að gera breytingu á þessari réttarstöðu umráðamanns lands með yngri lögum, s.s. með þeirri takmörkun á eignarrétti hans að hann verði að þola ágang búfjár annarra á eign sína eða njóti ekki fyrrgreinds verndarréttar sem mælt er fyrir um í lögum nr. 6/1986, verður að gera kröfu um að það verði skýrlega ráðið af orðalagi og efni þeirra lagaákvæða sem til álita koma," segir í álitinu.

Álit umboðsmanns sé að varhugavert sé að skýra tilteknar greinar nýrra laga (nr. 38/2013) á þá leið að vilji löggjafans hafi staðið til þess að kollvarpa aldagömlu réttarástandi og takmarka eignarrétt umráðamanns lands m.t.t. ágangs búfjár.

„Án tillits til fyrrgreindrar niðurstöðu tel ég að atvik máls þessa, svo og breyttir samfélagshættir og landnýting á undanförnum áratugum, gefi tilefni til þess að hugað verði að endurskoðun þeirra réttarreglna sem fjallað er um í áliti þessu með það fyrir augum að réttarstaða allra hlutaðeigandi verði skýrð."

Umboðsmaður hefur því mælst til þess að innviðaráðuneytið taki leiðbeiningar, sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið veitti vegna fyrrnefnds máls, í heild sinni til endurskoðunar þar sem þær samrýmast ekki lögum. /ghp



Reglur um viðbrögð við riðuveiki enn í vinnslu í ráðuneytinu:

Lóga þarf gripum með verndandi arfgerðir ef riða kemur upp

Matvælaráðuneytið hefur samþykkt beiðni Matvælastofnunar um heimild til að nýta sér undanþágu í lögum um dýrasjúkdóma og gefa út leyfi fyrir sölu á líflömbum og kynbótagripum með mögulegar verndandi arfgerðir gegn riðusmiti yfir sauðfjárveikivarnarlínur. Reglum um viðbrögð við riðu hefur hins vegar ekki verið breytt, þannig að ef kemur riða í hjörðum þarf að skera alla gripina niður – hvort heldur þeir eru með mögulega verndandi arfgerðir eða ekki.

Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir var fyrir rúmum tveimur árum fengin til að ráðast í endurskoðun á reglum sem varða viðbrögð við riðuveiki, fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, eftir stórtækan niðurskurð í kjölfar nokkurra riðutilfella. Hún skilaði sínum tillögum að nýjum reglum í desember 2021, sem fóru síðan í lokað umsagnarferli. Hjá matvælaráðuneytinu er nú unnið að því að móta nýjar reglur eftir yfirferð á umsögnum.

Umfangsmikil vinna við breytingar á lögum

Í svari ráðuneytisins við fyrirspurn um stöðu mála, kemur fram að tillögur yfirdýralæknis hafi falið í sér umtalsverðar breytingar á því regluverki sem snýr að riðuvörnum. „Við skoðun kom í ljós að þær breytingar taka einnig til ýmissa þátta sem varða skipulag almenns dýraheilbrigðis. Í ljósi þessa hefur sú ákvörðun verið tekin að fara í tímabæra heildarendurskoðun á þeim lagabálkum sem snúa að dýraheilbrigði. Sú vinna er umfangsmikil, og liggur því ekki ljóst fyrir á þessari stundu hvenær henni lýkur", segir í svarinu úr ráðuneytinu.

Á meðan unnið er að nýju regluverki í ráðuneytinu dreifast hinir verðmætu gripir með verndandi arfgerðir um landið – einkum þó á þau svæði þar sem mestar líkur eru að upp komi riðusmit. Það eru forgangssvæði, samkvæmt skilgreiningu Matvælastofnunar, varðandi kaup á þessum gripum. Vitað er um 128 gripi með annaðhvort ARR- eða T137-arfgerð.

Í öðrum Evrópulöndum er leitast við að vernda gripi með verndandi arfgerðir. Víða hafa gilt þær reglur að þegar upp kemur riða eru arfgerðir gripanna í hjörðinni strax yfirfarnar, til að meta líkur á smiti. Algengt er að kindum með ARR-arfgerð sé hlíft en aðrar aflífaðar. /smh

– Sjá nánar í fréttaskýringu á blaðsíðum 42-43.



Skógarafurðir ehf. hafa náð samningum við danskan heildsala um útflutning á þeirra afurðum. Hér má sjá íslenskt lerki sem er klárt fyrir erlendan markað. Mynd / Aðsend

Innlend framleiðsla:

Útflutningur á timbri innan seilingar

– Góð samkeppnisstaða íslenskrar viðarframleiðslu

Erlendir aðilar eru farnir að leita til íslenskra fyrirtækja sem framleiða timburafurðir.

Mikil pressa er á Evrópumarkaði og verðhækkanir það miklar að innlendir aðilar geta farið í útflutning á íslenskri framleiðslu og ná betur að keppa við innfluttar afurðir á innanlandsmarkaði. Um er að ræða annars vegar eldiviðarkubba úr timbri ræktuðu í Fljótsdal og hins vegar endurunnið timbur í formi spónaköggla frá Reyðarfirði og Hafnarfirði.

Verðhækkanir erlendis skapa tækifæri

Verð og framboð á timburafurðum í Evrópu hefur hækkað gífurlega á undanförnum misserum. Verðhækkanirnar byrjuðu í heimsfaraldrinum þegar fjöldi fólks fór í framkvæmdir á heimilum sínum. Þegar lokað var á viðskipti við stærstu útflutningsaðilana á Evrópumarkaði, Rússland og Hvíta-Rússland, varð enn meiri hækkun.

Nú síðast hefur gasskortur keyrt verðið í hæstu hæðir þar sem Evrópubúar nýta timbur í auknum mæli til kyndingar. Út af þessum gífurlegu hækkunum geta íslenskir aðilar keppt við erlenda, þrátt fyrir langar flutningsleiðir.

Íslensk framleiðsla frá grunni

Bjarki Jónsson hjá Skógarafurðum ehf. í Fljótsdal segir fyrirtækið sitt vera komið í samband við danskan heildsala sem vill kaupa af þeim allt að 400 rúmmetra af eldiviði í vetur. Allt er þetta lerki sem fjórir til sex starfsmenn fyrirtækisins framleiða frá grunni. Varan er klofin, þurrkuð og sett í stórsekki sem rúma einn rúmmetra hver, eða 300–360 kílógrömm. Fyrsta sendingin er áætluð með Smyril Line frá Seyðisfirði til Danmerkur í næsta mánuði.

„Við erum að pína okkur svolítið niður í verði til að geta þetta, en þetta eru heilu flutningavagnarnir sem fara í einni lotu," segir Bjarki. Þrátt fyrri að íslenskir neytendur borgi hærra verð fyrir sömu vöru, þá sé þetta svo mikið magn sem fer í einu að viðskiptin borga sig.

Samkvæmt Bjarka hefur eldiviðarverð í Danmörku fimmfaldast frá upphafi stríðsins og allt stefnir í frekari hækkanir. Undirbúningur er hafinn að því að setja upp sérstaka vél sem meðhöndlar afskurði frá þeirra helstu starfsemi, sem er framleiðsla á utanhússklæðningum, innanhússpanel og gólfefnum. Þar með gætu þeir búið til annars flokks eldivið sem væri hægt að selja á enn lægra verði.

Endurvinnsla á timbri

Einar Birgir Kristjánsson hjá Tandrabrettum á Eskifirði, sem framleiðir undir vörumerkinu Ilmur, segist hafa orðið var við þrýsting erlendis frá. Fyrirtækið hans hefur lagt áherslu á framleiðslu spónaköggla úr endurunnu timbri og grisjunarviði. Um þessar mundir liggur framleiðslan hjá þeim niðri þar sem verið er að stækka verksmiðjuna. Hann vill því ekki fullyrða neitt um stöðu mála fyrr en framleiðslan fer aftur í gang, en áhuginn erlendis frá á spónakögglum til orkuframleiðslu er sannarlega til staðar.

Þorvaldur Gíslason hjá Furu í Hafnarfirði segir að salan hjá þeim á spæni og spónakögglum hafi aukist um leið og stríðið hófst í Úkraínu og markaður með rússneskt timbur lokaðist. Þar á bæ er stunduð endurvinnsla á vörubrettum og er afurðin undirburður sem hestamenn og bændur nýta sér. Nú þegar orkukreppa ríður yfir Evrópu hafa komið fyrirspurnir frá Danmörku þar sem áhugi er á að kaupa spónakögglana sem eldivið. Enn sem komið er vill Þorvaldur einblína á að sinna innlendum markaði, enda hefur salan aukist umtalsvert eftir að innfluttur undirburður hækkaði í verði. /ÁL

Þjónusta alla leið heim á hlað



N1 Vefverslun
Skoðaðu úrvalið og skráðu þitt fyrirtæki







Dunlop Field Pro stígvél

Létt og þægileg stígvél með nýju sniði. Sólinn er með frábæru gripi. Þola allt að -20°C kulda.



Dimex kuldagalli með belti

Vatnshelt efni á öxlum, hettu, rennilásum og neðst á skálmum. Einnig á framstykki og á bakhlið frá læri að mitti. Stórir brjóst- og hliðarvasar, símavasi og innri vasi með rennilás.



Öryggisvesti

Öryggisvesti HI-VIS með rennilás. Vottað samkvæmt sýnileikastaðli.



Mobilfluid 428 - 20 l

Mobilfluid 428 er drif- og vökvakerfisolía fyrir traktora og vinnuvélar. Hágæða fjölnota smurefni sem uppfyllir hæstu kröfur og hámarkar afköst.



H80 Olíu- og fituhreinsir í vatnslausn - 20 l

Hentar vel á verkstæðum og í vélarrúmum við þrif á gólfum og öðrum yfirborðum. Efnið lyktar minna og er minna ertandi fyrir notendur en mörg önnur sterk hreinsiefni.



BKT Ridemax IT-697

BKT Ridemax IT 697 er traktors-/iðnaðardekk ætlað fyrir fjölbreyttar aðstæður. Skornir kubbar gefa því frábært grip í snjó og ís. Mikill burður er í dekkinu og nýtist það því bæði fyrir traktora og vagna.

Verslanir N1 um land allt

Akureyri S. 440 1420 • **Blönduós** S. 440 1339 • **Húsavík** S. 440 1448
Höfn S. 478 1940 • **Ísafjörður** S. 456 3574 • **Klettagarðar** S. 440 1330
Ólafsvík S. 436 1581 • **Patreksfjörður** S. 456 1245 • **Reyðarfjörður** S. 474 1293
Reykjanesbær S. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** S. 481 1127

440 1000 **n1.is**

N1 ALLA LEIÐ

ENNEMM / SÍA / NM-012804

FRÉTTIR

Málþingið Græn framtíð á degi landbúnaðar:

Fæðuöryggi, orkuskipti og aðfangamál

Málþingið Græn framtíð var haldin á Hilton Reykjavik Nordica, föstudaginn 14. október frá kl. 10–12. Það voru Bændasamtök Íslands sem blésu til málþingsins, sem markaði upphafið á degi landbúnaðarins. Síðar um daginn var landbúnaðarsýningin Íslenskur landbúnaður sett í Laugardalshöll, sem stóð yfir alla helgina.

Húsfyllir var á málþinginu, sem helgað var framtíð íslensks landbúnaðar og umhverfismálum tengdum landbúnaði.

Fyrirlesarar voru Ingólfur Friðriksson, úr utanríkisráðuneytinu, sem ræddi um ytri vídd fæðuöryggis, Rúnar Þór Þórarinsson, yfirmaður sjálfbærni og nýsköpunar Landeldi, sem talaði um fiskeldisúrgang sem öflugan áburð, Eygló Björk Ólafsdóttir, bóndi í Vallanesi, fjallaði um matvælaframleiðslu í skjóli skóga og lífræna ræktun, Karvel L. Karvelsson, framkvæmdastjóri Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, gerði grein fyrir hvernig upplýsingar koma að notum í baráttunni við loftslagsmál, og Sigurður Ingi Friðleifsson, sviðsstjóri loftslagsbreytinga, orkuskipta og nýsköpunar Orkustofnunar, sagði frá orkunni sem býr í sveitinni.

Í lokin ávarpaði Guðlaugur Þór Þórðarson, ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsmála, gesti málþingsins.



Fjölmenni var í fundarsal Hilton Reykjavik Nordica, föstudaginn 14. október. Myndir / smh



Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, setur málþingið og þar með formlega dagskrá á degi landbúnaðarins.

Líflegar pallborðsumræður

Í pallborðsumræðum á eftir fyrirlestrunum tóku þátt þau Guðlaugur Þór, Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, Helgi E. Þorvaldsson, formaður starfshóps um kornrækt, Hlédís Sveinsdóttir, meðhöfundur skýrslunnar Ræktun Íslands, Svanhildur Hólm, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, og Erna Björnsdóttir, fagstjóri matvæla og náttúruafurða hjá Íslandsstofu. Sköpuðust þar líflegar umræður um margvísleg málefni landbúnaðarins í fortíð, nútíð og framtíð. Í umræðum um fæðuöryggi vakti Helgi E. Þorvaldsson athygli á þeirri staðreynd að engar plöntukynbætur væru stundaðar á Íslandi í dag.

Hann skýrði þá stöðu í því sögulega ljósi að þegar áföll dundu á þjóðinni, pestir, plágur og náttúruhamfarir, hafi áhersla verið lögð á kvikfjárrækt til að hámarka nýtingu á starfsfólki. Enda varð gjarnan veruleg fækkun mannfjölda á Íslandi í slíkum hamförum. Þá varð það hlutskipti til dæmis kornræktar að vera lögð til hliðar. Kerfið hafi síðan að vissu leyti verið byggt á þessari forsögu.

Helgi sagði einnig að sagan hafi líka sýnt okkur að hægt væri að rækta korn á Íslandi með góðum árangri – til þess að það geti orðið þurfi hins vegar að byggja upp innviði til kornræktar.



Líflegar pallborðsumræður sköpuðust, en þeim stjórnaði Guðmundur Gunnarsson, fréttastjóri Markaðarins.

Bændur fá ekki nægilega mikið greitt

Guðlaugur Þór sagði að íslenskir bændur geti borið höfuðið hátt. Það væri í raun bara eitt atriði í ólagi í íslenskum landbúnaði; bændur fengju ekki nægilega mikið greitt fyrir sínar vörur. Íslenskur landbúnaður gæti bara keppt við aðrar vörur í gæðum, ekki verðlagi. Bændur væru harðduglegt fólk sem fengi alls ekki það sem þeir ættu að bera úr býtum.

Helgi tók undir með Guðlaugi Þór og benti á að afkomuskilyrði bænda væru víða orðin mjög slæm, hann heyri það á bændum að ástandið hafi sjaldan eða aldrei verið þyngra. Það hafi einmitt verið eitt aðalmálið í fæðuöryggisskýrslunni sem gefin var út í byrjun síðasta árs, að tryggja afkomu bænda.

Hann sagði einnig að eitt brýnasta málið við endurskoðun rammasamnings búvörusamninga á næsta ári eigi að vera að sækja meira fjármagn til verkefna eins og plöntukynbóta, þannig að ekki þurfi að vera að bítast um það fjármagn sem stjórnvöld leggja þegar til landbúnaðarins.

Góð ímynd landbúnaðarins

Erna ræddi um hina góðu ímyndarstöðu sem íslensk landbúnaðarframleiðsla byggi við. Eitt af hlutverkum Íslandsstofu væri að aðstoða erlenda fjárfesta sem vilja koma til Íslands.

Reynsla þeirra af samskiptum við fjárfesta væri sú að þeir séu mjög meðvitaðir bæði um hagstætt orkuverð á Íslandi, en einnig ímynd hinnar vistvænu orku.

Góð tækifæri séu því til staðar fyrir Íslendinga að nýta sér þessa stöðu, með því annaðhvort að sækja fjárfesta til landsins eða fleiri neytendur erlendis frá.

Upptökur frá málþinginu eru aðgengilegar í gegnum Facebook-síðu Bændasamtaka Íslands.

/smh

Orkuskipti sem möguleiki okkar til aðfangaöryggis

Ingólfur Friðriksson, frá utanríkisráðuneytinu, ræddi um það í sínu erindi hvaða möguleika Íslendingar hefðu sjálfir til að bæta aðfangaöryggi sitt – sem væri eitt af lykilatriðunum í átt að fæðuöryggi.

Hann bendir á að með orkuskiptum, frá jarðefnaeldsneyti yfir í vistvænt eldsneyti, megi taka stórt skref í þá átt. Einungis eitt til tvö prósent af núverandi innlendri raforkuframleiðslu þyrfti til að standa straum af allri áburðarnotkun í landinu.

Hann sagði að mikil vinna hefði farið í það á undanförnum árum að safna upplýsingum um fæðuöryggismál á Íslandi. Fyrst í gegnum vinnu við mótun matvælastefnu fyrir Ísland til 2030 og svo við gerð fæðuöryggisskýrslu sem skilað var til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins í febrúar á síðasta ári – auk þess sem skýrsla var gefin út nýlega um birgðahald.



Ingólfur Friðriksson, úr utanríkisráðuneytinu, ræddi um ytri vídd fæðuöryggis á málþinginu.

Ytri og innri ógnir

Hann benti á að bæði væru ytri ógnir og innri sem ógnuðu íslensku fæðuöryggi, náttúruhamfarir, efnahagsáföll, stríð og þess háttar áhrifavaldar. Innri ógnirnar fælust einnig í innlendri matvælaframleiðslu og nefndi Ingólfur í því sambandi fjóra áherslupunkta úr fæðuöryggisskýrslunni, fjórar forsendur þess að fæðuöryggi geti hér verið tryggt. Að auðlindir til framleiðslunnar séu til staðar, einnig þekking og tæki til framleiðslu, auk þess sem aðgengi að aðföngum sé tryggt og birgðir nægar af nauðsynlegum fæðutegundum.

Sagði hann að ljóst væri að þarna birtist nokkuð sterk undirliggjandi innflutningsþörf, til að styðja við þessar fjórar forsendur. Birgðir væru ónógar á Íslandi af ýmsum aðföngum – sem væri ein af helstu áskorunum innlendrar framleiðslu. Nefndi hann sérstaklega eldsneyti



Sigurður Ingi Friðleifsson, frá Orkustofnun, fjallaði eins og Ingólfur um orku- og fæðuöryggi.

á skip og vélar, áburð og fóður til fiskeldis og landbúnaðar. Aðrir mikilvægir þættir væru baggaplast, vélar og tæki. Innfluttir aðfangaliðir ættu það sumir hverjir sameiginlegt að vera upprunnir úr jarðefnaeldsneyti.

Vék Ingólfur því næst tali að þeim úrræðum sem Íslendingar hafa í hendi sér til að lagfæra þessa stöðu. Sérstaklega tiltók hann orkuskipti sem möguleika okkar til betra aðfangaöryggis. Í stað jarðefnaeldsneytis verði skipt yfir í vistvænt eldsneyti – vetni, ammoníak, rafeldsneyti og rafmagn – að í stað innflutts tilbúins áburðar gætu að einhverju leyti komið grænir orkugjafar til framleiðslu á ammoníaki auk þess sem hægt væri að nota græna orku til ræktunar.

Eitt til tvö prósent raforkunnar dugi til áburðarframleiðslunnar

Ingólfur telur að einungis þurfi eitt til tvö prósent af núverandi innlendri raforkuframleiðslu til að standa undir allri áburðarframleiðslu sem þörf sé fyrir á Íslandi – og að jafnvel gætu skapast tækifæri til útflutnings á áburði. Slíkur útflutningur gæti orðið Íslendingum mjög mikilvægur liður í átt að fæðuöryggi þar sem styrkari stoðum væri með því skotið undir okkar eigin framleiðsluþætti.

Tækifæri væru einnig í nýsköpun við framleiðslu á fóðri og plasti, dæmi væru um það nú þegar í fiskeldi og spurning hvort hægt væri að nýta sér þau fordæmi að einhverju leyti við þróun á fóðri fyrir landbúnaðinn. */smh*

KJARNAGLUGGAR

GLUGGI Í GLUGGA

- TILVALIÐ VIÐ ENDURNÝJUN GLUGGA
- ENDINGAGÓÐIR PLASTGLUGGAR



Kjarnagluggar ehf. | Roðamói 9 | 626 1011
sala@kjarnagluggar.is | www.kjarnagluggar.is

2023

can-am®



BRP

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is / brp@ellingsen.is

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári.
Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (24. tölublöð) kostar þá kr. 12.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi).
Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 8.000 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Borgartúni 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Kt:** 631294–2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 563 0303
Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Gróskan

Hægt er að slá því nokkuð föstu að gífurlegur meðbyr sé með íslenskum landbúnaði.

Það sást bersýnilega á pakkfullum sal málþingsins *Græn framtíð* á degi landbúnaðarins föstudaginn 14. október. Þar tóku til máls málsmetandi einstaklingar með fjölbreytta og spennandi sýn á framtíð atvinnugreinarinnar. Ingólfur Friðriksson frá utanríkisráðuneytinu gerði aðfangaöryggi að umfjöllunarefni sínu. Hann telur að einungis þurfi eitt til tvö prósent af núverandi innlendri raforkuframleiðslu til að standa undir allri áburðarframleiðslu sem þörf sé fyrir á Íslandi – og að jafnvel gætu skapast tækifæri til útflutnings á áburði. Rúnar Þór Þórarinsson frá Landeldi sagði frá tækifærum við nýtingu lífræns úrgangs frá landeldi laxa sem er í örum vexti. Eygló Björk Ólafsdóttir bóndi fjallaði um samspil skógræktar og lífrænnar ræktunar. Karvel Karvelsson hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins benti á að stígandi framför í landbúnaði kæmu ekki að sjálfu sér, gagnaöflun og úrvinnsla upplýsinga væri þar meginþáttur og það sé að endurspeglast í augljósum vexti í framleiðni og árangri í umhverfismálum. Sigurður Ingi Friðleifsson hjá Orkustofnun gerði orkuskipti að umfjöllunarefni. Hann benti réttilega á að landið myndi lamast á mánuði án olíuinnflutnings. Við getum varla talað um einhverja undirstöðuframleiðslu, hvað þá afleiddar atvinnugreinar, nema hafa til þess grunnorku.

Í pallborðsumræðum í kjölfar erinda var ýmislegt sem brann á þeim sem á sviðinu sátu; að íslenskir neytendur ættu að hafa sjálfsagðan rétt á að drekka ógerilsneydda mjólk, að íþyngjandi regluverk væri hamlandi fyrir atvinnugreinina, að við værum ekki að nýta okkur gæðastimpil landbúnaðarframleiðslu nógu vel og að það væri í raun fáránlegt að ekki væru stundaðar plöntukynbætur á Íslandi.

Tugþúsundir mættu á stórsýninguna *Íslenskur landbúnaður 2022* sem haldin var í Laugardalshöll í kjölfar málþingsins, helgina 14.–16. október. Þar voru kynntar vörur og þjónusta bænda, fyrirtækja og stofnana sem öll eiga það sameiginlegt að vinna að uppgangi landbúnaðar á einn eða annan hátt.

Starfsmenn Bændablaðsins voru á vappi á sýningunni. Þeir voru hluti af bás Bændasamtaka Íslands, sem hafði til sýnis fjölbreytta landbúnaðarframleiðslu. Þar var fólk sem vinnur í þágu íslensks landbúnaðar og ræddu við gesti um hagsmunamál starfsstéttarinnar. Ef marka má þá jákvæðni sem okkur mætti, er engum blöðum um það að fletta að hjarta þjóðarinnar slær með íslenskum landbúnaði.

Það er auðvelt að vera nautnaseggur á Íslandi. Á meðan ég pára þennan pistil gæði ég mér á bláberjagrafinni léttreyktri ærlund, sýrðu rótargrænmeti, spírukonfekti og bragðsterkum geitaosti, dýfi honum létt í birkisíróp og dreypi á mjólkurlíkjöri með því, allt matvörur sem kynntar voru fyrir mér á stórsýningunni. Hvílík endemis dýrð úr nægtarbrunni íslenskrar landbúnaðarframleiðslu.

Hversu heppin erum við? Að geta gengið að gæðavörum úr heilnæmum hráefnum, framleiddum af hugviti úr íslenskri náttúru og umhverfi, sem við erum að leggja okkur fram við að verja eftir bestu getu. Að baki liggur hagsmunabarátta forvera okkar, ofsalegur vilji, hugsjón og vinnusemi.

Nú er það okkar að vinna markvisst að áframhaldandi þróun og halda þessari grósku áfram.

/ghp

Áfram veginn

Gunnar Þorgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



Í upphafi vil ég nota tækifærið og þakka þeim sem sóttu Landbúnaðarsýninguna í Laugardalshöllinni um helgina og litu við á bás Bændasamtaka Íslands á sýningunni.

Það var okkur mikil ánægja að geta tekið samtalið um landbúnað í hinni víðustu mynd, bæði við bændur, frumframleiðendur og neytendur. Fjölmargir sýndu þessari frábæru sýningu áhuga og miðað við mannfjöldann um helgina má ætla að sýningin hafi slegið fyrri aðsóknarmet.

Ég vil því nota tækifærið og koma á framfæri þökkum til starfsfólks Bændasamtakanna fyrir frábæran undirbúning og vinnu við sýninguna og einnig fyrir skipulag og utanumhald á fyrsta degi landbúnaðarins sem haldinn var á föstudagsmorgun fyrir opnun sýningarinnar. Einnig vil ég koma á framfæri þökkum til þeirra fyrirtækja sem styrktu okkur með afurðum og veitingum sem voru hluti af kynningarbás okkar á sýningunni og áttu þátt í að skapa rækilega stemningu í kringum afurðir bænda. Það er ljóst að það er mikill meðbyr með íslenskum landbúnaði sem er okkur bændum hvatning til áframhaldandi góðra verka.

Af seyru og skítalykt

Dagur landbúnaðarins, málþing Bændasamtakanna, undir yfirskriftinni *Græn framtíð*, fór fram fyrir fullu húsi á Hótel Nordica sl. föstudag í aðdraganda Landbúnaðarsýningar. Á málþinginu var fjallað um áskoranir og framtíðarverkefni í landbúnaði á Íslandi og óhætt að segja að



mikill áhugi hafi verið fyrir viðburðinum. Erindin á málþinginu voru afar áhugaverð þar sem Ingólfur Friðriksson, staðgengill skrifstofustjóra hjá utanríkisráðuneytinu fjallaði um Ytri vídd fæðuöryggis, Rúnar Þór Þórarinsson hjá Landeldi kynnti Visthæfingu landeldis, úr fiskeldisúrgangi í öflugan áburð, Eygló Björk Ólafsdóttir fræddi gesti um starfsemina í Vallanesi og möguleika á matvælaframleiðslu í skjóli skóga, Karvel L. Karvelsson hjá RML, sýndi fram á nauðsyn gagnasöfnunar og upplýsinga í landbúnaði og hvernig þær geta komið að notum í baráttunni við loftslagsmál og Sigurður Ingi Friðleifsson hjá Orkustofnun hélt erindi um Fæðuöryggi og orkuöryggi, sem nauðsynlegt er að tala um samhliða og í sömu andrá, því það sé til lítils að ræða fæðuöryggið ef ekki væri fyrir orkuöryggið.

Einnig þarf að horfa til þess hvernig landbúnaður getur þróast til framtíðar í skipulagslegu tilliti þar sem ýmis atriði í núverandi löggjöf stangast á við þá þróun. Hvernig eiga framleiðendur landbúnaðarvara að auka framleiðslu sína ef skilgreining á skipulagi er þannig að ef um ræktun kjúklinga eða svína er að ræða þurfi að tryggja allt að 600 metra fjarlægð að næstu íbúðabyggð? Eru ef til vill aðrar lausnir líkt og úti í hinum stóra heimi? Ég fæ ekki séð að 600 metrar í Danmörku eða Hollandi geti gengið þar sem land er af skornum skammti. Við verðum að skilgreina þessa starfsemi með öðrum hætti en gert er í dag ef við ætlum að ná því göfuga markmiði að vera sjálfbær með stóran hluta matvæla til að geta staðið undir fæðusjálfstæði þjóðarinnar. Má ekki vera keimur af landbúnaði í andrúmsloftinu í okkar nánasta umhverfi?

Fyrirheitin

Þá er umtalsvert rætt um þörfina á því að efla og auka kornrækt hér á landi. Það er verðugt verkefni sem bændur eru reiðubúnir að takast á við, en það endurspeglast þó ekki í því fjárlagafrumvarpi sem liggur fyrir Alþingi í dag. Bændasamtökin hafa lengi talað fyrir daufum eyrum almennings og stjórnvalda um mikilvægi matvæla- og landbúnaðarframleiðslu á Íslandi.

En síðustu misseri hefur orðið breyting á. Einum manni frá einni þjóð sem tók eina gerræðislega ákvörðun hefur tekist að setja heimsálfuna á hliðina. Í alþjóðlegu samhengi fer fæðuöryggi og sjálfstæði þjóðarinnar algjörlega saman. Þess vegna þurfa stjórnvöld að gefa þessi fyrirheit um framtíðina og samþykkja fjárlög og landbúnaðarstefnu sem taki til framtíðarinnar. Það er beinlínis þjóðhagslega mikilvægt verk.

GAMLA MYNDIN



Heyfengur á Skógarsandi 1955. Algengt var að ýta þurrheyi í sátur til geymslu og breiða yfir þær striga til að ekki rigndi ofan í þær.
Mynd / Gunnar Rúnar

LÍF & STARF

Syðra-Langholt:

Heimsókn á hestabúgarð

Krakkarnir í 6.–7. bekk Waldorfsskólans Sólstöfum, þau Björn, Ilia, Ísak Björn, Indíana, Bjargmundur, Snorri, Ísabella, Fróði, Kolka, Hlynur, Víkingur, Valva, Bragi, Birgir, Náttúlfur, Bergrós, María og Emelía lögðu land undir fót á dögunum og fóru í þriggja daga hestaferðalag austur að Flúðum.

Þar tóku á móti þeim aðstandendur gistiheimilisins og hestabúgarðsins að Syðra-Langholti, og naut ungviðið sín af fullum krafti við útreiðar og annað brask í heilnæmu sveitaloftinu – undir vökulum augum Shabönu, kennara síns, Snorra skólastjóra og foreldra sem flutu með sem liðsauki. Lukkaðist ferðin vel og var skemmtileg tilbreyting í annars almennu skólastarfi. / *SP*

Myndir / Sigurður Grétar & Snorri





Elínbjört Edda Óskarsdóttir í Hruna og Katrín Katla Guðmannsdóttir í Langholtskoti.

Margrét Friðriksdóttir frá lðu heldur við forystugimbrina Geðprýði sem stýrði rollubingóinu.

Þrír fremstu sem halda í hvíta hrúta eru Atli Geir Scheving á Hrafnkelsstöðum, Hjálmar Gunnarsson í Miðfelli, Hermann Stefánsson frá Langholtskoti.

Hrútasýning Hrunamanna:

Rífandi stemning

Fjölmenni sótti vel heppnaða hrútasýningu sem Sauðfjárræktarfélag Hrunamanna hélt laugardaginn 15. október síðastliðinn í Reiðhöllinni á Flúðum. Ekki var aðeins margt um manninn heldur var líka mikið af fallegu fé.

Alls komu kindur frá tólf bæjum í sveitinni og gat þar að líta lambhrúta af ýmsum litum og gerðum og lambgimbrar sömuleiðis og margar mjög litskrúðugar. Einnig mátti sjá forystufé. Það kom einmitt í hlut forystugimbrarinnar Geðprýði að útnefna sigurvegara í rollubingóinu en þar var afgirtu hólfi skipt í 36 reiti og viðstaddir biðu í ofvæni eftir því að Geðprýði gerði stykkin sín í réttu reitina.

Dómarar og helstu úrslit

Sérlegir dómarar hrútasýningarinnar voru Sigurfinnur Bjarkarson frá Tóftum og Jökull Helgason á Ósabakka. Þeir sýndu mikla færni í störfum sínum og útskýrðu dómana fyrir viðstöddum.

Í flokki mislitra lambhrúta varð efstur grár hrútur, undan Brekasyn, frá Skipholti 3, í öðru sæti varð Hnokkasonur frá Þverspyrnu og í því þriðja varð mórauður hrútur frá Hruna undan Gretti. Í hópi veturgamalla hrúta varð í fyrsta sæti hrútur frá Langholtskoti undan Heimakletti, í öðru sæti hrútur undan heimahrúti í Hruna og í því þriðja Heimaklettssonur frá Þverspyrnu. Í fyrsta sæti í flokknum best gerða gimbrin varð gimbur frá Hrepphólum sem er undan Amorssyni. Í öðru sæti gimbur frá Hruna undan Viðari sæðingarstöðvarhrúti og í því þriðja gimbur frá Grafarbakka undan heimahrúti.

Um fjörutíu hrútar komu til álita í flokki hvítra lambhrúta en þar varð efstur, eftir mikið þukl og vangaveltur hjá dómurum, hrútur frá Hruna sem er undan heimahrúti, í öðru sæti varð kollóttur hrútur frá Magnúsi og Alinu á Kópsvatni sem er ættaður frá Broddanesi á Ströndum og í því þriðja hrútur frá Haukholtum undan Viðari.

Þukl og skrautlegasta gimbrin

Gestum hrútasýningarinnar boðið að þukla fjóra lambhrúta og raða þeim upp eftir gerð. Góð þátttaka var í þuklinu og svo fór að Björgvin Ólafsson frá Hrepphólum og Ragnar Lúðvík Jónsson, tengdasonur á Högnastöðum, fóru með sigur af hólmi. Einnig kom til kasta allra viðstaddra á sýningunni að kjósa skrautlegustu gimbrina en þar komu margar fallegar til álita. Þegar búið var að telja upp úr kössunum stóð efst móflekkótti bingóstjórinn, Geðprýði, frá Hrafnkelsstöðum.

Það kom í hlut íhaldsmanns síðustu hrútasýningar, Unnsteins Hermannssonar í Langholtskoti, að útnefna arftaka sinn. Hann valdi Óskar Snorra Óskarsson, frá Hruna, íhaldsmann sýningarinnar eftir elju og dugnað við að halda lömbum af öllum stærðum og gerðum undir dóm. /*ÓHÓ*

MÆLT AF MUNNI FRAM 307

Út skal hrinda úr óðar vör,
Yggjar lind að blanda.
Sælir vindar flýta för
fram til yndisstranda.

Tilvalið er að kynna efni þessa þáttar með hinni landsþekktu vísu **dr. Kristjáns Eldjárn** sem er tekin úr rímu sem Kristján orti um vin sinn og skólabróður, Unndór Jónsson. Enn verður nefnilega sótt efni á fjörur rímnaskáldsins **Jóns Ingvars Jónssonar** sem lést nýverið um aldur fram. Jón Ingvar var einkar frjór rímnasmiður. Við hefjum þáttinn með sýnishorni úr „Rímu af Karli konungsleysu“ sem ort var löngu fyrr en Karl varð svo konungur að Elísabetu móður sinni látinni:

Hann Kalli var ungur og átti met
í afglöpum miklum og stórum,
heillaðist mest af hórum.
En, alein í dyngju ákaft grét
Elísabet.

Hann fór í pils og heljar skart
og hélt svo til Skotlands grundar
hvar fljóð voru mörg til fundar.
En Hálandavindur hreðjar snart.
Hann var smart.

Þá sagði hún Beta: „heill mín, hæ,
ég hef þér nú konu fundið,
fagurt og sprækt er sprundið.
Henni mátt ekki henda á glæ,
heitir Dæ.“

Af tillitssemi við viðkvæma verður ekki birt frekar úr þessum annars fágæta rímnaflokki, svo næst lítum á fleiri limrur Jóns Ingvars þar sem frá var horfið í síðasta þætti. Mikið var rætt og rifist um þá ákvörðun Alþingis að standa með hinum „viljugu þjóðum“ og hefja innrás í Írak. Efni umræðunnar á þingi setti Jón í næstu tvær limrur:

Ég kynna mér efalaust ætti
íraska búskaparhætti
sagði höfðinginn slyngi
Halldór á þingi
í ágúst að afloknum slætti.

Ef Saddam hér kæmi af sænum
og sálaði eittþúsund hænum
þá dygði ei hefnd
sagði Dóri í nefnd
eitt vorkvöld í Vesturbænum.

Næstu tvær limrur Jóns Ingvars segja af Gretti og Glámi:

Hann Glámur sem oft yfir ám hékk
og aldrei að mönnum á tám gekk
varð öldungis bit
og ört skipti lit
er Grettir lá aleinn á glámbekk.

Í gröfinni dauður lá Glámur
og glaðbeittur sagði, en rámur:
“Það gleður mig að
ég get þó sagt það
að Grettir fékk heilmargar skrámur.”

Þegar ræðu Davíðs var lekið:

Þing vort með siðprúðum seggjum
vér sífellt til stórræða eggjum,
þó er mér samt téð
að einn sé þar með
lekanda' og læðist með veggjum.

Og svo lak meira frá Alþingi:

Að þing vort sé sé rammgert og þétt
veit þjóðin, sem eflaust er rétt,
en drullan, oss kunn,
er dæmalaust þunn,
og lekur því helvíti létt.

Hér er svo limra af störfum Alþingis:

Á Alþingi valda menn usla
og ólmir í forinni busla,
en oddviti stjórnar
sér ekki þar fórnar
því Davíð er gunga og drusla.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR



Ef tillögur frumvarpsins ná fram að ganga mun úrvinnslugjald á heyrúlluplasti hækka úr 30 í 82 kr./kg. Mynd / ghp

Hyggjast hækka gjöld á umbúðir og heyrúlluplast

Hækkun gjalda á umbúðir og heyrúlluplast, sem lagðar er til í frumvarpi fjármála- og efnahagsráðherra, gæti þýtt mörg hundruð þúsund króna hækkun framleiðslukostnaðar fyrir bændur og matvælaframleiðendur.

Í frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023 er m.a. gert ráð fyrir hækkun gjalda á umbúðir og heyrúlluplasti.

Lögð er til ný gjaldtaka á umbúðir úr málmi 25 kr./kg. og umbúðir gerðar úr viði 10 kr./kg. Auk þess sem lögð er til tvöföldun og hátt í þreföldun á úrvinnslugjaldi á umbúðir gerðar úr pappa og plasti. Þannig fer úrvinnslugjald á pappaumbúðir úr 22 kr./kg. í 42 kr./kg. og úrvinnslugjald á plastumbúðir fer úr 30 kr./kg. í 82 kr./kg.

Í umsögn sinni við frumvarpið bendir Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur Bændasamtaka Íslands, á að slík hækkun muni hafa umtalsverð áhrif á framleiðslukostnað innlendra matvælaframleiðenda.

Í frumvarpinu er enn fremur lagt til að úrvinnslugjald á heyrúlluplast hækki úr 30 kr./kg í 82 kr./kg en gegn því leggjast Bændasamtökin.

„Ólíklegt verður að telja að birgjar geti tekið slíka hækkun af framlegð vörunnar til að halda útsöluverði heyrúlluplasts til bænda óbreyttu. Færist öll hækkunin á útsöluverð má gera ráð fyrir að, sem dæmi, meðal kúabú þurfi að greiða á bilinu 150-200.000 kr. meira fyrir heyrúlluplast vegna fóðuröflunar á árinu 2023.“

Skjóti það skökku við þar sem ríkisstjórnin hafi á þessu ári brugðist við neyðarástandi í landbúnaði vegna hækkunar aðfanga í formi bæði áburðargreiðslna og spretthópsgreiðslna til bænda til að mæta auknum útgjöldum.

„Þá hefur ríkisstjórnin skýr markmið um að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar m.a. með öflugri innlendri landbúnaðarframleiðslu en slíkum markmiðum verður ekki náð með gjaldtöku á við þá sem hér er boðuð,“ segir í umsögn Bændasamtaka Íslands. */ghp*

Olíuverslun hefur aukist

Samkvæmt virðisaukaskattskýrslum hefur velta aukist í flestum atvinnugreinum undanfarið ár, frá júlí til ágúst 2021 til sömu mánaða 2022.

Í sumum atvinnugreinum var aukningin þó minni en hækkun verðlags en vísitala neysluverðs hækkaði um 10% á þessu tímabili.

Velta jókst um 84% í olíuverslun. Samkvæmt verslunarskýrslum var svipað magn eldsneytis flutt inn í júlí til ágúst 2021 og sömu mánuði 2022 en einingarverð hækkaði mikið á milli ára. Sömuleiðis má skýra 46% aukningu veltu í framleiðslu málma með verðhækkunum þar



sem svipað magn var flutt út en einingarverð hækkaði. Aukningu veltu í byggingarstarfsemi um 34% má að einhverju leyti skýra með auknum umsvifum. Þannig fengu 10% fleiri einstaklingar laun í þessari atvinnugrein í júlí til ágúst 2022 en á sama tímabili ári fyrr. */VH*



Heimildamynd í vinnslu um riðuveiki í sauðfé

– Loksins komin jákvæð teikn um að hægt verði að útrýma veikinni

Sem kunnugt er, þá er nú í fullum gangi verkefni sem gengur út á að finna verndandi arfgerðir í sauðfé sem ver það gegn riðusmiti – og rækta síðan upp stofna um allt land sem verða ónæmir gegn þessum vágesti í íslenskri sauðfjárrækt.

Verkefnið hefur vakið mikla athygli og nú hafa kvikmyndagerðarmennirnir Guðbergur Davíðsson og Konráð Gylfason ráðist í gerð heimildamyndar um riðuveiki í sauðfé og þetta merka verkefni.

Að sögn Guðbergs kviknaði hugmyndin að þessari heimildamyndagerð þegar tíðindi bárust frá Þernunesi í Reyðarfirði, að þar hefði fundist hrúturinn Gimsteinn með verndandi gen gegn riðuveiki. Hann hafi áður fylgst með fréttum af stórfelldum niðurskurði á nokkrum bæjum í Skagafirði í byrjun árs 2020 og svo einnig á síðasta ári.

Valdið mörgum fjölskyldum miklum harmi

„Við hugsuðum með okkur þegar fréttirnar af Gimsteini bárust, að þetta væri gott efni í heimildamynd. Nú væru loksins komin jákvæð teikn um að hægt væri að útrýma veikinni fyrir fullt og allt og hætta niðurskurði sem hefur valdið mörgum fjölskyldum miklum harmi. Þetta yrði sem sagt söguleg mynd með jákvæðum endi þar sem saga riðuveiki og baráttunnar við hana yrðu gerð skil í bland við persónulegar sögur nokkurra bænda af niðurskurði og afleiðingum hans, bæði á búrekstur og fjölskyldulíf,“ segir Guðbergur.

Að sögn Guðbergs er undirbúningur og handrit að mestu leyti klárt, en verkefnið bíður eftir svari frá Kvikmyndasjóði Íslands um fjármagn. RÚV hafi hins vegar keypt sýningarrétt ef tekst að framleiða myndina. „Plan B er til staðar, en er torsótt og þarf vonandi ekki að virkja,“ segir Guðbergur spurður um afdrif myndarinnar berist ekki styrkur úr Kvikmyndasjóði.

Stöðugur áhugi á málefnum sauðfjárbænda

„Áhuginn á málefnum sauðfjárbænda hafa fylgt mér alla tíð síðan ég var í sveit í mörg ár á sauðfjárbúi í Ísafjarðardjúpi en við félagarnir höfum ekki neina beina tengingu við fólk með bitra reynslu en hluttekningin er til staðar.

Við höfum tekið upp smávegis og meðal annars með hrútunum



Kvikmyndatökur hafa farið fram á Þernunesi nú í haust. Hér sést Eyþór Einarsson frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins við lambadóma á bænum, þegar gripir með hina verndandi arfgerð ARR voru metnir.



Konráð Gylfason stendur fjær en Guðbergur Davíðsson nær.

Steini og Gimsteini á Þernunesi og auk þess talað við fjölda manns um hugsanlega þátttöku. Það er mjög óljóst hvenær Kvikmyndasjóður svarar en ef hann færi núna eftir reglunum verður það ekki síðar en um miðjan nóvember,“ segir Guðbergur.

Knýjandi spurningar

Heimildamyndagerðin er samvinnuverkefni framleiðslufyrirtækjanna Ljósops og KAM film, en Guðbergur er í forsvari fyrir Ljósop og Konráð fyrir KAM film.

Lagt er upp með að myndin verði 60 mínútna löng og muni spanna sögu riðuveiki á Íslandi, hvernig hún komst til landsins, baráttan við hana og um hugsanlega lausn sem er í sjónmáli.

Þeir Guðbergur og Konráð segja að nálgunin verði að vissu leyti sú að setja sig í spor bónda sem fær fréttir af því að riðuveiki hafi fundist í fénu hans.

Sýna hvernig hann bregst við þeim nýju aðstæðum að þurfa að horfast í augu við það að kindurnar sem hann og fjölskyldan hefur verið vakin og sofin yfir verði felldar. Knýjandi spurningar vakni í kjölfarið eins og hvað verður svo í framhaldinu, hvað er til ráða – hvernig bregst kerfið við?

Þeir segja að kvikmyndagerðin muni felast í samtölum við bændur og fjölskyldur sem lent hafa í niðurskurði. Opinberum aðilum verður blandað saman við framvindu sögunnar um riðuveiki á Íslandi með myndrænni og lifandi framsetningu á þessu umdeilda efni, sem lifað hefur með þjóðinni í tæpa eina og hálfa öld. */smh*

Lítið atvinnuleysi á Suðurlandi

Atvinnuleysi á Suðurlandi er nú 1,7 % og minnkaði um 0,3% frá síðasta mánuði.

Um 300 manns eru í atvinnuleit á svæðinu sem nær frá Hornafirði í austri til Helliðsheiðarvirkjunar í suðri.

Skráð atvinnuleysi á landinu öllu er 2,8%, því má segja að atvinnuleysi á Suðurlandi sé með því lægsta á landinu öllu og er búið að ná sama jafnvægi og fyrir Covid.

„Það er eitthvað að berast inn af störfum frá fyrirtækjum á Suðurlandi en þó mættu vera fleiri skráningar. Þau störf sem eru að koma inn eru flest í ferðaþjónustu, framleiðslugreinum og þjónustu,“ segir Svava Júlía Jónsdóttir, forstöðumaður hjá Vinnumálastofnun á Suðurlandi.



Svava Júlía Jónsdóttir.

Flóttamönnum fjölgar á svæðinu

Svava Júlía segir að Vinnumálastofnun leitist ávallt við að skapa fjölbreytt atvinnutækifæri fyrir almenna atvinnuleitendur, atvinnuleitendur með skerta starfsgetu og flóttamenn.

Flóttamönnum hefur fjölgað talsvert á svæðinu og mun sú þróun halda áfram inn í haustið.

„Við erum við alltaf reiðubúin í samstarf við atvinnurekendur og hvetjum þá til að skrá inn starf hjá okkur í gegnum heimasíðuna okkar. Ávinningurinn er mikill á báða bóga.

Atvinnurekandi fær starfsmann, sem vill leggja sitt af mörkum og atvinnurekandinn sýnir samfélagslega ábyrgð, eykur fjölbreytileika í starfsmannahópnum og stuðlar að jákvæðari ímynd fyrirtækis,“ segir Svava Júlía.

/MHH

Hrein íslensk fæðubót **frá Eylíf**

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó

ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7000 kr eða meira



Einar Bárðarson

Finnst Active JOINTS frá Eylíf hafa gjörbreytt leiknum fyrir mig

„Ég, eins og aðrir sem komnir eru á minn aldur og stunda hreyfingu, var farinn að finna fyrir stirðleika í liðamótum og sting í hnjánum sem reynir oft mest á þegar klumpar eins og ég eru að reyna að skoppa. Svo varð mér til happs að ég sá auglýsingu þar sem mér eldri maður, en ágætis kunningi minn, hann Hartmann hjólari, talaði um hversu ánægður hann væri með bætiefnið **Active JOINTS** frá Eylíf. Í kjölfarið fór ég og keypti mér glas af **Active JOINTS** og hef eiginlega ekki sleppt úr degi, rúmlega hálfu ári síðar.“ Þetta segir Einar Bárðarson, framkvæmdastjóri Votlendissjóðsins og tónlistarmaður. „Ég fann eiginlega strax mun daginn eftir og keypti mér líka **Happier GUTS** frá Eylíf en bæði efnin hafa reynst mér mjög vel. Ég hef nú prófað eitt og annað í gegnum tíðina og konan mín myndi örugglega segja að henni fyndist fullmikið af nýopnuðum dósum af allskonar heima, því ég er alltaf að leita að einhverju sniðugu, sem svo virkar sumt en flest ekki, en þetta virkar svo sannarlega vel og ég gæti ekki verið ánægðari með vöruna,“ segir Einar. Hann er mikið á faraldsfæti í lífi sínu og starfi. „Ég hjóla mikið og labba, passa að ganga upp og niður stiga í stað þess að taka lyftuna og finnst **Active JOINTS** hafa gjörbreytt leiknum fyrir mig. Fyrir mann eins og mig, sem er í yfirvigt, og þótt ég hafi oft verið í meiri yfirvigt en ég er í dag, þá fylgir mikilli hreyfingu áreynsla á hnén. Ég fann alltaf fyrir seiðingi og sting í hnénu en það er bara alveg farið. Því duga engar afsakanir lengur; bara gjöra svo vel að fara út að hreyfa sig og núna er það bara gaman.“

Einar fer fyrir Votlendissjóði og því fylgir bæði ferðalög og flakk

„Í vinnunni geng ég mikið úti í náttúrunni til að skoða mýrlendi og þá þyngist oft labbið í þýfnum og blautum jarðvegi og mikið um skröngl og brölt, en nú finn ég ekkert fyrir því. Áhugamálið felst svo í því að ég og smá hópur í kringum mig höldum íþrótta- og afþreyingamót fyrir fólk á miðjum aldri, svo sem hjólamót, utanvegahlaup og hitt og þetta, og því fylgir líka undirbúningur við að skoða leiðir og þvælast á vettvangi, því á einni slíkri keppnishelgi þarf að djöflast um og labba fleiri tugi kílómetra, og þá er ekki verra að vera með liðina vel smurða,“ segir Einar ánægður með árangurinn. „Þegar maður hefur glímt við verki og er í yfirvigt er ríkt í manni að reyna að komast hjá því að hreyfa sig af því maður veit að því fylgir áreynsla og vont nudd á hnjám, en þegar hverfur, eins og hefur gerst hjá mér með **Active JOINTS**, þá tekur smá tíma að sannfæra hausinn um að kvíða því ekki lengur að hlaupa upp í móti eða skjótast það sem þarf. Hausinn þarf að venjast því að hafa ekki lengur áhyggjur af verknum en svo kemur að því að hann segir: „Þetta verður allt í lagi; verkurinn er farinn. Gott! Hlaupum bara af stað!“ og þá gerir maður einmitt það,“ segir Einar kátur.

Mælir hiklaust með Active Joints og Happier Guts

Einar segir mikinn lífsstílslétti að finna ekki lengur seiðing né sting í hnjánum og hann er ekki frá því að **Active JOINTS** hafi góð áhrif á fleiri liði líkamans. „Svei mér ef ég er ekki líka orðinn fimari í fingrunum því ég er farinn að setjast oftar niður með gítarinn og kannski það sé **Active JOINTS** af þakka. Hver veit nema maður semji jólalag,“ segir hann glettinn og hlær. „Undanfarin ár hef ég verið heldur rólegri í tónlistinni en ég vildi, en nú er ég aðeins farinn að spá og spekúlera meira og í febrúar ætla ég að halda kassagítarstónleika hér og þar á landinu með þeim sem hafa gert flest lögin mín þekkt. Þar tökum við lagið ég og Gunni Óla, Magni, Skímó og kannski Klara í Nælon; fyrst og fremst okkur til skemmtunar og þeim sem hafa gaman af því að hlusta á okkur,“ segir Einar, fullur tilhlökkunar og létt að laus við verkina.

„Ég mæli hiklaust með **Active JOINTS** og **Happier GUTS** frá Eylíf og svo finnst mér ekki verra að vita til þess að bætiefnin frá Eylíf eru framleitt hér heima; úr íslenskum hráefnum úr hreinni, íslenskri náttúru.“





Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS** og nýjasta varan er **Stronger LIVER**, allt vörur sem hafa reynst fólki vel.

Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi vörulínunnar Eylíf, en hugmyndin að henni kom til vegna þess að hana langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem eru framleidd á á Íslandi á sjálfbæran hátt frá náttúrulegum auðlindum á Íslandi og auka þannig aðgengi fólks að þessum gæðahráefnum. Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matís.

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungar frá Bíldudal
- Smáþörungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica frá Hellisheiði
- Kollagen frá Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

Hrein íslensk óerfðabreytt hráefni
Íslensk framleiðsla
Heilsan er dýrmætust

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.

EYLÍF

FRÉTTIR

Dýravelferð:

Hross aflífuð eftir vörslusviptingu

Þrettán hross voru aflífuð eftir vörslusviptingu á Vesturlandi þann 18. október sl.


Við eftirlit með hrossahópi á Vesturlandi, sem metinn var í viðkvæmu ástandi, kom í ljós að kröfum um fóðrun hrossanna samhliða beit hafði ekki verið sinnt sem skyldi, að því er fram kemur í tilkynningu frá Matvælastofnun.

„Stofnunin sendi umráðamanni hrossanna tilkynningu um vörslusviptingu mánudaginn 17. október og kom hún til framkvæmdar þriðjudaginn 18. október, með aðstoð lögreglu.

Hrossin voru rekin að þar sem hægt var að skoða þau ítarlega og holdastiga. Stofnunin mat ástand 13 þeirra það alvarlegt að aðgerðir þyldu ekki bið. Þessi hross voru verulega aflögð (holdastig < 2,5) auk þess sem nokkur þeirra voru gengin úr hárum. Að teknu tilliti til árstíma var tekin sú ákvörðun að senda tólf hross samdægurs í sláturhús en eitt var aflífað á staðnum.

Önnur hross reyndust vera í ásættanlegum holdum og var skilað til umráðamanns. Tíu þeirra eru þó enn metin í viðkvæmu ástandi (holdastig <3) og skulu njóta sérstakrar umhirðu. Málið er því enn til meðferðar hjá stofnuninni þar sem kröfum um úrbætur verður fylgt eftir“, segir á vef Matvælastofnunar.

/ghp



Halla bendir á að bændur séu útsettir fyrir geðrænum sjúkdómum vegna vinnu sinnar. Þeir búa við ótryggt veðurfar stjórna ekki verðlaginu, búa jafnan fjarri heilbrigðisþjónustu og eru oft einir í vinnu. Allt eru þetta stórir áhrifaþættir.
Mynd / Myndasafn Bbl.



Matarúrgangur er lífrænt efni sem nýta má sem áburð. Mynd / crw.com

Vegvísir um nýtingu lífrænna efna sem áburð

Unnið er að gerð vegvísis um nýtingu lífrænna efna til áburðargjafar í landbúnaði og landgræðslu.

Verkefnið felst í því að setja fram áætlun um sjálfbæra nýtingu lífrænna efna.Í kynningu á verkefninu segir að í því felist að setja fram beinskeytta og trúverðuga áætlun sem inniheldur meðal annars mat á núverandi ástandi, greiningu á tækifærum og forgangsröðun þeirra, sem og framsetningu sviðsmynda.

Matvælaráðuneytið ber ábyrgð á gerð vegvísisins, en hefur sér til halds og trausts ráðið Verkfræðistofuna Eflu til að aðstoða við verkið. Auk þess sem stofnanir ráðuneytisins og hagaðilar, Matís, RML, Landgræðslan og MAST, sitja í stýrinefnd þess.

Fyrr í þessum mánuði var haldinn vinnufundur tengdur verkefninu þar sem hagaðilar úr ýmsum atvinnugreinum fengu tækifæri til að kynna sér gerð vegvísisins og koma með innlegg. Stefnt er að því að vegvísisirinn verði birtur fyrir lok árs.

/VH



Bændablaðið
á bbl.is, Facebook & Instagram

Félagslegur stuðningur:

Mikilvægt að tala um líðan bænda

Andleg vanlíðan, streita og kvíði eru einkenni sem bændur upplifa og hafa síðustu ár reynst mörgum íslenskum bændum erfið.

Bændasamtök Íslands telja það brýnt verkefni að vekja athygli á þessu og hyggjast nýta nýfengið styrktarfé til að byggja upp jafningjafræðslu í starfsstéttinni.

„Bændur eru útsettir fyrir geðrænum sjúkdómum vegna vinnu sinnar. Þeir búa við ótryggt veðurfar, stjórna ekki verðlaginu, búa jafnan fjarri heilbrigðisþjónustu og eru oft einir í vinnu. Allt eru þetta stórir áhrifaþættir.

Þó þú getir staðið af þér einn þeirra getur sviðsmyndin orðið alvarleg þegar áhrifaþættirnir raðast allir saman,“ segir Halla Eiríksdóttir, sauðfjárbóndi, hjúkrunarfræðingur og stjórnarkona í Bændasamtökum Íslands.



Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, tekur við styrk frá styrktarsjóði geðheilbrigðis hjá Geðhjálp fyrir verkefnið Sálgæsla bænda – fræðsla og forvarnir. Héðinn Unnsteinsson, formaður Geðhjálpar, afhenti honum styrkinn.
Mynd / ehg

Verkkvíði oft byrjunin

Vinnuumhverfi bænda er erfitt og krefjandi. Á sama tíma og þeim er ætlað að auka framleiðslu og tryggja fæðuöryggi þjóðar á viðsjárverðum tímum séu starfsskilyrðin erfið. Bændur þekki ekki styttingu vinnuvikunnar, helgar- eða sumarfrí. Lífsstíll og heimilislíf bænda er samtvinnað vinnu þeirra með löngum og óreglulegum vinnustundum. Afleysingarþjónusta er afar takmörkuð og mikið traust sé lagt á nánustu aðstandendur eða næsta nágranna.

Þá hafa bændur, sem margir hverjir búa afskekkt, þurft að sæta mikilli einangrun á tímum Covid-19 faraldursins. Þeir hafa því síðustu ár þurft að starfa við erfiðari aðstæður sem reynt hefur á þeirra andlegu hliðar.

„Verkkvíði er oft byrjunin á þessu. Menn draga það að fara í verkin eða mikla þau fyrir sér. Svo byrja neikvæðu hugsanirnar og niðurbrotið. Allt þetta hefur áhrif á fjölskyldulífið sem og búskapinn, þetta er því ekki eins manns vandi.“

Almennt séu fordómar fólks gagnvart eigin vanlíðan miklir, að mati Höllu, svo miklir að fólk veigrar sér við að leita sér aðstoðar. Þess vegna sé mikilvægt að tala um þetta og fræða fólk. Það geti verið erfitt skref fyrir fólk að lúta slíkum heilsukvilla, því búskapur er verkdrifin vinna.



Halla Eiríksdóttir.

Ósýnileg veikindi

Að geta veitt bændum bjargir til að þekkja merki streitu og andlegrar vanlíðunar er því mikilvægt lýðheilsumál.

Á vordögum fengu Bændasamtökin styrk frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu og í vikunni bættist við styrkur frá Geðhjálp. Styrkirnir verða nýttir til að vinna fræðsluefni og myndbönd sem byggja munu á jafningjafræðslu, þar sem bændur sem lent hafa í áföllum deila með öðrum frásögnum og segja frá reynslu sinni. Einnig verður leitað til sérfræðinga á sviði andlegra og geðrænna mála um aðkomu þeirra að fræðslunni.

„Verkefnið felst í því að auðvelda fólki að skilja að andlegur heilsubrestur er sjúkdómstengdur og maður verður að nálgast hann sem slíkan, en ekki í gildishlöðnum viðmiðum fordóma. Við fylgjum forskrift annarra bændasamtaka til að vekja athygli á málefninu meðal bænda og benda þeim á leiðir til sjálfsbjargar,“ segir Halla.

Hún telur að geðheilbrigðismál séu því miður almennt á eftir sé miðað við forvarnavinnu og meðferð við líkamlegum kvillum. Því þurfi að bregðast við.

„Ef þú fótbrotnar þá færðu ekki þau svör að það muni sérfræðingur líta á þig eftir mánuð. Þannig er það oft þegar kemur að geðrænum vandamálum. Á meðan fólk bíður eftir aðstoð þarf það einfaldlega að tóra og halda áfram að gera allt sem það hefur gert áður.“

/ghp


TAKK FYRIR KOMUNA!

Íslenskur landbúnaður 2022





LANDSTÓLPI
Leiðandi í íslenskum landbúnaði











ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR
- 2022 -







LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

FRÉTTIR



Gögnin sem finna má í upplýsingakerfinu Afurð eiga fullt erindi til almennings, þau eru aðgengileg í gegnum hið veflæga Mælaborð landbúnaðarins.

Afurð:

Lofsamleg umsögn

Í gegnum upplýsingakerfið Afurð, stafrænt stjórnsýslukerfi Matvælastofnunar, fara lögbundnar stuðningsgreiðslur frá stjórnvöldum til landbúnaðarins, stuðningsgreiðslur til þúsunda framleiðenda í landbúnaði árlega í samræmi í búvörusamninga.

Kerfið fær lofsamlega umsögn í nýlegri óháðri úttekt, þar sem því er lýst meðal annars sem „snilldarkerfi“ – að uppbygging þess sé fremur einföld og högun vel útfærð.

Það var ráðgjafarfyrirtækið Framnes sem gerði úttektina fyrir matvælaráðuneytið, sem hefur umsjón með og rekur upplýsingakerfið.

Verið í þróun frá 2015

Afurð í núverandi mynd hefur verið í þróun frá 2015, en þörf var talin á innleiðingu slíks kerfis vegna gerð búvörusamninganna árið 2016 sem tóku svo gildi árið 2017. Gagnagrunnur Afurðar byggir hins vegar á grunni kerfa og gagnagrunna sem Framleiðsluráð landbúnaðarins byggði upp á sínum tíma við framkvæmd búvörusamninga.

Í niðurstöðum úttektarinnar kemur meðal annars fram að þær upplýsingar sem er að finna í kerfinu eigi fullt erindi til almennings, en þær eru aðgengilegar í gegnum hið veflæga Mælaborð landbúnaðarins.

Þar liggi margvíslegar upplýsingar um landbúnað og matvælaframleiðslu. Tiltekið er að kerfið sé skilvirkt og formfast – og allir ferlar vel rekjanlegir.

Afurð hefur á undanförnum árum færst á milli aðila. Fyrst þurfti að aftengja kerfið frá Bændasamtökum Íslands með því að byggja upp sjálfstæða rekstrareiningu innan Bændasamtakanna. Síðan var starfsemin flutt í janúar 2016 lögum samkvæmt til Matvælastofnunar með stofnun Búnaðarstofu og loks undir atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið um áramótin frá 1. janúar 2020, en nú tilheyrir Afurð matvælaráðuneytinu.

Kostnaður við rekstur og viðhald kerfisins er metinn óvenju lágur, þrátt fyrir stöðuga þróun í átt að stafrænni stjórnsýslu, sem og í tengslum við tilfærslu milli aðila og endurskoðun búvörusamninga. Að mati skýrsluhöfundar er talið að kerfið muni lifa í nokkur ár til viðbótar í óbreyttri mynd, en ljóst er að breytingar í tækni, umhverfi – og hugsanleg útvíkkun á verkefnum kerfisins, sem og að fyrirhuguð er endurskoðun búvörusamninga – kalli á hægfara og markvissa uppfærslu kerfisins á næstu árum. Í skýrslunni er lögð áhersla á að brýnt sé að marka stefnu um hvaða leið eigendur vilja fara með kerfið til að tryggja viðhald þess og þróun.

Stjórnsýsla um 95% stafræn með Afurð

Áætlað er að stjórnsýsla í tengslum við framkvæmd búvörusamninga og samskipta bænda við stjórnvöld sé um 95% orðin stafræn. Þetta hafi í för með sér mikla hagræðingu fyrir alla aðila þar sem lögð er áhersla á að einfalda stjórnsýslu og gera hana gagnsæja.

Fyrir utan að þjóna því hlutverki að vera greiðslumiðlunarkerfi, er þar haldið utan um margþættar upplýsingar sem tengjast landbúnaðarframleiðslu á Íslandi, svo sem um hjarðbækur, bújarðir, bústofn, framleiðslutölur, upplýsingar um ræktað land og margt fleira. Kerfið tengist fleiri opinberum kerfum, eins og Hagstofunni, Fjársýslunni og gagnagrunnum um afurðaskýrsluhald sem er hýst hjá Bændasamtökum Íslands. */ smh*

ActivePure TECHNOLOGY

K. Skúlason ehf.
S: 774 6220
www.kskulason.is
sales@kskulason.is

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY



ActivePure® er einstök hreinsunartækni sem leysir fjölmörg vandamál vegna mengunar í lofti og á yfirborði innanhúss.

Frekari upplýsingar í síma 774-6220 og á sales@kskulason.is



Liðsmenn Brunavarna Skagafjarðar að störfum. Mynd/ Aðsend

Brunavarnir:

Erfitt að manna útkallseiningu Hofsóss og slökkvibíll Varmahlíðar ónýtur

Erfiðlega gengur að manna útkallsstöð slökkviliðsins á Hofsósi, ítrekað hefur verið auglýst eftir mannskap en þær ekki borið árangur.

Á annarri útkallsstöð, Varmahlíð, er staðan þannig að slökkvibíllinn er ónýtur. Tvær útkallseiningar slökkviliðsins eru því svo að segja óstarfhæfar. „Það getur svo farið að leggja þurfi útkallseininguna niður,“ segir Svavar Atli Birgisson, slökkviliðsstjóri hjá Brunavörnum Skagafjarðar.

Svavar Atli segir að tveir menn séu um þessar mundir skráðir í útkallseininguna á Hofsósi og annar starfi utan svæðis. „Það hefur verið að kroppast af liðinu á nokkrum árum, þetta er ekki að gerast allt í einu, en vissulega eru harla fáir eftir,“ segir hann.

Óskað hefur verið eftir fólki til að manna slökkviliðið en hvorki auglýsingar né símtöl til álitlegra kandídata hafa skilað árangri. Slökkviliðsstjóri segir að margar ástæður liggi að baki því að staðan sé sú sem raunin er. Fólki hafi fækkað á þessu svæði, þó almennt hafi staðan hvað fólksfjölgun í Skagafirði varðar verið þokkaleg undanfarin ár. „Við verðum líka vör við að fólk er ekki í sama mæli og áður tilbúið að gefa sig í þessi samfélagslegu verkefni í dreifbýlinu, eins og að manna slökkvilið eða björgunarsveitir,“ segir Svavar Atli.



Svavar Atli Birgisson, slökkviliðsstjóri í Slökkviliði Skagafjarðar.

Ekki bara að klæða sig í búning

Liðsmenn slökkviliðs í dreifbýli fá greitt fyrir útköll og æfingar, en eru að öðru leyti ekki á launum. Svavar Atli segir að einnig séu gerðar ríkar kröfur til þeirra sem skrá sig í slökkviliðin.

Liðsmenn þurfa að standast þrekpróf og stunda æfingar til að halda líkamlegu atgervi sínu við. Allir þurfi að gangast undir læknisskoðun, fara á námskeið og æfingar. „Þetta er aðeins meira en að klæða sig bara í búning og setja upp hjálm þegar eitthvað kemur upp á,“ segir hann. „Það er margt sem gerir að verkum að erfitt er að manna slökkviliðin á þessum litlum stöðum um landið.“

Svavar segir að um 20–25 mínútur taki fyrir slökkviliðið að aka frá Sauðárkróki við bestu aðstæður, en þar er mönnuð dagvakt og fólk á útkallslista. „Það er langur tími ef um er að ræða atburð sem ógnar lífi og heilsu fólks,“ segir hann.

Í raun búi fólk á þjónustusvæðinu við falskt öryggi. Samningur er í gildi við Slökkvilið í Fjallabyggð um að aðstoða ef upp koma tilvik þar sem þjónustu slökkviliðs er þörf í Sléttuhlíð og Fljótum og það muni miklu.

Hægt að skipta um bíl eða kaupa nýjan

Á öðrum þéttbýlisstað í Skagafirði, Varmahlíð, er slökkviliðið ágætlega skipað en sú staða uppi að slökkvibíllinn sem liðið hefur yfir að ráða er ónýtur.

„Þetta er afleit staða líka, en annars konar,“ segir Svavar Atli. Ein lausn væri að færa bíl frá Hofsósi yfir í Varmahlíð og gera þá útkallsstöð starfhæfa, en einnig sé hægt að festa kaup á nýjum bíl fyrir Varmahlíð.

Þessa dagana er verið að fara ítarlega yfir þá stöðu sem við sé að glíma á útkallseiningum Brunavarna Skagafjarðar og leita lausna, en því sé ekki að neita að ástæða sé til að hafa áhyggjur af þessari stöðu. */ MÞÞ*

Garðyrkja:

Opnar huga íslenskra neytenda með ræktun á seljurót

Á bás Samtaka smáframleiðenda og Beint frá býli á Landbúnaðarsýningunni í Laugardalshöll stóð nýútskrifaði garðyrkjufræðingurinn Sigrún Oddgeirsdóttir og seldi fyrstu uppskeru sína af seljurót á litlar 500 krónur fyrir kílóið.

Sigrún er að byggja upp lífræna útiræktun á grænmeti í Holta- og Landsveit. Hún telur framleiðslu sína frumraun útiræktunar á seljurót á Íslandi.

„Þetta er fyrsta sumarið sem ég er með seljurótina. Ég þurfti að leigja gróðurhús til að forrækta, var með tvær sáningar í mars og apríl. Svo plantaði ég þeim út í byrjun júní sem var heldur seint. Þá urðu plönturnar fyrir smá skakkaföllum, þannig að stærstu rófurnar sem ég tók upp í haust voru 8 cm í þvermál. Ég tel að mér muni takast að rækta stærri rætur ef ekkert kemur fyrir þær á næsta ári.“



Sigrún Oddgeirsdóttir með framleiðslu sína, seljurætur.

Seljurót er nokkuð pipraður rótarávöxtur, sem lyktar og bragðast smá eins og steinselja. Hún eldar hana gjarnan eins og annað rótargrænmeti en einnig þykir hún góð í súpur og kartöflumús. „Mér finnst hún góð og veitingamenn eru mjög hrifnir af henni. Íslendingar eru svolítið feimnir við að prufa eitthvað nýtt. Það á sér menningarlegar rætur sem nær langt aftur og getur gert það að verkum að fólk sé lokað fyrir því hvað er virkilega hægt að rækta hér á landi. Mig langar að ýta á þessi mörk og fá íslenska neytendur til að opna hugann fyrir því hvað er hægt að framleiða hér.“

Sigrún notast við sérstakt yrki, keypt frá Póllandi, sem tekur um 90 daga að vaxa en hefðbundin yrki taka að jafnaði 150 daga til að ná fullum þroska, sem er of langur tími fyrir íslenskar aðstæður. */ ghp*

limtrevirnet.is

STEINULLAR-EININGAR

Hagkvæm íslensk lausn







- Íslensk framleiðsla
- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþrótta- og iðnaðarhús.
- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

LímtréVirnet

ÍSLENSKT

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

FRÉTTIR

Hvernig er hægt að efla lífræna framleiðslu á Íslandi?:

Ísland langt á eftir nágrannalöndunum

Nýverið samdi Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra við Environice, Umhverfisráðgjöf Íslands, um gerð tillagna að aðgerðaáætlun fyrir eflingu lífrænnar framleiðslu.

Hér á Íslandi hefur lengi ríkt stöðnun hvað varðar fjölda framleiðenda í vottaðri lífrænni framleiðslu. Íslendingar hafa verið eftirbátar nágrannaþjóða sinna á þessu sviði, þar sem stöðugur vöxtur er í framleiðslu slíkra búvara víðast hvar. Verkefnisstjóri áætlunarinnar segir að ein ástæða þess að Ísland hafi dregist aftur úr sé sú að líklega hafi skort nokkuð á fjármögnun fræðslu, rannsókna og þróunar.

Samningurinn er liður í áherslum stjórnvalda sem birtast í stjórnarsáttmálanum, en þar eru tilgreind verkefni með tímasetta áætlun til eflingar lífrænnar framleiðslu sem lykilþáttar í að auka sjálfbærni íslensks landbúnaðar. Gert er ráð fyrir að tillögum verði skilað í ársbyrjun 2023.

Margar ástæður fyrir stöðunni

Á undanförnum misserum og árum hafa verið gerðar allnokkrar atlögur að því að auka veg vottaðrar lífrænnar landbúnaðarframleiðslu á Íslandi, bæði innan stjórnkerfisins og innan félagskerfis landbúnaðarins, án sýnilegs mikils árangurs. Stefán Gíslason, verkefnisstjóri aðgerðaráætlunarinnar hjá Environice, segir að of snemmt sé að fullyrða um ástæðurnar fyrir þessari staðreynd á þessu stigi, en þær séu sjálfsagt margar.

„Ég býst við að þessi mynd skýrist að einhverju marki þegar vinnan við aðgerðaáætlunina er komin betur af stað. Eitt af fyrstu skrefunum í þeirri vinnu er einmitt að ræða við hagsmunaaðila og ég geri ráð fyrir að í þeim viðtölum komi fram mikið af gagnlegum upplýsingum. En eitt af því sem vitað er fyrir fram er að í einhverjum tilvikum hefur eftirspurn eftir fjárstuðningi á borð við aðlögunarstyrki verið minni en framboðið. Þetta hljómar ef til vill einkennilega, en getur meðal annars stafað af því að stuðningurinn hafi ekki verið talinn fullnægjandi eða stuðningstímabilið of stutt.

En þetta gæti líka bent til að umgjörðin utan um lífræna framleiðslu á Íslandi sé ekki nógu sterk að öðru leyti. Ég ítreka að ég get ekkert fullyrt um ástæðurnar á þessu stigi, en skortur á langtímastefnumótun stjórnvalda um lífræna framleiðslu gæti verið einn þátturinn. Sömuleiðis gætu áherslur í menntun eða ráðgjöf innan landbúnaðargeirans haft eitthvað að segja. Það er heldur ekki nóg að bjóða aðlögunarstyrki ef ekki er jafnframt stutt við rannsóknir og nýsköpun í greininni. Allt þetta þarf að skoða í samhengi. Við þetta bætast svo hugsanlega tæknilegar hindranir á borð við skort á tilteknum aðföngum og svo framvegis. Og meðan framleiðslan er lítil næst heldur ekki sú hagkvæmni stærðarinnar sem er að öllum líkindum nauðsynleg til að innlendar lífrænar vörur séu samkeppnishæfar í verði.“

Ísland langt á eftir nágrannalöndunum

Stefán segir að það sé ljóst að Ísland sé langt á eftir nágrannalöndunum bæði hvað varðar hlutfall vottaðs lands annars vegar og í hlutfalli vottaðra vara hins vegar. „Ég vil ekki nefna nákvæmar tölur í þessu sambandi þar sem ég á eftir að rýna betur í þær.

Tillaga að aðgerðaáætlun þarf að byggjast á greiningu á núverandi stöðu og á helstu hindrunum og í þeirri greiningu verður meðal annars horft til nágrannalandanna til að fá samanburð og til að læra af fenginni reynslu þaðan. Grunnurinn að þessari vinnu er sú áhersla sem lögð er á öfluga íslenska matvælaframleiðslu í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar. Meðal áhersluverkefna sem þar eru tilgreind er mótun heildstæðrar tímasettrar áætlunar til eflingar lífrænnar framleiðslu. Mitt verk er að leggja drög að slíkri áætlun,“ segir Stefán.

Innflutningur stóraukist

Þegar Stefán er spurður út í hvort hann viti til þess að þróun á hlutfalli innfluttra lífrænt vottaðra vara síðustu ára hafi verið skoðuð, segir hann að erfitt sé að fá yfirlit yfir slíkt. „Ég hef lengi haft á tilfinningunni að innflutningur hafi stóraukist í takti við aukna eftirspurn, en takmörkuð sundurliðun í tollskrárnúmerum og hagtölum gerir það erfitt að fá yfirlit yfir það sem er raunverulega framleitt og flutt inn.

Við vitum þó alla vega að innanlandsframleiðslan hefur lítið aukist síðustu ár, þannig að ef þessi tilfinning er rétt fer hlutfall innlendrar vöru á þessum markaði minnkandi. Það er öfug þróun miðað við áherslu ríkisstjórnarinnar á öfluga íslenska matvælaframleiðslu.“

Í tilkynningunni úr matvælaráðuneytinu, þar sem greint var frá samningnum um aðgerðaáætlunina, kemur fram að hvatar verði skilgreindir til að auka lífræna ræktun. Þegar Stefán er spurður út í hvað átt sé við með þessu orðalagi, segir hann að þegar talað sé um hvata sé oftast átt við hagræna hvata.

Þeir geta verið margs konar, en aðlögunarstuðningur, til nokkurra ára, og sérstakur stuðningur við rannsóknir, þróun og kennslu er það sem fyrst kemur í hugann. En hér gildir það sama og áður er sagt, að hugmyndir um leiðir til að styðja við lífræna framleiðslu ættu að verða orðnar ögn þroskaðri í lok þessa verkefnis en þær eru núna á fyrstu stigum. Til þess er leikurinn gerður.“

/smh

Vottuð lífræn framleiðsla 2012-2021

Ár	Vottað land (ha)*	Hlutfall vottaðs lands í % af landbúnaðarlandi**	Fjöldi vottaðra framleiðenda***
2012	20.676	1,38 %	60
2013	22.395	1,49 %	59
2014	22.605	1,51 %	60
2015	24.182	1,61 %	64
2016	22.710	1,51 %	60
2017	20.755	1,38 %	63
2018	22.683	1,51 %	66
2019	19.880	1,33 %	65
2020	21.694	1,45 %	66
2021	22.669	1,51 %	72

*Inniheldur ræktað land, beitiland og söfnunarsvæði villtra jurta á landi.

**Gróið land að 200 m hæðarlínu – 1.500.000 ha.

***Landbúnaður, vinnsla, innflutningur.

Heimild: Vottunarstofan Tún



Á Ósi í Hörgársveit hefur á undanförnum árum verið byggt upp lífrænt vottað garðyrkjubýli þar sem nú eru seldar lífrænt vottaðar gulrætur, meðal annars.



Stefán Gíslason, verkefnisstjóri aðgerðaráætlunarinnar hjá Environice. Mynd / Aðsend

Vottunarmerki Túns, sem einungis má nota á vörur sem eru vottaðar.



Sjálfboðaliðar við hreinsunarstörf

Talsvert brotnaði af trjám í Laugalandsskógi á Þelamörk í Hörgársveit í norðanáhlaupinu á dögunum. Þau tepptu umferð um göngustíga og gátu valdið hættu.

Ingólfur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Eyjafjarðar, segir að svo hafi háttað til að starfsmenn félagsins voru önnum kafnir við alls kyns verkefni, keppst er við að grisja frá stígum fyrir veturinn, byggja upp leiksvæði og einnig er verið að reisa nýja tjaldskemmu sem á að hýsa sögunaraðstöðu félagsins ásamt því að skjóta skjólshúsi yfir nýja snjótroðarann. Hann verður að líkindum settur í skip í Þýskalandi í kringum næstu mánaðamót.

Skógarhjónin og bjargvættirnir Sigurður Sæmundsson, stjórnarmaður SE og Ólöf Hörn Erlingsdóttir, fyrrverandi starfsmaður félagsins, bönkuðu snarlega upp á hjá skógræktarfélaginu, fengu lánuð tæki og tól sem vantaði upp á þeirra eigin og snöruðu sér svo út á Þelamörkina til að bjarga þar málum „Við erum svo sannarlega heppin og mjög þakklát fyrir þessa aðstoð sem þau hjónin veittu okkur,“ segir Ingólfur.

/ MÞÞ



Ólöf Hörn Erlendsdóttir lét sitt ekki eftir liggja við hreinsunarstörfin í skóginum. Mynd / Skógræktarfélag Eyfirðinga

YLJUM OKKUR

MEÐ ÍSLENSKRI KJÖTSÚPU – NÁTTÚRULEGA

Íslenska kjötsúpan er í grunninn alltaf eins, en samt einhvern veginn aldrei eins. Allir eiga sína uppáhalds kjötsúpu og hefðirnar, uppskriftirnar og leynihráefnin leynast í hverju eldhúsi. Frá upphafi byggðar hefur hún fært okkur yl í kroppinn og kraftmikla næringu.

Hráefnið er úrval af öllu því besta sem íslenskir bændur bjóða: Nýsprottið grænmeti og hollt íslenskt lambakjöt, framleitt á fjölskyldubúum við einstakar aðstæður og alið á villtri íslenskri náttúru, laust við erfðabreytingar og aukaefni – náttúrulega.

Skoðaðu uppskriftirnar á íslensktlambakjöt.is

NYTJAR HAFSINS



Fiskistofa lét sig hafa það að birta myndband af því þegar fjórum lófastórum tindabikkjum var fleygt aftur úr dragnótabát. Mynd / VH

Kvótakerfið:

Um nauðsyn þess að hafa opinn glugga

Í febrúarmánuði 1984 urðu tímamót í sögu okkar Íslendinga. Kvótakerfinu í sjávarútvegi var ýtt úr vör undir því yfirskini að um bráðabirgðaráðstöfun væri að ræða til að bjarga fiskistofnunum við landið frá bráðri útrýmingarhættu.



Arthúr Bogason.

Auðvitað vissu þeir sem um véluðu betur. Þeir vissu mætavel að með því að marka mönnum hlutdeild í takmörkuðum gæðum myndi snjóa fljótlega yfir meinta björgunarstarfsemi. Þeir vissu mætavel að fiskistofnarnir við landið voru í „heppilegri lægð“ fyrir gjörninginn. Slíkar lægðir voru vel þekktar úr fortíðinni.

Höfundunum yfirsást hins vegar algert grundvallaratriði. Almenningur þá, sem nú, taldi og telur sig eiga fiskimiðin og fiskistofnana kringum Ísland.

Ákafi höfundanna bar þá ofurliði. Reglurnar sem blöstu við smábátaflotanum árið 1984, og hvað þá ári síðar, kom upp um hvert hugur þeirra stefndi. Loka skyldi sem snarast fyrir aðgengi almennings að sjávarútvegsauðlindinni. Aðgengið var og er útgerð smábáta.

Sjálfsagður réttur hvers einasta Íslendings

Það er pínlegt, 39 árum síðar, að upplifa þá staðreynd að baráttan fyrir sjálfsögðum rétti hvers einasta Íslendings til að sækja í fiskveiðiauðlindina á litlum bátum, með afkastaminnsta veiðarfærið sem notað er við atvinnufiskveiðar hérlendis, er keimlík því sem á gekk í upphafi kerfisins. Nú er flogist á um strandveiðar. Veiðar minnstu bátanna með handfæri að vopni. Þessi hluti flotans er sem sagt stöðugt til vandræða

Nú ætlast ég ekki til að lesendur almennt hafi þekkingu á þessu. Ég vona reyndar að einhverjir þeirra hafi ekki einu sinni verið fæddir árið 1984.

Ég ætla að gera mitt besta til að útskýra þetta á sem einfaldastan hátt.



Meirihluti þjóðarinnar er ósáttur við núverandi stjórnkerfi fiskveiða. Mynd / VH


Á árinu 1984 var smábátaútgerðinni ætlað eftirfarandi:

1. Landinu var skipt í 4 svæði og 3 mánaða tímabil.
2. Heildarkvóti fyrir öll svæðin (890 bátum ætluð 8.300 tonn – rúm 9 tonn af þorski að meðaltali á bát og ekkert af öðrum tegundum).

Skömmu síðar kom í ljós að Fiskifélag Íslands (forveri Fiskistofu) hafði gróflega vanreiknað afla smábátaflotans á því tímabili sem notað var til viðmiðunar – eða um rúmlega helming og gott betur.

Sem þýddi að á árinu 1984 hefði átt að marka þeim u.þ.b. 20.000 tonn – eða 22,5 tonn á bát.

3. Um leið og heildarkvótinn væri uppurinn yrðu veiðarnar stöðvaðar á öllu landinu.



Drónaeftirlit Fiskistofu með togaraflotanum verður í besta falli aumkunarvert. Mynd / breakingdefense.com/

Á fiskveiðiárinu 2021/2022 voru reglur um strandveiðar m.a. svona:

1. Landinu skipt í 4 svæði.
2. Heildarkvóti fyrir öll svæðin (Árið 2022: 732 bátum ætluð 10.000 tonn af þorski – 13,7 tonn á bát.)
3. Um leið og heildarkvótinn kláraðist yrðu veiðarnar stöðvaðar á öllu landinu.

Fiskeldi:

Fiskar finna til

Eftir margra ára þref og þras hafa vísindamenn og þeir sem setja reglur um dýravelferð í fiskeldi komið sér saman um að fiskar finni fyrir sársauka og að umgangast skuli þá í eldi samkvæmt því. Ekki síst þegar kemur að slátrun.

Nýlega sendi Aquaculture Stewardship Council, sem er leiðendi stofnun í fiskeldi, frá sér nýjar reglur sem auka eiga velferð fiska í eldi. Í reglugerðinni segir að fiskar finni fyrir sársauka, kvíða og stressi og að nauðsynlegt sé að slátra þeim á sem skjótastan og sáraukaminnstan hátt.

Samkvæmt nýju reglugerðinni verður að rota fiskana áður en þeir eru drepnir til að valda þeim ekki sárauka en samkvæmt núgildandi reglum víða um heim má drepa fiska með því að stöðva aðgang þeirra að súrefni eða með slægingu.

Nýju reglurnar eru sagðar vera stórt skref fram á við í velferð eldisfiska, ekki síst í ljósi þess að spár gera ráð fyrir að framleiðsla í fiskeldi verið meiri en afli úr sjó árið 2030.

Fiskar vitsmunaverur

Í frétt á Guardian er haft eftir talsmanni World Farming á Bretlandseyjum að líkt og önnur dýr séu fiskar vitsmunaverur og að auðvita eigi að umgangast þá sem slíka.

Samkvæmt reglugerðinni munu eldisstöðvar sem taka upp slátrun samkvæmt nýju reglugerðinni merkja afurðir sínar í samræmi við hana.

Þrátt fyrir að flestum þyki sjálfsagt að lóga dýrum á sem sáraukaminnstan hátt tók mörg ár að fá samþykkt að fiskar fyndu til sársauka eins og spendýr og fuglar og að umgangast ætti þá þannig.

Reglur fyrir humar og rækju

Í fyrstu gilda reglurnar eingöngu fyrir fiska en gert er ráð fyrir að samsvarandi reglur muni fljótlega taka gildi fyrir aðrar sjávarlífverur í eldi eins og rækjur og humar. */ VH*



Laxeldi í sjó. Mynd / VH

Heilt Bændablað myndi duga skammt til að telja upp það sem á gekk á áratugunum þarna á milli. Það er verkefni sagnfræðinga að grúska í þessum kafla íslenskrar sjávarútvegssögu.

Stóra yfirsjónin í upphafi var þessi: að skilja ekki eftir opinn glugga, aðgengi fyrir alla eigendur auðlindarinnar, aðgengi takmörkum háð, en samkvæmt almennum skilningi innan skynsemismarka og meðalhófs – (haffær bátur, skipstjórnarréttindi o.s.frv.)

Meirihluti þjóðarinnar er ósáttur

Ég hef áður skrifað um óttann við frelsið. Einstaka stjórnmálamenn urðu uppfullir af því að miðin myndu fyllast af smábátum. Auðvitað gerðist það aldrei.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að skoðanakannanir meðal almennings sýna enn í dag, tæpum fjórum áratugum síðar, að mikill meirihluti þjóðarinnar er ósáttur við núverandi stjórnkerfi fiskveiða/sjávarútvegsstefnu. Þeir sem halda dauðahaldi í þá skýringu að þetta sé fyrst og fremst blóðþorsti almennings eftir hærri veiðigjöldum en útgerðin þorgar í dag ættu að hugsa sinn gang. Ég hef átt mörg samtöl við fólk sem ekkert hefur unnið í sjávarútvegi, en vill að það hafi aðgang að hinni sameiginlegu auðlind.

Mikið brottkast

Það er nátengt þessu að á furðu stuttum tíma hefur opinberast hvað stofnanir ríkisins leggja áherslu á hvað varðar eftirlit með sjávarútveginum.

Fiskistofa eignaðist nokkra dróna fyrir ekki svo löngu og í kjölfarið hefur stofnunin skorið upp úr um það sem greinarhöfundur hefur fullyrt til margra ára, að brottkast á Íslandsmiðum sé margfalt umfangsmeira en talið hefur verið. Hvað þá það sem Hafrannsóknastofnun hefur áætlað inn í sín stofnstærðarlíkön. Þar á bæ hefur brottkast verið metið harla lítið og stöðugt minnkandi, jafnvel svo lítið að það skipti ekki máli. Hver einasti kjaftur á vettvangi veit betur. Í því samhengi er vert að rifja upp að matvælaráðuneytið (þá sjávarútvegsráðuneyti) sendi Hafró fyrirspurn um hvaða áhrif það hefði á þorskstofninn ef strandveiðibátum yrði leyft að veiða 1.000 tonnum meira af þorski er gert hafði verið ráð fyrir. Þá stóð ekki á svarinu: Það hefði neikvæð áhrif! Miðað við að þorskstofninn sé rétt mældur af Hafró – í kringum 1 milljón tonn, er um að ræða einn þúsundasta þar af. Mikill er máttur vísindanna!

Til að bæta gráu ofan á svart kom fram í kynningu Hafró á aflaráðgjöf stofnunarinnar fyrir yfirstandandi fiskveiðiár, að rúmum 13 þúsund tonnum af þorski hafi verið bætt við vísindaráðgjöfina í nafni þess sem kallast „sveiflujöfnun“. Hvaðan í skrattanum skaut þessu fyrirbrigði upp í vísindalíkönunum? Er það hugsanlegur möguleiki að hér sé um sambræðing pólitíkur og vísinda að ræða? Taka vísindamenn þátt í þvílíku rugli? Einhver?

Fyrir stuttu fannst Fiskistofu tilhlýðilegt að gera opinbert að smábátasjómenn á strandveiðum hefðu verið staðnir að því að kasta fyrir borð blóðguðum fiski. Þetta er að sjálfsögðu óþolandi athæfi og ekki nokkur leið að afsaka það.

Á sama tíma gaf Fiskistofa út að hún hefði „ekki mannskap“ til að fylgjast með togaraflotanum. Einmitt það já. Smábátarnir veiða u.þ.b. 10% af botnfiskaflanum. Datt Fiskistofu ekki í eitt augnablik í hug að setja t.d. helming mannaflans í að fylgjast með þeim hluta flotans sem veiðir 90% botnfiskaflans og hinn helminginn á litlu bátana?

Ég hef ítrekað spurt Fiskistofu hvernig hún hyggist standa að fiskveiðieftirliti þannig að jafnræði og meðalhóf ríki hvað varðar stóra sem smáa. Svörin hafa verið á þá leið að þetta sé allt að koma.

Hakka og dæla út

Sagan segir að enginn sé spámaður í sínu föðurlandi, en ég tek áhættuna: Drónaeftirlit Fiskistofu með togaraflotanum verður í besta falli aumkunarvert. Hvers vegna? Stóran hluta ársins er myrkur og oft hvasst á miðunum. Drónar Fiskistofu ráða illa og ekkert við slíkar aðstæður. Til að bæta gráu ofan á svart veit Fiskistofa mætavel að stóru togararnir eru margir hverjir með sérstakan vélbúnað um borð til að hakka og dæla út því sem er óæskilegt til vinnslu.

Ég spurði Fiskistofu fyrir skömmu hversu mörg stóru togskipanna væru með slíkan vélbúnað. Svarið var að Fiskistofa hefði ekki hugmynd um það. Í alvöru! Sama stofnunin og lét sig hafa það að birta myndband af því þegar fjórum lófastórum tindabikkjum var fleygt aftur úr dragnótabát! Það mun engu skipta hvað drónar Fiskistofu ljóstra upp um. Ekki heldur hagnaðarfréttir og tilkynningar til Kauphallar Íslands. Sú tilfinning almennings að hann eigi sjálfsagðan rétt til að sækja í hina sameiginlegu auðlind, að uppfylltum eðlilegum skilyrðum, haggast ekki.

Því fyrr sem ráðamenn átta sig á þessari staðreynd, því betra.

Arthur Bogason
formaður Landssambands smábátaeigenda.

Hafrannsóknastofnun:
Veiðar á rækju

Hafrannsóknastofnun leggur til, í samræmi við varúðarsjónarmið, að afli rækju í Arnarfirði fiskveiðiárið 2022/2023 verði ekki meiri en 242 tonn og að afli rækju í Ísafjarðardjúpi verði ekki meiri en 523 tonn.



Stofnvísitala rækju í Arnarfirði hækkaði árið 2022 og var svipuð og á árunum 2013 til 2015. Mikið var af ýsu á svæðinu en árin 2020 til 2022 voru vísitölur ýsu þær hæstu frá árinu 2011.

Stofnvísitala rækju í Ísafjarðardjúpi var svipuð og árin 2018-2020 og var yfir viðmiðunarmörkum. Vísitölur ýsu hafa verið háar frá árinu 2004. Nánari upplýsingar um niðurstöður stofnmælingarinnar í Ísafjarðardjúpi, veiðar og ráðgjöf má nálgast í tækniskjali. Eldra heiti á rækjunni sem lifir hér við land er stóri kampalampi. Rækjan er dæmigerð kaldsjávartegund og ein sú langmest veidda í heimi. */ VH*



Vagnar – gott úrval á lager

Malarflutningavagnar – 16 , 18 og 20 tonna
Krókheysisvagnar og pallar á krókheysi
Rúlluflutningavagnar

Velkomin í nýjan sýningarsal okkar að Gagnheiði 35, Selfossi








PRONAR BIGAB ERT

Áralöng reynsla við íslenskar aðstæður


AFLVÉLAR
ÞINN SAMSTARFSAÐILI Í LAUSNUM


Vesturhrauni 3, Garðabæ, sími 480-0000
Gagnheiði 35, Selfossi, sími 480-0400
www.aflvelar.is

HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS


Jákvæð þróun í nýtingu mannauðs, aðfanga og fjármagns


Samkvæmt tölum Hagstofunnar hefur fjöldi starfandi í landbúnaði og skógrækt fækkað um rúm 11% frá því árið 2008. Er það þrátt fyrir að fjöldi íbúa landsins hafi hækkað um 17%, þannig að fækkunin sem hlutfall af þjóðinni er enn meiri. Fækkun sláturdýra á Íslandi hefur einnig verið töluverð á þessu tímabili. Á sama tíma hefur eftirspurn eftir matvælum á landinu aukist í beinu sambandi við mannfjölda og ferðamannaaukningu.






Þrátt fyrir þessa þróun hafa afköst starfsgreinarinnar ekki minnkað ef horft er á magn framleiddra matvæla ár hvert. Framleiðsla hefur aukist með betri nýtingu afurða. Kinda- og svínakjötsframleiðsla hefur aukist þrátt fyrir samdrátt i sláturdýrum og framleiðsla á nautakjöti hefur aukist langt umfram fjölgun nautgripa. Á árunum 2008 til 2021 jókst kjötframleiðsla á Íslandi um 12,5% og keppist þannig við að halda við í mannfjöldaaukningu sama tímabils.





Framleiðniþróun er því jákvæð í landbúnaði, sama hvort það er framleiðni vinnuafls eða betri nýting afurða. Framleiðsla hefur einnig aukist langt umfram þróun í opinberum styrkjum til landbúnaðarins. Ef rýnt er í stuðning ríkisins til landbúnaðarins frá 2008 á föstu verðlagi sést að hann dróst saman um þriðjung á meðan kjöt-, eggja- og mjólkurframleiðsla jókst töluvert.



Markaðir

Evra
140,9 kr

USD
144,68 kr

Pund
163,36 kr

95 okt bensín
324,62 kr

Díesel
324,3 kr

Mjólk (USD/100 pund)
21,76 kr

Korn (USD/sekkur)
8,55 kr

Kartöflur (EUR/100 kg)
21 kr

Ull (AUD/100 kg)
1,271 kr

Ostur (UDS/pund)
2,16 kr

Smjör (EUR/tonn)
7,050 kr

vfs.is

Milwaukee®

NÝTT
GIRÐINGABYSSA

Frábær kraftur til að skjóta 40 mm girðingarlykkjum í girðingarstaura.

***READY TO FIRE** tækni, engin biðtími á milli skota.*

Engin gashylki og engin þörf á hreinsun.

Hönnuð til að skila kröfuhörðustu notendum endingu og áreiðanleika með mjög litlu viðhaldi.

***Verkfæralaus**, fljótleg og auðveld dýptarstilling til að tryggja að girðingarlykkjurnar séu reknar á rétta dýpt til að skemma ekki netið.*

***DRY-FIRE** læsing kemur í veg fyrir skot ef engar lykkjur eru í vélinni.*

*Skýtur allt að 600 girðingarlykkjum með einni 3.0Ah **M18™** rafhlöðu.*

Framúrskarandi sjónlína.

*Skýtur 9G **MILWAUKEE®** girðingar-lykkjum frá 40 mm til 50 mm.*

***Sveigjanlegt rafhlöðukerfi**, virkar með öllum **MILWAUKEE® M18™** rafhlöðum.*

Framúrskarandi sjónlína.



Skannaðu til sjá meira og myndband!

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

MHG VERSLUN

Husqvarna á Íslandi



Husqvarna FS400
Gólfsög - Sögunardýpt 16,2cm



Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl



Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl



Husqvarna Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl



Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl



Husqvarna LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG



Husqvarna K770
Steinsög - Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K970
Steinsög - Sögunardýpt 15,5cm



Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm



Husqvarna K7000 Ring
Steinsög - Sögunardýpt 27 & 32cm



Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl



Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m2 - 40% halli



Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m2 - 40%halli



Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m2 - 45% halli



Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m2 - 45% halli



Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m2 - 40% halli

MHG VERSLUN | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogur | **Sími** 544 4656 | **www.**mhg.is

FRÉTTASKÝRING

Búvörusamningar verða endurskoðaðir á næsta ári:

Sáttmáli stjórnvalda og bænda um starfsskilyrðin til búvöruframleiðslu

Seinni endurskoðun búvörusamninganna sem tóku gildi 2017 er á dagskrá á næsta ári. Undirbúningsvinna er hafin innan Bændasamtaka Íslands (BÍ), þar sem mat er lagt á hvort markmið samninganna hafi náðst. Í búvörusamningum semja stjórnvöld og BÍ um starfsskilyrði bænda í fjórum sérstökum samningum.

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

Í rammasamningi er kveðið á um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins, en síðan eru sérstakir samningar um nautgriparækt, sauðfjárrækt og garðyrkju – sem samkomulag er um á milli samningsaðila að styðja sérstaklega við með beinum greiðslum til bænda. Áður hét þessi samningur „búnaðarlagasamningur“, í samræmi við setningu búnaðarlaga árið 1998 sem enn eru í gildi, og fjallaði um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins.

Á honum varð nafnabreyting við samningsgerðina 2016.

Stuðningur við búgreinar í sögulegu ljósi

Núverandi form búvörusamninga nær aftur til ársins 1985, en niðurgreiðslur stjórnvalda til búvöruframleiðslu hófust árið 1943.

Lengi hefur verið um það deilt hvort líta beri á ríkisstuðning við búgreinar sem launagreiðslur til bænda, eða niðurgreiðslur á innlenda búvöruframleiðslu.

Ljóst er að þegar byrjað var að niðurgreiða búvörur var það liður í viðleitni stjórnvalda til að draga úr verðbólgu og tryggja bændum viðlíka laun og sambærilegar stéttir þjóðfélagsins höfðu. Þá höfðu landbúnaðarvörur hækkað í verði sem olli mikilli óánægju í samfélaginu og leiddi til verkfalla. Á þeim árum voru laun að miklu leyti verðtryggð og full verðlagsuppbót greidd á laun mánaðarlega samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar. Því var það sameiginlegur hagur stjórnvalda og neytenda að niðurgreiða búvörur til að halda vísitölu og verðbólgu niðri.

Einnig er ljóst að stuðningsgreiðslur við bændur í dag eru ekki greiddar sem laun, heldur felast í þeim möguleikar bænda á að selja afurðir sínar ódýrari en annars væri hægt – sem þannig kemur neytendum til góða.

Óvenju langir búvörusamningar

Gildistími núgildandi búvörusamninga er óvenju langur, eða tíu ár, en annars hafa búvörusamningar gilt í mesta lagi til sjö ára. Ástæðan fyrir hinum langa gildistíma var sögð sú, að með síðustu samningum hafi verið ráðist í talsverðar breytingar á starfsumhverfi landbúnaðarins sem kallaði á langtímahugsun.

Raddir hafa hins vegar heyrst um að æskilegt væri að samningarnir giltu í mun skemmri tíma, eða væru endurskoðaðir oftar, svo starfsskilyrði bænda geti slegið betur í takt við þjóðarpúlsinn og ríkisfjármálin á hverjum tíma. Á fyrstu tveimur árum búvörusamninganna, árin 1985 til 1986, var gildistími þeirra einungis eitt ár.

Ekki lögbundnir samningar

Búvörusamningar eru ekki lögbundnir í þeim skilningi að stjórnvöldum er heimilt en ekki skylt að leita samninga við BÍ um gerð þeirra.



Búvörusamningar fjalla um starfsskilyrði íslenskra bænda til búvöruframleiðslu. Mynd / ghp

Ef einhvern tíma myndast meirihluti á Alþingi Íslendinga fyrir því að ekki verði gerðir búvörusamningar þá er ekkert lagalega sem mælir á móti því. Hins vegar má leiða líkur að því að slíkt myndi leiða til upplausnarástands í þjóðfélaginu. Samningar myndu þá renna út á gildistíma, en áfram giltu lögfestar reglugerðir sem myndu skapa margvíslega ringulreið í stjórnkerfinu – enda væri stuðningskerfið við landbúnað í raun ófjármagnað.

Norðmenn hafa fastmótað kerfi; grunnsamningur sambærilegur íslenskum búvörulögum er lögbundinn og þar fer fram árlegt uppgjör og/eða endurskoðun.

Önnur Norðurlönd eru bundin sameiginlegri landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins (CAP).

Svigrúm er þó meðal landa að útfæra sértækar aðgerðir til stuðnings eigin landbúnaði.

CAP hefur venjulega náð til sjö ára, en næsta tímabil styttist um tvö ár þar sem langan tíma tók að ramma inn stórauknar áherslur í loftslagsmálum og mun það því gilda frá 2023 til 2027.

Tímamótasamningar til tíu ára

Búvörusamningarnir íslensku sem tóku gildi árið 2017 og gilda út árið 2026 voru að ýmsu leyti tímamótasamningar, því þá birtust áherslur sem áður höfðu ekki komið fram með jafn afgerandi hætti; eins og í tollamálum, upplýsingagjöf til neytenda, íslenskar upprunamerkingar, fæðuöryggismál, stuðningur við ylrækt vegna raforkukostnaðar – og einmitt loftslagsmál.

Segja má að við gerð samninganna árið 2016 hafi hugmyndafræðin verið að samræma betur stuðninginn við landbúnaðinn og leggja meiri áherslu á sameiginlega þætti búgreina, eins og með sérstökum stuðningi við jarðrækt, landgreiðslum og aukið vægi nýliðunar- og nýsköpunarstyrkja. Meiri fjármunir fengust enn fremur með þeirri nálgun inn í samningana. Má leiða líkur að því að þar hafi verið tekið ákveðið skref í átt að því markmiði að sameina samningana að lokum undir einum hatti.

Af hálfu stjórnvalda var unnið út frá því markmiði að efla íslenskan landbúnað til framtíðar, til að styrkja fæðuöryggi þjóðarinnar, efla búsetu í dreifðum byggðum landsins og auka sóknarfæri á erlendum mörkuðum og í ferðaþjónustu. Samsvarandi áherslur fólu í sér stefnu í átt að almennari stuðningsformum, óháðum búgreinum, til að opna möguleika á nýtingu nýrra tækifæra. Þá voru áherslur í þá átt að stuðla að aukinni og arðbærari framleiðslu landbúnaðarafurða, eflingu landbúnaðar sem atvinnugreinar í dreifðum byggðum og sjálfbærri landnýtingu.

Einnig voru settar fram áherslur í að styrkja fæðu- og matvælaöryggi, auk þess að auðvelda nýliðun.

Til grundvallar áherslum stjórnvalda lágu meðal annars gögn frá tveimur háskólum; Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri, skýrslan „Markmið og forsendur sauðfjársamnings“, sem gefin var út í nóvember 2015, og skýrsla Háskóla Íslands, „Mjólkurvöruframleiðsla á Íslandi – Staða og horfur“, birt í maí 2015.

Fjárfestingastyrkir í svínarækt

Í rammasamningi sem tók gildi árið 2017 er í fyrsta skipti kveðið á um styrkveitingar til svínaræktar, ekki beingreiðslur heldur fjárfestingarstyrkir. Voru þeir hugsaðir til að aðstoða bændur við að uppfylla hertar aðbúnaðarkröfur þar sem ljóst var að svínabændur þurftu að fara í kostnaðarsamar breytingar á sínum húsakosti. Til annarra búgreina er ekki sérstaklega vísað í rammasamningi, utan smærri verkefna á sviði geitfjárræktar, lífrænnar framleiðslu og fleiri þátta sem eru ekki bundnir við búgreinar. Í honum verða hins vegar þau nýmæli að Bændasamtökum Íslands verður heimilt að ráðstafa fjármunum sem ætlaðir eru til leiðbeiningaþjónustu, til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML), sem hóf formlega starfsemi 1. janúar 2013 við sameiningu ráðgjafarþjónustu búnaðarsambandanna í landinu og ráðgjafarsviðs BÍ.

Áður fyrr voru ráðunautar Búnaðarfélags Íslands á beinum launum hjá ríkinu, auk þess sem ráðgjafarstörf í landbúnaði voru fjármögnuð í gegnum búnaðarsambönd.

Afnema átti kvóta- og greiðslumarkskerfi

Eitt aðalatriði samninganna árið 2017 var það upplegg að stefnt yrði að því að afnema kvótakerfi í mjólkurframleiðslu og greiðslumarkskerfi í sauðfjárrækt – og þar með framseljanlegt stuðningskerfi þessara greina. Rökin voru þau meðal annars að þessi kerfi hindruðu aðgengi að greinunum, auk þess sem fjármunir rynnu til bænda á leið út úr greininni og til fjármálastofnana sem fjármagnskostnaður.

Við endurskoðun á þessum samningum var snúið frá stefnu grunnsamninganna í þessum málum. Fyrst með endurskoðun sauðfjársamnings 11. janúar 2019, þar sem hætt var við að afnema greiðslumark en draga fremur úr vægi þess frá ári til árs, og síðan við endurskoðun nautgripasamnings 25. október 2019, eftir að kúabændur





Frá undirritun á endurskoðuðum rammasamningi 4. febrúar 2021. Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður samninganefndar ríkisins, Kristján Þór Júlíusson, þáv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Gunnar Þorgeirsson, formaður BÍ, Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra.

Mynd / Matvælaráðuneytið – Golli

Rammasamningur

Endurskoðun 4. febrúar 2021

Markmið

Markmið endurskoðunar rammasamningsins er meðal annars að stuðla að framþróun og nýsköpun í framleiðslu með áherslu á aðgerðir í loftslagsmálum og fjölþætta stefnumótun. Þar kemur fram að landbúnaður á Íslandi sé burðarás í atvinnulífi hinna dreifðu byggða í landinu. Samningnum sé ætlað að hvetja til aukinnar verðmætasköpunar, hagkvæmni, sjálfbærni, fjölbreytileika og nýsköpunar í greininni.

Samningsaðilar eru sammála um að strangar kröfur eigi að gilda um dýravelferð, hreinleika og heilbrigði ásamt því að fæðu- og matvælaöryggi þjóðarinnar þarf að vera í fyrirrúmi. Tryggja verður að bæði innlend framleiðsla og innfluttar landbúnaðarafurðir feli ekki í sér sýkingarhættu fyrir innlenda bústofna. Traust umgjörð um merkingar á búvöru, meðal annars hvað varðar uppruna og framleiðsluhætti, sameinar hagsmuni bænda og neytenda.

höfðu fellt tillögu í atkvæðagreiðslu, um afnám mjólkurkvóta í greininni.

Samkvæmt samningunum 2016 átti kvótakerfi í mjólkurframleiðslunni að fjara út á samningstímanum. Á árinu 2019 var hins vegar sú þróun stöðvuð.

Í endurskoðun sauðfjársamnings voru þær breytingar helstar að bændum var gert fært að hætta í greininni eða draga úr umfangi síns búskapar og innleyst sitt greiðslumark í gegnum sérstaka aðlögunarsamninga við ríkið. Skilyrði fyrir slíkum samningum, sem gilda út þetta ár, voru veruleg fækkun á fé hjá viðkomandi og að settar væru fram trúverðugar áætlanir um aðra atvinnustarfsemi á jörðunum.

Í endurskoðun nautgripasamnings voru sett inn ákvæði um loftslagsmál og markmið um að íslensk nautgriparækt verði að fullu kolefnisjöfnuð eigi síðar en árið 2040, að þá verði allar afurðir frá íslenskum nautgripabændum vottaðar sem kolefnishlutlausar.

Þá var gert ráð fyrir endurskoðun á fyrirkomulagi verðlagningar mjólkurafurða í stað verðlagsnefndar búvöru. Það var gert í þeim tilgangi að skoða hvort hætta eigi opinberri verðlagningu. Niðurstaða starfshóps um málið varð hins vegar sú að fyrirkomulagið yrði óbreytt.

Garðyrkjusamningur fyrst gerður 2002

Garðyrkjusamningur var fyrst gerður árið 2002 eftir að ákveðið var að fella niður tolla af gúrkum, tómötum og papriku en taka upp beingreiðslur í staðinn. Í grunnsamningnum um starfsskilyrði garðyrkjunnar, sem tók gildi á árinu 2017, var áfram gert ráð fyrir þessum beina stuðningi, í þeim tilgangi að jafna samkeppnisskilyrði innlendra framleiðenda gagnvart innflutningi.

Heildarbeingreiðslur til framleiðenda í þessum greinum skiptast þannig eftir tegundum, að tómataframleiðsla fær 49 prósent, gúrkuframleiðsla 37 prósent og paprikuframleiðslan 14 prósent. Þá kom inn nýtt ákvæði um hlutdeild ríkisins í kostnaði við dreifingu og flutningi raforku, þannig að ylræktendum verði tryggt rafmagn til lýsingar með niðurgreiðslum á kostnaði við flutning og dreifingu raforku fyrir hagfelldari starfsskilyrði greinarinnar.

Í endurskoðun garðyrkjusamnings 14. maí 2020 er fyrirkomulagi á niðurgreiðslum á raforku breytt með þeim hætti að ylræktendum voru tryggðar beingreiðslur vegna lýsingar í stað niðurgreiðslu kostnaðar, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þar er kveðið á um að beingreiðslur vegna lýsingar skuli standa straum af magnliðum og fastagjaldi í gjaldskrá fyrir flutning og dreifingu raforku um allt að 95 prósent, en framleiðendur skuli greiða að lágmarki fimm prósent af þessum kostnaði.

Er þar um að ræða fasta krónutölu, þannig að ef bændum fjölgar í ylræktinni þá minnkar greiðsluhlutfallið til allra.

Þá komu einnig inn beingreiðslur fyrir annað ylræktað til manneldis en tómata, gúrkur og paprikur – en þó með mun minna fjármagni.

Inn í endurskoðunina bættust einnig við jarðræktarstyrkir til útiræktunar grænmetis og garðávöxtum til manneldis, frá árinu 2021. Sá stuðningur sem garðyrkjan gat nýtt í rammasamningi var færður yfir í garðyrkjusamning.

Garðyrkjan verður kolefnisjöfnuð

Líkt og í nautgripasamningnum er í endurskoðuðum samningi stefnt að kolefnisjöfnun íslenskrar garðyrkju eigi síðar en 2040. Í samningnum segir að það verði gert með því að byggja upp þekkingu á losun og bindingu kolefnis, vinnu að bættri meðhöndlun og nýtingu aðfanga og áburðar, minni sóun, markvissri jarðrækt, aukinni sjálfbærni og öðrum aðgerðum.

Samhliða er stefnt að því að allar afurðir garðyrkjubænda verði vottaðar kolefnishlutlausar fyrir árið 2040.

Endurskoðaður rammi

Í endurskoðuðum rammasamningi 4. febrúar 2021 er skrefið í loftslagsmálum landbúnaðarins tekið til fulls og því markmiði lýst að íslenskur landbúnaður verði allur að fullu kolefnisjafnaður í síðasta lagi árið 2040.

Eins og áður segir höfðu slík markmið verið sett í endurskoðun bæði garðyrkju- og nautgripasamnings.

Nokkur mál komu inn í endurskoðunina sem á undanförnum misserum hefur verið hrint í framkvæmd. Má þar nefna stofnun íslensks búvörumerkis, Íslenskt staðfest, stofnun Matvælasjóðs og hið veflæga Mælaborð landbúnaðarins. Þess má geta að fyrir gerð samninganna 2016 var upplýsingakerfið Afurð, stafrænt stjórnsýslukerfi Matvælastofnunar, þróað. Í gegnum það fara lögbundnar stuðningsgreiðslur frá stjórnvöldum til landbúnaðarins, stuðningsgreiðslur til þúsunda framleiðenda í landbúnaði á ári hverju í samræmi við búvörusamninga.

Upplýsingarnar sem birtast á Mælaborði landbúnaðarins eru einmitt meðal annars upprunnar í Afurð, þar sem margþættum upplýsingum sem tengjast landbúnaðarframleiðslu er safnað saman.

Garðyrkjusamningur

Endurskoðun 14. maí 2020

Markmið

Markmið samkomulagsins er meðal annars að stuðla að framþróun og nýsköpun í framleiðslu garðyrkjuafurða með áherslu á aðgerðir í loftslagsmálum og fjölþætta stefnumótun.

Jafnframt er markmið samkomulagsins að við endurskoðun samningsins 2023 hafi framleiðsla á íslensku grænmeti aukist um 25 prósent miðað við meðalframleiðslu áranna 2017 til 2019, til að auka markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu.

Tollvernd kemur inn í rammasamninginn

Ekki var fjallað um tollvernd í rammasamningi fyrr en við endurskoðunina 2021. Af því tilefni var haft eftir Gunnari Þorgeirssyni, formanni BÍ, við undirritun samningsins, að þetta væri mikilvæg grein samningsins, að tollar væru nú viðurkenndir sem hluti af starfsskilyrðum íslensks landbúnaðar og að tekið verði tillit til þróunar á þeim vettvangi.

Inn í endurskoðunina var sett sérstök grein þar sem kveðið var á um að ný landbúnaðarstefna verði grunnur endurskoðunar búvörusamninga árið 2023, en drög að slíkri stefnu voru einmitt kynnt formlega undir heitinu Ræktum Ísland um miðjan september á síðasta ári.

Ekki er skylt að setja samninga í atkvæðagreiðslur hjá bændum. Þannig hafa hvorki garðyrkjusamningar né búnaðarlaga-/rammasamningur farið í atkvæðagreiðslu. Stjórn Sambands garðyrkjubænda hefur afgreitt garðyrkjusamning og stjórn Bændasamtaka Íslands eða Búnaðarþings samninga um almenn starfsskilyrði í íslenskum landbúnaði.

Í atkvæðagreiðslum um sauðfjársamninga, mjólkursamninga (forveri nautgripasamnings) og

Nautgripasamningur

Endurskoðun 25. október 2019

Markmið

Markmið samkomulagsins er meðal annars að stuðla að framþróun og nýsköpun í nautgriparækt með áherslu á rannsóknir og menntun ásamt sjálfbærari og umhverfisvænni framleiðslu.

nautgripasamninga hafa án undantekninga samningar verið samþykktir meðal bænda með yfirgnæfandi meirihluta.

Um nánari útfærslu samninganna er fjallað í reglugerðum sem settar eru með stoð í búvöru- og búnaðarlögum.

Undirbúningsvinna hafin

Sem fyrr segir er undirbúningsvinna hafin hjá BÍ við mat á því hvort markmið samninganna frá síðustu endurskoðun náist. Liður í því er sjálfstæð gagnaöflun og uppbygging gagnagrunns hagtalna fyrir landbúnaðinn. Góð gögn munu þannig bæta samningsstöðu bænda, auk ýmissa greininga, og er þar mikil vinna fram undan.

Síðan taka við samtöl við allar búgreinar um áherslur og væntingar til komandi viðræðna, auk samráðsfunda við ráðuneyti og hagaðila.

Gert er ráð fyrir að eiginlegar efnislegar viðræður hefjist svo strax á nýju ári og og er stefnt að því af hálfu BÍ að ljúka þeim sem fyrst. Munu þau leggja áherslu á að opna á viðræður um alla fjóra samningana í einu, sem talið er skilvirkari leið en að vera með einn samning undir í einu.

Áherslur BÍ

BÍ leggja áherslu á við sinn undirbúning, að einfalda samningana eins og hægt er – en skýra líka betur út ýmis atriði í útfærslum þeirra. Varðandi einstök efnisatriði er ljóst að sauðfjárbændur hafa kallað eftir endurskoðun á niðurtröppun greiðslumarks. Garðyrkjubændur

Sauðfjársamningur

Endurskoðun 11. janúar 2019

Markmið

Markmið samkomulagsins er meðal annars að stuðla að jafnvægi framboðs og eftirspurnar á markaði með sauðfjárafurðir, auka frelsi sauðfjárbænda, að auðveldara verði að takast á við sveiflur í ytra og innra umhverfi greinarinnar og auðvelda aðlögun að breyttum búskaparháttum.

hafa rætt um að skoða útfærslu á niðurgreiðslu rafmagns til lýsingar, þannig að greiðslur til einstakra garðyrkjubænda skerðist ekki þó það fjölgi í greininni.

Einnig þurfi að setja inn ákvæði um hvata til nýliðunar í garðyrkju og aukinnar framleiðslu núverandi bænda. Innan BÍ er horft til þess að endurskoða mikilvæg atriði sem ekki koma fram í samningunum en eru á forræði stjórnvalda, eins og að taka til skoðunar kröfur um hagræðingu í afurðastöðvageiranum. Samtökin munu einnig kalla eftir breytingum á tollverndinni. Hún sé ein af meginstoðum landbúnaðarkerfisins.

Afkoma bænda verður einnig til umfjöllunar, þar sem farið er inn í samningaviðræðurnar á erfiðum tímum hvað rekstrarumhverfið varðar með miklum verðhækkunum á aðföngum. Afurðaverð tryggir ekki viðunandi afkomu.

Á þessu ári var bætt í stuðning til bænda til að takast á við erfiðleika í rekstri vegna ytri aðstæðna, en sú aðgerð gildir einungis fyrir þetta ár.

Loftslagsmál til umræðu

Síðan er ljóst að aðgerðir stjórnvalda varðandi loftslagsmál verða til umræðu í þessari endurskoðun. Þar eru BÍ komin af stað með verkefni sem þarf að styrkja enn frekar og ekki síður að byggja upp hvata sem tryggja að árangur náist í að draga úr losun eða auka bindingu.

Verkefnin Loftslagsvænn landbúnaður og Kolefnisbrúin verða lykilstoðirnar í þeirri vinnu.



RANNSÓKNIR & ÞEKKING

Matvælaöryggi:

Meira af varnarefnum í erlendum en innlendum matvælum

– Matís rannsakar tækifæri við nýtingu á aldinhýði og ytra byrði grænmetis

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is

Nokkur tækifæri felast í aukinni nýtingu hliðarafurða grænmetis og ávaxta en varnarefni sem finnast á yfirborði þeirra geta aftrað fýsileika slíkrar neyslu.

Innan veggja Matís er nú unnið rannsóknarverkefni sem ber titilinn „Trefjaríkt og hollt hýði?“ Ásta Heiðrún E. Pétursdóttir, sviðsstjóri lýðheilsu og matvælaöryggis, er verkefnastjóri þess. Hún kynnti frumniðurstöður rannsókna sinna á aðalráðstefnu Samtaka norrænna búvísindamanna nýlega.

„Ég, og við hjá Matís, höfum mikinn áhuga á að nýta allar hliðarafurðir. Nú hendum við fullt af hýði og berki sem við skrælum af ávöxtum og grænmeti og vildum við skoða hvort einhver tækifæri fælust í því.“

Við könnun á ýmsum leiðum til nýtingar á hýði velti Ásta hins vegar fyrir sér þátt varnarefna á ávöxtum og grænmeti sem bera hýði eða börk. Enn fremur vildi hún kanna hvort næringargildi þeirra væri annað en innvolsins. Því var sett upp rannsóknarverkefni sem hlaut m.a. styrk frá Matvælasjóði í fyrra.

Báru saman íslenskar og innfluttar vörur

Tekin voru 149 sýni af vörum frá 22 löndum. Alls voru 90 sýni úr innfluttum vörum og 59 sýni úr innlendum vörum. Vörurnar voru sóttar í verslanir en í einhverjum tilfellum beint til framleiðenda.

Sýnin voru úr 76 tegundum grænmetis, s.s. gúrkum, sveppum, tómötum, paprikum, kartöflum, ýmsu káli, kryddjurtum, 45 ávöxtum og berjum; mangó, banana, eplum, sítrusávöxtum, melónum, kíví, jarðarberjum, bláberjum og hindberjum og fjórtán kornvörum; byggi og höfrum.



Varkárni gagnvart neyslu á hýði sítrusávaxta er sjálfsögð enda reyndust margir þeirra innihalda varnarefnisleifar. Mynd / Maryam Jahanm

„Ein hugmyndin var að kanna hvort munur væri á varnarefnum í íslenskum og innfluttum vörum. Lítið er að finna af gögnum um íslenskt grænmeti þannig við vildum gera þann samanburð. Því reyndum við eftir fremsta megni að taka sýni af sambærilegum innlendum og innfluttum vörum, t.d. íslenskar kartöflur og erlendar kartöflur, íslensk jarðarber og erlend jarðarber og svo framvegis,“ segir Ásta.

Sýnin voru skimuð fyrir varnarefnum í öllum ávextinum eða grænmetinu. Síðar voru valin sýni skoðuð að innan og utan ásamt því að næringarefni þeirra voru greind.

Frumniðurstöður sýna svo ekki verður um villst að innfluttar vöru voru miklu gjarnari á að hafa á sér varnarefni en þær íslensku. Af þeim 90 innfluttu vörum sem tekin voru til skoðunar innihéldu 57 varnarefni, eða 63% heildarinnar. Af þeim 59 innlendu vörum sem tekin voru til skoðunar, innihéldu 20 varnarefni í einhverju mæli, eða 34% sýnanna.

Ásta bendir á að þó varnarefnin hafi fundist í vörum séu þau í allflestum tilfellum innan eðlilegra marka. Það sem fannst var skordýraeitur, sveppalyf og/eða stýriefni, sem t.d. eru notuð til að hafa áhrif á vöxt og viðgang ákveðinna tegunda matvæla, t.d. til að draga úr spírun kartaflna og auka þar með geymsluþol.

Íslenskt ber og kryddjurt með varnarefni yfir hámarksgildum

Hins vegar innhéldu 9% sýna varnarefni yfir leyfilegum hámarksgildum, tvö innlend og ellefu innflutt.



Ásta Heiðrún E. Pétursdóttir, sviðsstjóri lýðheilsu og matvælaöryggis hjá Matís.

Innlendu vörurnar tvær voru annars vegar kryddjurt, hins vegar ber. „Þetta voru leifar af skordýraeitri. Við eftirlit á íslenskum matvælum hafa alveg fundist varnarefnaleifar en þau eru sjaldan yfir mörkum, en það er reyndar tekið miklu minna af sýnum af innlendum vörum en innfluttum.“

Erlendu vörurnar ellefu voru ávextir, krydd og grænmeti. Reyndist meirihluti innfluttu ávaxtanna innihalda einhverjar varnarefnisleifar og 21% þeirra var yfir hámarksgildum. Algengast var að finna þær á berki sítrusávaxta.

Ásta segir sjálfsagt að fólk sé varkárt við neyslu á hýði sítrusávaxta. „Við erum sjaldnast að tala um mikið magn, við borðum t.d. ekki allan börkinn af heilli appelsínu. Það hefur hins vegar ekkert endilega neikvæð áhrif ef verið er að raspa smá börk af appelsínu eða setja smá sítrónusneiðar í vatnið sitt.“

Dregur engar ályktanir

Niðurstöður þessara skimana Matís leiða að því líkum að magn varnarefna í matvælum sé að aukast en við opinbert eftirlit undanfarin ár hefur hlutfall sýna með varnarefni yfir hámarksgildum verið 5-6%. Heilbrigðiseftirlitið framkvæmir sýnatökur á 100-200 vörum árlega eftir forskrift MAST sem byggt er á reglum Evrópusambandsins en í allflestum tilfellum eru þau sýni sem tekin eru af erlendum vörum.

Ásta segir þó erfitt að túlka niðurstöðurnar út frá þessum takmarkaða fjölda sýna. „Þetta getur gefið vísbendingar um aukna notkun varnarefna við framleiðslu grænmetis og ávaxta en kannski var þetta eingöngu tilviljunarkennt með þetta sett af sýnum. Við þyrftum að afla meiri gagna til að draga ályktanir um þennan þátt rannsóknarinnar,“ segir Ásta.

Hún segir hins vegar að í ljósi þess að varnarefni hafi fundist í miklum mæli á barkarávöxtum hafi fókus rannsóknarinnar færst frá þeim og yfir á grænmeti. „Við finnum minna af varnarefnum í íslensku grænmeti og viljum núna skoða það betur, til dæmis með því að mæla trefjar, vítamín og steinefni í hýði þess og sjá hvort upprunalega hugmynd verkefnisins, um betri nýtingu, geti átt við það.“

Lokaniðurstaðna verkefnisins er að vænta í árslok og vonast Ásta til að þær geti orðið í formi leiðbeininga og tillagna um sniðuga notkun á hliðarafurðum grænmetis.

Beikon úr bananahýði

Á veraldarvefnum úir og grúir af alls kyns upplýsingum. Sniðug nýting aldinhýða er þar á meðal.

Meðal athyglisverðra uppskrifta er meðhöndlun bananahýðis eins og um beikon sé að ræða. Í stuttu máli er bananahýði saltað og það látið þorna. Þá er það penslað með marineringu sem inniheldur ýmis reykt krydd og púðursykur í sojasósu. Marineringin er látin liggja á hýðinu í nokkurn tíma áður en þau eru steikt á pönnu.

Útlitið er ekki ólíkt hinu venjulega beikoni og hýðin virðast girnilega stökk ef þau eru rétt steikt.





Stöðluð stálgrindarhús
á hagstæðu verði

Stærðir: 80m², 150m², 250m² og 350m²

Stálgrindin er heitgalvaniseruð og er sérsmíðuð fyrir íslenskar aðstæður. Húsin standast mestu snjó-og vindálagskröfur sem gerðar eru í byggð á Íslandi og henta því sem geymslu-og vélaskemmur í öllum landshlutum. Húsin eru klædd 60mm PIR yleiningum á veggi og 80/125mm yleiningum á þök. Mögulegt er að velja liti á klæðningarnar. Húsunum fylgja allar nauðsynlegar teikningar til að fá byggingarleyfi ásamt teikningum af grunni og vinnuteikningum. Einnig fylgir keyrsluhurð, einn gluggi og tvær gönguhurðir. Reyklosunargluggar eru á þaki sem hleypa inn birtu.

SAMAN Í 60 ÁR BYKO | bondi@byko.is



Golfbíla- og vinnutækjalyfta

540.165 kr.-



Mótorhjólalyfta 1 tonn

407.095 kr.-



Færanleg lyfta 1 póstur - með hjólatjakki

769.160 kr.-



Skæralyfta 3,5 tonn - upp í 1920 mm

845.382 kr.-



Skæralyfta færanleg 2,8 tonn

381.467 kr.-



2 pósta bílalyftur
Verð frá:

639.853 kr.-



Jafnvægisstillingavél 10-24” felgur

314.460 kr.-



Umfelgunarvél allt að 1040 mm dekk

462.603 kr.-



Hjólaborð 1200 kg
Fyrir rafhlöður úr rafbílum

498.328 kr.-



Verkfæraskápur - 154 hlutir

~~119.900 kr.-~~

89.900 kr.-



Verkfærataska - 128 hlutir

~~49.734 kr.-~~

29.900 kr.-



Vinnuhanskar
Verð frá:

299 kr.-



Einnota vinnuhanskar
Verð frá:
1.650 kr.-
per pakki

SJÁÐU ALLT ÚRVALIÐ: WWW.IDNVELAR.IS

IÐNVÉLAR

SMIÐJUVEGI 44-46
sími 414-2700
sala@idnvelar.is

Öll verð í íslenskum krónum með vsk. Yfirstrikuð verð eru listaverð. Auglýst verð gilda til 31.10.2022 á meðan að birgðir endast. Birt með fyrirvara um villur og breytingar.

15% HAUSTAFSLÁTTUR
AF SAMASZ HEYVINNUVÉLUM

RAKSTRARVÉLAR
Einnar stjörnu
Tveggja stjörnu

SLÁTTUVÉLAR
Með knosara
Án knosara

Búvís
Sími 465 1332
www.buvis.is



ÁHUGALEIKHÚS Á ÍSLANDI

Á döfinni ...



Eiríkur Bóasson.

Freyvangsleikhúsið í Eyjafirðinum er mörgum kunnugt, en þar verður nú fyrsta vetrardag, 22. október, haldin sannkölluð tónlistarveisla undir nafninu Eitt spor enn. Stendur Hollvinafélag leikhússins fyrir uppákomunni, en um ræðir tónleikahald með lögum Eiríks Bóassonar. Sá er vel þekktur innan veggja leikhússins enda hefur hann tekið þátt í ófáum sýningum sl. 30 ár, bæði á sviði jafnt sem tónlistarflutningi. Eftir Eirík liggur fjöldinn allur af lögum við texta hinna ýmsu listamanna og eru þó nokkur þeirra útgefin. Fá tónleikagestir að heyra gott úrval laga Eiríks í flutningi frábærra hljóðfæraleikara auk hans sjálfs.

Fram koma:
Karlakór Eyjafjarðar undir stjórn Guðlaugs Viktorssonar, Kirkjukór Laugalandsprestakalls undir stjórn Þorvalds Arnar Davíðssonar, Jódís, Svetlana Beliaeva, Olga Ivkhuanova, Óskar Pétursson, Margrét Árnadóttir og Hannes Örn Blandon.

Hljómsveitin, Ingólfur Jóhannsson, Hermann Arason, Halldór G. Hauksson, Kristján Jónsson, Guðlaugur Viktorsson, Einar Guðmundsson og Eiríkur Bóasson. leikur undir og má vænta mikillar stemningar, gleði og glaums. Kynnir verður Valdimar Gunnarsson, skemmtunin hefst kl. 20 og miðaverð er 3.000 kr. Miðasala í síma 857-5598 og á freyvangur@gmail.com.



Lúðrasveit Þorlákshafnar í samstarfi við Jónas Sig.
Í tilefni þess að 10 ár eru liðin frá því platan **Þar sem himin ber við haf** kom út ætla Jónas Sig. og Lúðrasveit Þorlákshafnar að blása til glæsilegra tónleika í Háskólabíói **11. nóvember.**

Fjallað er um þetta frábæra samstarf annars staðar í blaðinu, á síðu 38 nánar tiltekið, en til viðbótar við hópinn leika félagarnir Tómas Jónsson á hljómborð, Ómar Guðjónsson á gítar, Guðni Finnsson á bassa og Arnar Þór Gíslason á trommur. Hefjast tónleikarnir í Háskólabíói klukkan 20 og má finna miða á tix.is.



Annað samstarf sem vert er að geta er að nú blása þeir Magnús og **Jóhann** til tónleika í Bæjarbíói þann 21. október. Er tilefnið 50 ára samstarfsafmæli þeirra félaga, en hljómborðsleikarinn og góður vinur þeirra, Jón Ólafsson, verður þeim innan handar. Hefst gleðin klukkan 20 og miða má finna á tix.is.



Immi ananas, sem leikinn er af Alberti Snæ Tórshamar, horfir yfir hópinn með þóttasvip.

Leikfélag Vestmannaeyja:

Ávaxtakarfan í Eyjum

Gaman er að geta þess að Leikfélag Vestmannaeyja hefur starfað lengur en elstu menn muna en leiklistarstarfsemi hófst í Eyjum um miðja 19. öld.

Er enn talað um er kvenfélagið Líkn, snemma á tuttugustu öldinni, reið á vaðið með sýningu leikritsins Ævintýri á gönguför eftir Jens Christian Hostrup. Var leikritið afar vinsælt á þessum tíma og sýnt víða um land. Þess ber að geta að kvenfélagið hélt í framhaldinu lengi uppi leikstarfsemi við hin ýmsu tækifæri og góðan hljómgrunn.

Ávaxtakarfan vinsæla

Eitt vinsælasta barnaleikrit allra tíma, Ávaxtakarfan eftir Kristlaugu Maríu Sigurðardóttur, verður frumsýnt þann 28. nóvember nk. en leikfélag Vestmannaeyja býður upp á þá dýrð undir styrkri hönd leikstjórans Ólafs Jens Sigurðssonar.

Fjallar verkið um lærdómsríkt ferli persóna, í gervi ávaxta, sem opna augu sín fyrir því að í raun skipti einungis innræti máli – ekki útlit. Saga ávaxtanna fer yfir viðkvæmt en áleitið efni á borð við einelti og fordóma, en í ávaxtakörfunni ræður Immi ananas ríkjum með kúgun og ógnarstjórn. Maja jarðarber er hvað útsettust fyrir einelti en það breytist er Gedda gulrót kemur í körfuna.

Verður Gedda fyrir fordómum þar sem hún er grænmeti en ekki ávöxtur og tekur því við af Maju. Kemur svo að því, eins og áður sagði, að íbúar körfunnar átta sig á að innræti skiptir mestu máli og á því boðskapur leikritsins alltaf við þó ekki sé nema til að vekja viðstadda til umhugsunar.



Guðný Emilíana Tórshamar í hlutverki Mæju jarðarbers.

Sýningartími

Sýnt verður á Heiðarvegi 19, Vestmannaeyjum og er frumsýningin klukkan átta.

Næsta sýning verður svo strax daginn eftir, kl. 15 á laugardeginum 29. nóvember og á sunnudeginum á sama tíma. Ráðgert er að sýningarnar verði um tíu talsins alls, og þá um helgar, laugar- og sunnudaga klukkan 15.

Nánari upplýsingar má fá í síma 852 1940 eða á Facebook-síðu leikfélagsins. */SP*

Leikfélag Kópavogs:

Þjófar og lík

Leikfélag Kópavogs frumsýnir Þjófa og lík, tvo einþáttunga eftir Dario Fo, sunnudaginn 30. október.

Leikþættirnir eru Lík til sölu í leikstjórn Arnar Alexanderssonar og Betri er þjófur en snurða á þræði í leikstjórn Sigrúnar Tryggvadóttur.

Nóbelsskáldið Dario Fo þarf vart að kynna enda hafa leikverk hans notið mikillar hylli hérlendis í gegnum tíðina. Spilling valdsins er rauður þráður í mörgum verka Dario Fo. Þau einkennast af bítandi húmor í garð valdhafa, hvort sem það er lögreglan, kaþólska kirkjan eða stjórnmálamenn. Þau eru einnig innblásin af ítalskri leikhúshefð, ekki síst Commedia dell'arte.

Alls taka 13 leikarar þátt í sýningunum sem verða á sviðinu í Leikhúsinu að Funalind 2 í Kópavogi fram eftir nóvember. Leikmynd og búningar eru í höndum Maríu Bjartar Ármannsdóttur.

Miðasala er á vef leikfélagsins, www.kopleik.is. */SP*



Ellen Dögg Sigurjónsdóttir, Guðný Sigurðardóttir og Þórdís Sigurgeirsdóttir.



Sólgerður Vala Kristófersdóttir, Sandra Ester Jónsdóttir og Stefán Bogi Sveinsson.



Efri röð frá vinstri: Sigurður Friðrik Þórsson, Zoe Pidakou, Jarþrúður Hólmdís Júlíusdóttir, Sandra Ester Jónsdóttir, Andri Þór Ómarsson, Margrét Inga Guðmundsdóttir, Stefán Bogi Sveinsson og Jón Vigfússon. Neðri röð frá vinstri: María Sigurðardóttir, Árný Birta Eysteinsdóttir, Sólgerður Vala Kristófersdóttir. Ágúst Bragi Daðason, Víðir Már Pétursson og Auðbjörg Elfa Stefánsdóttir.

Leikfélag Fljótsdalshéraðs:

Gulleyjan sívinsæla

Verkið Gulleyjan í höndum Valgeirs Skagfjörð leikstjóra verður frumsýnd sunnudaginn 23. október en söguna þekkja margir frá barnæsku.

Verkið er skrifað það herrans ár 1882 af skoska rithöfundinum og ljóðskáldinu Robert Louis Stevenson og fjallar í stórum dráttum um ævintýralegustu fjársjóðsleit allra tíma. Má segja að þarna sé um fyrirmynd allra sjóræningjasagna að ræða og með hinn vel kynnta Langa John Silver í einu aðalhlutverkinu. Gulleyjan er leik- og söngleikur af bestu gerð fyrir alla fjölskylduna eftir Robert Louis Stevenson, eins og áður sagði, en einnig þá Karl Ágúst Úlfsson og Sigurð Sigurjónsson.

Sýningin er full af kostulegum persónum, bardögum og allsherjar göldrum enda slá hér liðsmenn Leikfélags Fljótdalshéraðs rækilega í gegn á fjölunum. Sýnt verður í glæsilegu, nýuppgerðu menningarhúsi á Egilsstöðum, Sláturhúsinu, en frumsýnt er 29. október næstkomandi. Aðrir sýningadagar Gulleyjunnar eru svo 30. október kl. 15.00, 2. nóvember kl. 18.00, 3. nóvember kl. 18.00, 5. nóvember kl. 15.00, 6. nóvember kl. 15.00, 10. nóvember, kl. 18.00 og 12. nóvember, kl. 15.00.

Hægt er að tryggja sér miða á vefsíðunni bit.ly/gulleyjan.

/SP

Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



Husqvarna K3600 Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000 Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Husqvarna K7000 Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14” Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K4000 Rafmagnssög
Sögunardýpt 12,5cm

Þjónustuverkstæði og varahlutir

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

ÞJÓÐVELDISBÆRINN

Framtíð fortíðar

Vilt þú byggja upp menningartengda ferðaþjónustu?

Auglýst er eftir rekstraraðila/-aðilum til að annast rekstur Þjóðveldisbæjarins í Þjórsárdal. Á bænum er lifandi sýning á sumrin, þar sem gestir upplifa forna lífshætti í gegnum líf og leiki.

Hlutverk rekstraraðila er að annast rekstur Þjóðveldisbæjarins og tryggja upplifun og þjónustu til ferðamanna. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af rekstri í ferðaþjónustu sem og brennandi áhuga á uppbyggingu á menningartengdri ferðaþjónustu.





Áhugasöm eru beðin um að senda inn umsókn og/eða fyrirspurnir á **info@thjodveldisbaer.is** fyrir **6. nóvember** nk. Óskað er eftir upplýsingum um bakgrunn umsækjenda sem og hugmyndum um rekstur og uppbyggingu á svæðinu.

LÍF & STARF

Handverksbrugghúsin á Íslandi:

Forsagan í Bandaríkjunum

– Þversagnir í vestri

Nýverið var áfengislöggjöf á Íslandi breytt í fyrsta skipti í rúm 30 ár svo einhverju máli skipti.

Var lögleidd sala bjórs frá framleiðslustað eða beint frá býli eins og það er stundum nefnt, þar sem smærri framleiðendum var veitt heimild til sölu áfengis beint til neytenda með vissum takmörkunum. Kom þessi breyting í kjölfar þrýstings frá smáframleiðendum en fjöldi þeirra og fjölbreytni hefur aukist gríðarlega hér á landi síðustu 15 árin eða svo. Þessi þróun, sem á Íslandi hófst með Kalda verksmiðjunni árið 2006, á sér mun dýpri sögu sem rekja má merkilegt nokk til Bandaríkjanna. Þegar flestir hugsa um bjórmenningu og Bandaríkin, a.m.k. í sögulegu samhengi, hugsa þeir um ljósa, óspennandi lagera meðan sagan geymir ýmislegt annað sem vert er að veita athygli.

Það er ætlunin hér og í næstu tölublöðum Bændablaðsins að rekja sögu handverksbrugghúsanna á Íslandi en við byrjum á forsögunni.

Bjórinn samofin þroskasögu mannkyns

Saga bjórsins er löng og ítarleg en segja má að hún sé samofin þroskasögu mannkyns frá örófi alda.

Fyrstu heimildir um gerjað korn má rekja árþúsundir aftur í tímann, til Mið-Austurlanda, og hafa sumir meira að segja gengið svo langt að upphaf fastrar búsetu og þar með landbúnaðar eins og við þekkjum hann í dag, þar sem fólk hafi tekið sér fasta búsetu í stað safnaralífs og veiðimennsku í því skyni að rækta sér korn til matar – og ekki síður drykkjar.

Ekki er fráleitt að hugsa sér að bjórinn hafi uppgötvast fljótlega eftir að fyrsta korngeymslan fylltist af vatni og fékk svo að liggja í friði í smástund.

Hér er ágætt að staldra við og nefna að mjöður er talinn eldri en bjór, en mjöður og bjór eru ekki sami drykkurinn. Munurinn felst í því að mjöður gerjast úr hunangi en bjórinn úr korni. Skiptar skoðanir eru á því hvor drykkurinn sé eldri en segja má að uppgötvanir danskra fornleifafræðinga á brauði sem bakað var a.m.k. 4.000 árum fyrir upphaf þekktrar kornræktar hafi veitt bjórmönnum nokkurn byr í seglin varðandi þessa umræðu.

Áfengisbannið ódauðlega

Í öllu falli er bjórinn jafngamall siðmenningunni og þróaðist bjórgerðin samhliða henni. Klaustur miðalda voru mikilvægar bjórgerðarmiðstöðvar og urðu verulegar framfarir á sviði stórfelldrar bjórframleiðslu í tengslum við verslunarfélög á borð við Hansakaupmenn, sem teygðu anga sína m.a. til Íslands. Bjórgerð varð nútímastóriðnaður á seinni hluta nítjándu aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu í tengslum við tæknibreytingar sem auðvelduðu stórfellda bruggun og átöppun á lagerbjór. Þetta leiddi til mikillar samþjöppunar á markaði og einsleitni bjórs, ekki hvað síst í Bandaríkjunum. Þar í landi skipti líka máli áfengissölubann sem lék smærri brugghúsin grátt.

Áfengisbannsins í Bandaríkjunum er helst minnst í rómantísku ljósi leynibúlla (Speakeasy) og gert ódauðlegt í þjóðsögum um stórglæponinn Al Capone. Bannið sjálft var í gildi frá árinu 1920 til ársins 1933, sem var einmitt sama ár og áfengisbanni var aflétt á Íslandi, að öllu leyti nema því að bjór var áfram bannaður.

Í Bandaríkjunum var bjórframleiðslan hins vegar fremur einsleit, enda einungis stærstu bjórframleiðendurnir sem lifðu bannið af og þeir urðu síðan að leita allra leiða til að gera bruggið hagkvæmara, enda samkeppnin hörð og stríðsreksturinn sem var að brjótast út í Evrópu setti enn frekar strik í reikninginn.

Hér er ágætt að staldra við og útskýra að bandarísk bjórmenning á öldum áður var líkt og bjórmenningin í öðrum löndum fjölbreytt og skemmtileg. Enskir landnemar höfðu komið með ölhefðir með sér og í sögulegu samhengi var bjórflóran þar nokkuð dökk.

Aukning þýskra innflytjenda upp úr miðri 19. öld þýddi hins vegar að lagerbjórinn varð sívinsælli og eru nöfn innflytjenda þessa tíma, á borð við Joseph Schlitz, Frederick Miller, Adolphus Busch og Frederick Pabst enn vel þekkt innan bjórheimsins.

Sem fyrr sagði varð bjórlandslagið bandaríska einsleitara í kjölfar áfengisbannsins og ekki bætti úr skák að á árum seinni heimsstyrjaldarinnar hófu bruggmeistarar fyrir alvöru að notast við hrísgrjón eða maískorn í bjórana. Hrísgrjón koma með auðgerjanlega sterkju og létta áferð bjórs, koma með bragðlítið alkóhól og framkalla það sem sumir kalla ameríska bjórbragðið, sem flestir Evrópubúar lýsa í dag sem fremur vatnskenndu. Þannig má segja að ameríski lagerinn sé afleiðing heimsstyrjaldar.

> „Ekki er fráleitt að hugsa sér að bjórinn hafi uppgötvast fljótlega eftir að fyrsta korngeymslan fylltist af vatni og fékk svo að liggja í friði í smástund.“

Upphaf handverksmenningar

Það var hins vegar eitt brugghús sem neitaði að fara þessar leiðir og hélt áfram að starfa eftir eldri hefðum. Anchor brewing hét það en árið 1965 var maður að nafni Fritz Maytag III sem bjargaði því frá gjaldþroti og tók upp á sína arma. Er þetta sá atburður sem af flestum er talinn marka upphaf handverksmenningarinnar í bjórnum.

Vissulega voru heimabruggarar víða starfandi um Bandaríkin en það var nálægt því ómögulegt að komast í gegnum reglugerðarverkið og brjótast í gegnum einokunarstöðu stærri aðilanna þar til óvæntasta hetja bjórheimsins, Jimmy Carter, þá forseti, steig fram árið 1979 og lögleiddi heimabrugg, einfaldaði reglugerðir og opnaði fyrir þann möguleika að hægt var með auðveldari hætti að opna bruggbari. Enda í kjölfarið á 9. áratugnum spruttu þeir upp eins og gorkúlur víðs vegar og kraftbjórabyltingin hófst fyrir fulla alvöru.

Þessi hreyfing átti eftir að leiða til byltingar víðar um heim. Fæstir Íslendingar tengja Bandaríkin við bjórbyltingar, en staðreyndin er eigi síður sú að þarna hófst hún. Áhrifin teygðu sig víða, meira að segja allt til Íslands, sumarið 2006.

En það er saga fyrir næsta Bændablað.

Höskuldur Sæmundsson og Stefán Pálsson.



Átjándi viðauki stjórnarskrár Bandaríkjanna kvaddur en viðaukinn fjallaði um bann við áfengi. Myndin var tekin á veitingastað 5. desember 1933 í New York.



Höskuldur Sæmundsson.



Stefán Pálsson.



Skálað var fyrir endalokum átjánda viðaukans með brosi á vör.



Pabst Blue Ribbon er ljós lagerbjór sem enn er drukkinn víða.



Fritz Maytag III sem bjargaði Anchor brewing frá gjaldþroti árið 1965 og tók upp á sína arma.

HAUSTTILBOÐ

Rýmingarsala · Allt á að seljast!

20% afsláttur af öllum garðhúsum og
15% afsláttur af völdum gestahúsum á meðan byrgðir endast.

Takmarkað magn · Ekki missa af þessu · Fyrstur kemur fyrstur fær

VH/22-03



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

45% afsláttur af flutningi á **GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS og GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

Staðgreiðslulán · VISA Lán - hagstæðar afborganir

www.volundarhus.is



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is





Kraftvélar kynntu nýjan metantraktor á Landbúnaðarsýningunni. New Holland er fyrsti dráttarvélaframleiðandinn sem setur á markað dráttarvél sem er hönnuð frá grunni til að ganga fyrir metani. Mynd /ÁL

Fyrsti metantraktorinn

– Dráttarvél sem gengur fyrir eldsneyti sem hún framleiðir sjálf

Á morgun, föstudag, fær Sorpa afhenta nýja New Holland T6.180 dráttarvél sem gengur fyrir metani. Þessi vél verður notuð á athafnasvæði Sorpu á Álfsnesi og mun ganga fyrir orku framleiddri á staðnum.

Kraftvélar voru með vélina til sýnis á nýafstaðinni Landbúnaðarsýningu í Laugardalshöll.

Eiður Guðmundsson, stöðvarstjóri Gas og jarðgerðarstöðvarinnar (GAJA) á Álfsnesi, segir dráttarvélina verða notaða í mörg störf á athafnasvæðinu. Nú þegar notar Sorpa traktora og mun þessi leysa af hólmi elstu vélina þeirra. Fyrir utan að ganga fyrir öðru eldsneyti en gengur og gerist er þessi dráttarvél mjög sambærileg þeim sem þegar eru á markaðnum.

Helsta verkefni vélarinnar er að knýja 24 rúmmetra fóðurblandara sem er nýttur til að brjóta niður og blanda stoðefnum við lífræna úrganginn. Blandarinn losar efnið síðan á færiband sem flytur það inn í vinnsluna.

Önnur verkefni eru að dreifa sjó með haugsugu á urðunarstaðinn til að minnka lykt á sumrin. Á veturna er hægt að nota vélina í snjómokstur og hálkuvarnir.

Unnið að orkuskiptum

Eiður hefur lengi fylgst með þróun þessara mála, en frumgerð vélarinnar var kynnt árið 2013. Eftir að hafa verið með dráttarvélarnar í prófunum undanfarin ár hefur framleiðandinn fyrst núna boðið vélarnar í almenna sölu. Aðspurður hvort fleiri vélar af þessu tagi verði keyptar þá telur Eiður það líklegt.

„Við endurnýjun munum við að sjálfsögðu velja metan, að því gefnu að þetta komi vel út hjá okkur.“

Metan er plássfrekt og því rúmast minna eldsneyti í þessari vél en í sambærilegum dísildráttarvélum. Það mun þó ekki koma að sök þar sem megnið af því metani sem búið er til fyrir íslensk farartæki er framleitt á Álfsnesi.

„Það má segja að þessi dráttarvél keyri á afurð GAJA sem hún sjálf er notuð til að framleiða,“ segir Eiður.

Orkusjóður styður við verkefni sem vinna að orkuskiptum. Eiður sótti um styrk fyrir hönd Sorpu og fá þau fimm milljónir upp í kaupverð vélarinnar. Þó svo að upphæðin sé ekki stór hluti af verkefninu, þá segir Eiður að í þessu felist talsverð viðurkenning. */ÁL*

Lífræn hreinsistöð



- Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar



WPL Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is



Hægt er að tengja kjúklingakjöt í breskum verslunum við skógareyðingu. Mynd / Ibamagov

Umhverfismál:

Brasilískur kjúklingur eyðir Amazon

Nýútkomin skýrsla rekur hvernig brasilískt kjúklingakjöt sem stendur breskum neytendum til boða er fóðrað á maís og soja sem hægt er að rekja til eyðingar regnskóganna í Amazon.

Brasilíska félagið JBS, sem er stærsta kjötafurðafyrirtæki heims, flutti umrætt kjúklingakjöt til Bretlands.

Skýrslan, sem gefin var út í samvinnu Reporter Brasil og Ecostorm, var gefin út á fimmtudaginn í síðustu viku. Þar er sagt að kerfin sem við búum við í dag séu ófullkomin þegar kemur að því að hindra notkun á fóðri af óstaðfestum uppruna. Guardian greinir frá.JBS hefur selt mikið magn kjúklings undir vörumerkinu Seara til Evrópu, Kína og Mið-Austurlanda. Bretar fluttu inn kjúkling frá fyrirtækinu fyrir minnst 500 milljónir bandaríkjadala.

Kjötið hefur m.a. verið keypt af heildsölum, matvælaframleiðendum og mötuneytum sem þjóna skólum, sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum og smásölum.

Þrátt fyrir að JBS neiti öllum ásökunum, gátu skýrsluhöfundar rekið soja og maís sem samsteypan keypti beint til nokkurra stórra framleiðenda sem ræktuðu þessar afurðir á landi þar sem regnskógur hafði verið ruddur. */ÁL*



Hafrannsóknastofnun:

Eldvarnarefni finnast í langreyðum

Í sýnatökum Hafrannsóknastofnunar sumarið 2018 voru tekin sýni úr átta þunguðum langreyðum og fóstrum.

Sýni voru tekin úr spiki fullorðnu dýranna en úr bakugga fóstra. Langreyðarnar voru veiddar á fæðuslóð vestur af landinu. Í öllum sýnunum fundust uppsöfnuð eldvarnarefni.

Halógen eldvarnarefni og klór-parafínefni fundust í 87,5% kúnna og 100% fóstra, á meðan lífrænir fosfatsesterar fundust í öllum kúm og fóstrum. Yfirleitt voru styrkir þessara efna hærri í fóstrum en kúnum, sem er einkennandi fyrir þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum.

Eitruð efni sem valda skaða

Fram kemur á vef Hafrannsóknastofnunar að eldvarnarefni eru hópur efna sem notuð eru til að minnka brennanleika efna í húsgögnum, raftækjum, byggingarefnum, bílum og textíl. Lengi vel voru slík efni aðallega svokölluð brómeruð eldvarnarefni, en rannsóknir leiddu í ljós að þau voru eitruð og söfnuðust fyrir í lífríkinu þar sem þau geta valdið skaða. Þau geta valdið hormónaójafnvægi, skjaldkirtils- og lifrarskaða og því voru sum þeirra bönnuð.

Ný efni sem voru þróuð í staðinn, virðast einnig vera skaðleg, þó að áhrif þeirra séu minna þekkt.

Rannsókn á nýju eldvarnarefnunum

Nýlega var birt í ritinu Environmental Pollution grein sem ber fyrirsögnina Transplacental transfer of plasticizers and flame retardants in fin whales (Balaenoptera physalus) from the North Atlantic Ocean. Einn höfunda er Gísli Víkingsson heitinn, fyrrverandi sérfræðingur Hafrannsóknastofnunar.

Rannsóknin tók til þriggja tegunda þessara nýju eldvarnarefna; halógen eldvarnarefni, lífrænir fosfatsestarar og klór-parafínefni. Skoðað var hvort efnin byggðust upp í langreyðum og hvort þessi efni bærust milli móður og fósturs.

Þessar niðurstöður sýna að eldvarnarefni sem notuð eru í dag berast á milli móður og fósturs í langreyðum, sem kallar á frekari rannsóknir á áhrifum þessara efna á líffræði sjávarspendýra. */VH*



Ráðlögð veiði úr stofninum á þessu ári er um 26.000 fuglar. Mynd /Bbl

Fyrirkomulag rjúpnaveiða 2022:

Unnið að verndaráætlun

Veiðitímabil rjúpu er frá 1. nóvember til 4. desember í ár.

Heimilt verður að veiða rjúpu frá föstudegi til þriðjudags. Veiðar skulu hefjast á hádegi þá daga sem veiði er heimil og skal eingöngu standa yfir á meðan að birtu nýtur. Unnið er að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir rjúpuna. Á heimasíðu umhverfisráðuneytisins er ítrekað að sölubann er á rjúpum og á það jafnt við um sölu til endursöluaðila og annarra.

Samdráttur í rjúpnastofninum

Ráðlögð veiði úr stofninum á þessu ári er um 26 þúsund fuglar, en stærð rjúpnastofnsins hefur dregist saman síðustu ár. Biðlar umhverfisráðherra til veiðimanna að sýna hófsemi í veiðum í ljósi viðkomubrests á Norðausturlandi og Vesturlandi. Slæmt tíðarfar í vor og sumar er líklegasta skýringin á viðkomubrestinum.

Þá hvetur ráðherra veiðimenn til þess að flykkjast ekki á Norðausturlandið til veiða og eru veiðimenn á því svæði hvattir sérstaklega til að sýna hófsemi.

Friðlönd fyrir rjúpu

Hjá Umhverfisstofnun er unnið að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir rjúpuna.

Fyrir liggur tímasett verkáætlun um gerð stjórnunar- og verndaráætlunarinnar. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir miklu samráði og samtali við hagsmunaaðila og að áætlunin verði tilbúin til kynningar um miðjan maímánuð 2023.

Áætlunin mun einnig fjalla um gildi og hlutverk griðlanda við veiðistjórnun og mun framtíð griðlandsins á SV-landi koma þartil umfjöllunar og endurskoðunar.

Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfisráðherra hefur farið fram á að þeirri vinnu verður hraðað eins og hægt er og á grundvelli hennar verði fyrirkomulag veiða í framtíðinni ákveðið.

/VH

Við sendum í einum grænum

Harðskafi



Sturtuvagn 2 tonna
Kúlutengi + traktorstengi
Kr 595.200 m. vsk
Kr 480.000 án vsk



Beltagrafa 1,2 tonn
Aukabúnaður í úrvali
Kr 2.207.200 m. vsk
Kr 1,780.000 án vsk



Snjóblásari 210cm
Fyrir litla og miðlungs traktora
Kr 985.800 m. vsk
Kr 795.000 án vsk



Kurlari fyrir stóru verkefnin
RPM 1000 - max 25cm – 90HP+
Kr 1.457.000 m. vsk
Kr 1.175.000 án vsk



Sláttuvél fyrir úthagasláttinn
AGF 280 – RPM 1000 – 110HP+ 65° ↓ 90° ↑
Snyrtir hagann, vegaxlir og hverskyns órækt
Kr 1.599.600 m. vsk
Kr 1.290.000 án vsk



Hnífatætari PTO
230cm - RPM 540 – 70HP+
Kr 849.400 m. vsk
Kr 685.000 án vsk





TMC CANCELA

Mulningsvélar fyrir grjótflagið eða skógarbotninn



Steypuvél 300L
Kr 675.800 m. vsk
Kr 545.000 án vsk



Snjótönn 200cm
Kr 489.800 m. vsk
Kr 395.000 án vsk



Skrapatól 180cm
Kr 279.000 m. vsk
Kr 225.000 án vsk



Dreifari 360L
Kr 452.600 m. vsk
Kr 365.000 án vsk



Flutningskassi 2mtr
Kr 272.800 m. vsk
Kr 220.000 án vsk



Tromla 180cm
Kr 365.800 m. vsk
Kr 295.000 án vsk



Stubbatætari
Kr 328.600 m. vsk
Kr 265.000 án vsk



Kurlari PTO
Kr 427.800 m. vsk
Kr 345.000 án vsk



Rafbörur 4x4 48V
Kr 520.800 m. vsk
Kr 420.000 án vsk



Taðgreip 150cm
Kr 434.000 m. vsk
Kr 350.000 án vsk



Taðkvísl 150cm
Kr 198.400 m. vsk
Kr 160.000 án vsk



Dreifari 56L
Kr 59.520 m. vsk
Kr 48.000 án vsk

www.hardskafi.is Október 2022 Sími 555 6520 sala@hardskafi.is

Eco Garden
GOTT FYRIR GARÐINN

VIÐ ÞÖKKUM FYRIR FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR Á LANDBÚNAÐARSÝNINGUNNI Í LAUGARDALSHÖLL SÍÐASTLIÐNA HELGI.

N-xt FERTILIZERS í samstarfi við Eco-Garden býður uppá óbreytt verð fram að áramótum á fljótandi áburði.

Kynnið ykkur fjölbreytt vöruúrval fyrir kúa- og sauðfjárbændur, sem samanstendur meðal annars af:

Mykjulón



Stæðuyfirbreiðslur



NEXT - fljótandi áburður



Fyrir nánari upplýsingar hafið samband við:
Guðmund Karl Eiríksson, sölustjóra
Sími: 848 -1468
gudmundur@eco-garden.is

ECO-GARDEN ehf.
Stangarhylur 5, 110 Reykjavík

www.eco-garden.is
eco-garden

LÍF & STARF



Margt var um manninn á landbúnaðarsýningunni alla sýningardagana. Mynd / ghp



Guðrún Birna Brynjarsdóttir, starfsmaður Bændasamtakanna, stóð vaktina á sýningunni og fræddi gesti um ólíkar hliðar landbúnaðar. Mynd / ghp



Magnús Þór Stefánsson garðyrkjumaður og Ragnheiður Hrefna Jónsdóttir, fyrrverandi garðyrkjubóndi, í bás Lambhaga. Mynd / VH

Íslenskur landbúnaður 2022:

Margt að sjá og bragða á

Tugþúsundir gesta heimsóttu stórsýninguna Íslenskur landbúnaður í Laugardalshöllinni um síðustu helgi. Á sýningunni gafst gestum tækifæri á að skoða alla þá fjölbreytni sem íslenskur landbúnaður hefur upp á að bjóða.


Auk þess að skoða nýjustu tæki og tól fyrir landbúnað gátu gestir smakkað á ótrúlegu úrvali gómsætra afurða frá fjölda minni og stærri framleiðenda.

Forseti Íslands og matvælaráðherra fluttu ávarp við opnun sýningarinnar og voru þau sammála um nauðsyn öflugs landbúnaðar í landinu sem undirstöðugreinar í samfélaginu og að nauðsynlegt væri að styrkja stoðir greinarinnar til að tryggja fæðuöryggi í landinu.

Ólafur M. Jóhannesson, framkvæmdastjóri sýningarinnar, sagði í samtali við Bændablaðið að fjölbreytni landbúnaðarins á Íslandi sé mikil og að sýningin hafi að hans mati endurspeglað þá miklu grósku. / VH



Íslenskar rósir í boði blómaframleiðenda og Bændasamtakanna. Mynd / ghp



Sýningin Íslenskur landbúnaður 2022 var formlega opnuð af forseta Íslands. Ólafur M. Jóhannesson sýningarhaldari, Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra, Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands og Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna. Mynd / Odd Stefán



Vörur Sveppagarðsins voru afar vinsælar hjá gestum sýningarinnar. Mynd / VH



Hjónin William Óðinn LeFever og Gréta Mjöll Samúelsdóttur búa á Djúpavogi og framleiða þar sterkar sósur í nafni fyrirtækisins LeFever Sauce co. Mynd / ghp

BÚFJÁRFLUTNINGAVAGNAR
frá Ifor Williams

Ifor Williams Trailers



Eigum hina vinsælu vagna frá þessum þekkta framleiðanda til afgreiðslu Strax

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is



Fjöldi dráttarvéla og annarra landbúnaðartækja var kynntur á sýningunni, bæði innan- og utandyra. Margir létu sig dreyma um að eignast nýjan traktor og sumir létu verða að því. Mynd / VH



Mikil stemning var í tjaldi sem Aflvélar kom upp á útisvæði sýningarinnar þar sem meðal annars var boðið upp á heita súpu, bjór, poppkorn og dillandi tónlist. Mynd / ghp



Rafn Agnar Jónsson, framkvæmdastjóri RAG, var mjög ánægður með sýninguna og sagðist hafa selt nokkur fjórhjól þar. Mynd / VH



HAGKVÆM DEKK FYRIR
ALVÖRU KRÖFUR

Þegar velja skal vinnuvéla- og landbúnaðardekk skipta gæði, ending og áreiðanleiki höfuðmáli.

Maxam dekkin eru hagkvæmur kostur og hafa reynst vel við krefjandi aðstæður.

Gerðu kröfur - hafðu samband við sölumenn okkar í síma **590 5280** og kynntu þér kosti **Maxam** dekkjanna.



KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

KLETTUR



Wendel
Stofnað 1957

HILLTIP
VETRARBÚNAÐUR

SNJÓTENNUR, FJÖLPLÓGAR,
SALT - OG SANDDREIFARAR

Tangarhöfða 1 - 110 Reykjavík - 551-5464
www.wendel.is - wendel@wendel.is

LÍF & STARF



Kort af Rauðasandi. Föst búseta er á þremur bæjum. Vestast er Lambavatn efra, yfirleitt kallað Lambavatn. Skammt þar frá er bærinn Stakkar. Austast er bærinn Melanes. Aðrir bæir eru ýmist sumardvalarstaðir eða komnir í eyði.
Loftmynd / Landmælingar Íslands

Rauðasandur:

Byggð stendur hallandi fæti

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Á Rauðasandi í Vesturbyggð eru þrír bæir í byggð; Lambavatn, Stakkar og Melanes. Tveir fyrstnefndu bæirnir eru vestarlega á sandinum, á meðan síðastnefndi bærinn er austast á undirlendinu.

Á Lambavatni er rekið kúabú, á Stökkum eru ræktuð geldneyti og á Melanesi er ferðaþjónusta og sauðfé. Aðrir merkir bæir á Rauðasandi eru m.a. Saurbær í miðri byggðinni, sem er gamall kirkjustaður og bústaður höfðingja. Á Kirkjuhvammi, rétt austan við Saurbæ, er á sumrin rekið Franska kaffihúsið, sem er vinsæll áningarstaður ferðamanna. Einnig er bærinn Sjöundá, austan við Melanes, þekktur fyrir að vera vettvangur Sjöundármorðanna og viðfangsefni bókarinnar Svartfugls eftir Gunnar Gunnarsson. Fram til ársins 1994 tilheyrði sveitin Rauðasandshreppi, sem innihélt Rauðasand og sunnanverðan Patreksfjörð.

Íbúatal og þjónusta

Þjónusta hreppsins var staðsett í Örlygshöfn þar sem var grunnskóli, félagsheimili, sparisjóður, verslun og höfn. Nú hefur öll þessi starfsemi verið lögð niður og flutt á Patreksfjörð.

Samkvæmt Hagstofu Íslands var íbúafjöldi Rauðasandshrepps 93 einstaklingar árið 1993. Eftir að hreppurinn varð hluti af Vesturbyggð eru uppfærðar tölur ekki aðgengilegar hjá Hagstofunni. Íbúum á svæðinu telst þó til að núna, haustið 2022, séu níu einstaklingar með fasta búsetu í hinum forna Rauðasandshreppi, þar af fimm á Rauðasandi.




Á Stökkum eru hjón með fasta búsetu. Þar er búið með sauðfé og geldneyti.



Franska kaffihúsið á Kirkjuhvammi selur ferðamönnum veitingar á sumrin.



Lambavatn er fallegur bær í fallegu umhverfi.



Nýborin kýr frá Lambavatni.

Lambavatn:

Vestasta kúabú landsins

Ekkert kúabú er vestar á landinu en það á Lambavatni. Þar býr Þorsteinn Gunnar Tryggvason með hátt í 30 mjólkandi kýr. Búskapur á afskekktum slóðum sem þessum hefur ýmsar áskoranir í för með sér, sérstaklega þegar framleidd er ferskvara eins og mjólk.

Þar sem vetrarþjónusta á Skersfjalli, sem er heiðin sem skilur að Patreksfjörð og Rauðasand, er í algjöru lágmarki getur komið fyrir að mjólkurbíllinn komist ekki vegna færðar og veðurs. Ef of langur tími líður milli ferða getur Þorsteinn neyðst til að henda mjólkinni sem er í tankinum.

Lengi vel var hann í búskap með foreldrum sínum, sem bjuggu á Lambavatni fram á háan aldur. Þorsteinn hefur í gegnum tíðina fengið fólk til liðs við sig í búskapinn, ýmist fjölskyldu eða vinnufólk. Bændum hefur fækkað í þessum landshluta undanfarna áratugi og er svo komið að hann er síðasti kúabóndinn á stóru svæði. Næstu starfandi kúabú er að finna á Barðaströnd, en síðan þarf að leita alla leið í Önundarfjörð og Reykhólasveit. Þorsteinn segist ekki geta svarað því af hverju þróunin hefur verið á þennan veg. Hann nefnir þó að ótryggar samgöngur gætu vel spilað þarna inn í.



Þorsteinn á Lambavatni er síðasti kúabóndinn á stóru svæði.

Melanes:

Ferðaþjónusta forsenda búsetu

Austast á Rauðasandi býr Ástþór Skúlason, ásamt eiginkonu sinni, Sigríði Maríu Sigurðardóttur, á bænum Melanesi. Þau reka þar ferðaþjónustu á sumrin með tjaldstæði og þremur gestahúsum. Þar til nýlega voru þau einnig með nokkuð stóran sauðfjárbúskap, en hafa skorið stofninn niður í 35 kindur.

Báðir foreldrar Ástþórs eru frá Rauðasandi, faðir hans frá Stökkum og móðir frá Melanesi. Fyrstu mánuðina bjó Ástþór hins vegar í Sauðlauksdal í Patreksfirði þar sem foreldrar hans voru síðustu ábúendurnir. Árið 1975 fluttist fjölskyldan að Stökkum, þegar Ástþór er á öðru ári. Fjölskyldan færði sig yfir að Melanesi árið 1980 þar sem Ástþór óx úr grasi og fór inn í búskapinn með foreldrum sínum. Þegar líða fór að aldamótum var búskapurinn orðinn nokkuð stór á þess tíma mælikvarða, eða 38 mjólkandi kýr og 500-600 kindur.

Nánast allt hægt, þrátt fyrir mænuskaða

Ástþór tekur ekki formlega við búskapnum fyrr en eftir að hann lendir í mænuskaða í alvarlegu bílslysi árið 2003. Hugur Ástþórs var við landbúnað og lét hann lömunina ekki stöðva sig við að starfa sem bóndi. Hann sá þó fljótlega að hann þyrfi að hætta með kýrnar, en lengi vel eftir slysið voru 300–400 ær á bænum.

Ástþór segir að rekstrargrundvöllur búsins hafi farið um leið og það var minnkað. „Það lifir enginn á þessum litlu búum sem voru hér áður. Þó menn lendi í svona slysförum er ekkert þar með sagt að þeir geti ekki gert nánast allt það sem þá langar til – bara að finna rétta aðferð til þess. Tæknin er þannig í dag að það er hægt að leysa nánast hvaða mál sem upp kemur ef viljinn er fyrir hendi," segir Ástþór

Ferðaþjónustan sífellt mikilvægari

Árið 2007 byrja hjónin í Melanesi með ferðaþjónustu og með tíð og tíma hefur aðstaðan þróast og stækkað og orðið þeirra aðalatvinna. Í nokkur ár stóð bróðir Ástþórs fyrir útihátíðinni Rauðasandur Festival sem haldin var í Melanesi.

Ástþór segir ferðaþjónustuna ganga vel. Sumarið í sumar hafi verið með fjölmennari sumrum og aðsóknin sé sambærileg því sem hún var árið 2019. Á meðan heimsfaraldurinn gekk yfir hafi aðstreymið minnkað, en Íslendingar hafi þó verið duglegir að koma á Vestfirðina.

Fólksfækkun komin til að vera

Eins og áður hefur komið fram er stöðug fólksfækkun í sveitinni. „Ég held að þegar þeir ábúendur sem eru hérna núna fara, þá sé þetta komið í eyði," segir Ástþór aðspurður um framtíðarhorfur byggðarinnar. „Þetta verða sumardvalarstaðir, en hve lengi þetta verða búsettar jarðir er orðið áraspursmál."

Ef ungt fólk á að sjá sér fært að setjast að á Rauðasandi er nauðsynlegt að byggðin tengist við þriggja fasa rafmagn, ljósleiðara og samgöngur verði tryggari. Til stóð að net- og rafmagnstengingin yrði bætt fyrir árið 2020, en því hefur verið frestað nokkrum sinnum án þess að gefnar séu almennilegar skýringar.



Ástþór Skúlason er bóndi á Melanesi ásamt eiginkonu sinni, Sigríði Maríu Sigurðardóttur. Undanfarin ár hafa þau minnkað bústofninn hjá sér og einbeitt sér meira að ferðaþjónustu. Ástþór segir jarðir á Rauðasandi bera sömu gjöld og aðrar, en þjónustustigið sé minna.

Myndir / ÁL

Innviðir láta bíða eftir sér

Búið var að flytja ljósleiðara og rafmagnsstreng í Patreksfjörðinn í fyrrasumar og var allt klárt til að hefja niðurplægingu. Strengirnir voru síðar fluttir annað og plægðir niður þar. „Við höfum sjálfsagt lent enn einu sinni aftast á listanum – erum svo sem vön því, hvort sem það er í samgöngum eða annarri þjónustu."

Í haust var settur upp farsímasendir á Rauðasandi. Fram að því hafði sambandið á svæðinu verið afar slitrótt. Þessi sendir var svæðinu nauðsynlegur þar sem síminn er ekki lengur tengdur með landlínu.

Varðandi vegasamgöngurnar segir Ástþór lítið mál að bæta þær, ef bara fengist til þess fjármagn. Vegurinn yfir á Rauðasand er gamall malarvegur og ástand hans ræðst mikið af veðráttu. Mest aðkallandi sé þó að fá á hann vetrarþjónustu. Á meðan ekki sé tryggt að vegurinn sé opnaður á veturna getur ungt fólk með börn ekki gengið að því vísu að geta sent ungviðið í skóla, nema að senda þau í fóstur hluta vetrar á Patreksfirði.

Póstflutningur á röngum dögum

Hið opinbera stendur straum að einum mokstri að hausti og hreinsun að vori. „Ef það þarf að opna fyrir mjólkurbíl, þá hefur Mjólkursamlagið og sveitarfélagið sameinast um að moka." Ástþór er gagnrýninn á að Pósturinn skuli ekki samnýta þá daga þegar mjólkurbíllinn er á ferðinni. „Ef það verður ófært sama dag og mjólk er sótt geta liðið ein til tvær vikur þangað til við fáum póst."

Vandamálið sé líka að Pósturinn hefur ekki yfir að ráða almennilegum bíl. Hann segir að ef notast væri við sæmilegan jeppa í stað lítils sendibíls væri algjör undantekning að vegurinn væri hindrun. Þrátt fyrir að þessir þjónustuaðilar þurfi oft frá að hverfa vegna færðar vill Ástþór ekki meina að íbúar Rauðasands séu oft innilokaðir.

Sorphirða í skötulíki

Ástþór kemur inn á sorphirðuna í sveitinni. Á öllum Rauðasandi sé einungis einn gámur sem sé ekki tæmdur nema íbúarnir hringi og kvarti nógu oft við bæjarskrifstofurnar á Patreksfirði. Ástandið sé sæmilegt yfir sumarið, en á veturna sé sorpið yfirleitt ekki sótt.

„Við erum tilneydd til að brenna sorpið af og til ef við höfum ekki geymslustað fyrir það, þó það sé neyðarúrræði. Þar sem við þurfum að borga fyrir alla þjónustu ættum við að eiga rétt á að fá hana. Það eru ekki lægri gjöld á þessum jörðum en annars staðar."

Sameining banabiti sveitarinnar

Þegar kom að því að kjósa hvort Rauðasandshreppur ætti að ganga inn í sveitarfélagið Vesturbyggð segir Ástþór að íbúarnir hafi skipst í tvær fylkingar og mjótt hafi verið á munum. Þeir sem hafi kosið með sameiningu hafi svo margir flutt í burtu.

„Þeir sem voru á móti voru þeir sem sátu eftir og hafa þurft að glíma við afleiðingarnar. Að mörgu leyti myndi ég segja að þessi sameining hafi verið banabiti sveitarinnar."

Gagnrýninn á bótakerfi

Ástþór er gagnrýninn á bótakerfið sem öryrkjar búa við í dag. „Kerfið er byggt þannig upp að ég sem öryrki á ekki að vera á vinnumarkaði. Ef ég vinn mér inn einhverjar krónur er mér refsað fyrir það." Hann segir að ef tekjurnar fari upp fyrir eitthvert hámark þá sé dregið meira af honum en hann vinnur sér inn.

„Ég er sannfærður um það að fólk sem fær að vinna – þó það sé ekki nema eitthvað smávegis – þarf það að reiða sig miklu minna á heilbrigðiskerfið. Bara það að finnast maður skipta einhverju máli í stóra samhenginu gefur fólki ótrúlega mikið." □



Melanes var vettvangur frægrar útihátíðar kennda við Rauðasand.

SAGA VÉLAR



Þreskivél af gerðinni JF MS 707 framleidd í kringum 1980. Fyrsta vélin af slíku tagi sem kom að Lambavatni. Við notkun var hún tengd við traktor. Myndir / ÁL

Einu þreskivélar Vestfjarða

Lambavatn á Rauðasandi er eini bærinn á Vestfjörðum sem hefur stundað markvissa kornrækt á seinni árum. Til þess að geta nýtt byggið sem fóður er nauðsynlegt að hafa aðgang að vélum sem geta þreskt á haustin. Þess vegna eru tvær þreskivélar á Lambavatni og mjög líklegt að þær séu þær einu sem hafa verið í notkun á Vestfjörðum.

Upphaf kornræktar á Lambavatni má rekja til ársins 1999, þegar Þorsteinn keypti traktorsdrifna þreskivél úr þrotabúi á öðrum bæ á Rauðasandi. Þangað hafði vélin verið keypt skömmu áður, en var aldrei notuð. Hún er af gerðinni JF MS 707, framleidd í kringum 1980. Árið 2000 hóf hann jarðvinnu og sáði korni í nokkra hektara um vorið. Eftir það var kornrækt á bænum samfleytt til ársins 2017. Stórtækastir voru Lambavatnsbændur árið 2011 þar sem sáð var í tíu hektara.

Traktorsdrifnu þreskivélina segir Þorsteinn hafa verið nokkuð erfiða í notkun. Hún var knúin áfram af afturhjóladrifnum Zetor sem gat átt í vandræðum með að komast yfir akurinn í blautu árferði. Aflið er flutt milli vélarhluta með reimum sem getur haft ókosti í för með sér.

Ef ein reim slitnar getur verið nauðsynlegt að losa margar aðrar reimar til að koma nýrri reim fyrir.

Árið 2009 kom sjálfkeyrandi Massey Ferguson 16 þreskivél, árgerð 1988, á bæinn sem leysti JF MS vélina af hólmi. Massey Ferguson þreskivélin var betri að því leyti að hún var afkastameiri og með betra útsýni yfir kornið. Hún var líka með stærri dekk sem gerði henni kleift að fara yfir blautara land en hin.

Það kom þó ekki í veg fyrir að hún sykki ef aðstæður voru nógu slæmar. Fyrir utan nokkrar festur segir Þorsteinn að notkun vélanna hafi gengið klakklaust fyrir sig.

Undir lokin var þreskivélin farin að láta á sjá vegna ryðs og var henni endanlega lagt árið 2017 þegar kúplingin skemmdist. Þorsteinn reiknar ekki með að endurvekja kornrækt á bænum. */ÁL*



Sjálfkeyrandi þreskivél af gerðinni Massey Ferguson 16 kom að Lambavatni árið 2009. Hún var í notkun til ársins 2017 þegar hún bilaði.

UTAN ÚR HEIMI



Miklir þurrkar ógna framleiðslu á vetrarhveiti. Ef ekki næst að sá á næstu vikum minnkar spírunarhlutfall verulega. Mynd / Loren King

Bandaríkin:

Þurrkar ógna sáningu

Mikil þurrkatíð hefur verið á sunnanverðum hluta Sléttanna miklu í Bandaríkjunum.

Á þessu svæði, sem hefur verið kallað „brauðkarfa Bandaríkjanna“, stefnir í samdrátt í framleiðslu hveitis. Ef bændur vilja ná öruggri uppskeru á næsta ári er tíminn að renna út. Ekki er mælt með að sá vetrarhveiti eftir 15. nóvember þar sem óvíst er að plönturnar nái nægum þroska til að lifa af veturinn ef sáð er síðar. Tryggingafélög sem bæta uppskerubrest byrja einnig að skerða bætur ef sáð er eftir áðurnefnda dagsetningu. Reuters greinir frá.

Bandaríkin eru meðal fimm stærstu útflytjenda hveitis í heiminum. Þar í landi eru tveir þriðju alls ræktaðs hveitis af vetraryrkjum sem sáð er í byrjun vetrar. Því má gera fyrir miklum alþjóðlegum áhrifum af væntanlegum samdrætti í framleiðslu.

Í venjulegu árferði eru bændur yfirleitt búnir að sá öllu sínu vetrarkorni á þessum tíma. Þar sem tíminn er að renna út stefna sumir að því að setja fræið niður í þurran jarðveginn og vonast eftir regni. Þrátt fyrir að verð korns sé í hæstu hæðum eru bændur ragir við að leggja út í þann kostnað sem fylgir sáningunni þegar hún er svona ótrygg, enda eru áburður og útsæði dýrari en nokkru sinni.

Ef flögin standa auð og þurr yfir veturinn eykst hættan á jarðvegsfoki. Margir bændur þora því ekki öðru en að koma út fræinu og vonast til að spírunin verði komin af stað í tæka tíð. Samkvæmt veðurspám má gera ráð fyrir áframhaldandi þurrki fram í desember.

Ástæður þurrksins sem skekur svæðið núna er hið svokallaða La Niña, veðurfyrirbrigði sem kemur alla jafna upp á fimm ára fresti. Fyrirbærið hefur víðtæk alþjóðleg áhrif og varir frá nokkrum mánuðum upp í örfá ár. La Niña kerfið sem er í gangi núna er á sínu þriðja ári.

/ÁL

Bændablaðið
á bbl.is, Facebook & Instagram

Á vettvangi Evrópusambandsins:

Aðgengi að orku ræður úrslitum

Á fundi þjóðhöfðingja Evrópusambandsins í Prag í Tékklandi á dögunum var til umræðu yfirstandandi orkukrísa í Evrópu ásamt áhrifum hennar á landbúnaðargeirann og matvælaframleiðslu.

Samverkandi þættir hækkandi orkukostnaðar og áhrif þess á verð á raforku, gasi, eldsneyti, áburði og öðrum aðföngum til landbúnaðar, hafa sett aukið álag á bændur og samvinnufélög bænda. Margir framleiðendur er á barmi hruns og eru að endurskoða áframhaldandi starfsemi sína. Jafnvel þó að verð til bænda hafi hækkað hefur það ekki staðið undir miklu meiri hækkun framleiðslukostnaðar með afleiðingum af vaxandi verðbólgu.

„Það að borða í vetur verður jafn stefnumótandi eins og að hita eða lýsa upp heimili fólks. Við þessar óvenjulegu aðstæður, með stríði í Evrópu, er nauðsynlegt að hafa skilvirk, sameiginleg evrópsk viðbrögð sem tryggja þarfir lykilgeira Evrópusambandsins og þegna þeirra ásamt vel starfhæfum innri markaði,“ undirstrikar forseti Evrópusamtaka bænda, Copa Cogeca, Christiane Lambert.

Í kjölfar fundarins í Prag tóku Evrópusamtökin saman sjö atriði sem send voru til Evrópusambandsins og stofnanir þess:

1. Forgangsraða málefnum bænda og aðfangakeðju landbúnaðarmatvæla bæði í gasskömmtunaráætlunum aðildarríkjanna í samræmi við yfirlýsingu framkvæmdastjórnarinnar í júlí og í ráðstöfunum til að draga úr orku.

2. Undanþiggja framleiðslukeðju landbúnaðarmatvæla frá kröfunni um að draga úr orkunotkun á álagstímum, þar sem það síðarnefnda gæti haft í för með sér alvarlegar truflanir fyrir bændur, alla aðfangakeðjuna, dýravelferð og viðhald matvælaöryggis.

3. Vissu um aðgengi greinarinnar að orku og minni sveiflur í orkuverði. Framkvæmdastjórnin ætti að skoða leiðir til að tryggja orkuframboð og gas á vettvangi ESB á sanngjörnu verði. Sameina þarf eftirspurn ESB eftir gasi í gegnum orkuvettvang ESB til að auka sameiginlegt pólitískt og markaðslegt vægi sambandsins. Við tökum mark á tilkynningu forseta framkvæmdastjórnarinnar um að hann sé tilbúinn til að ræða þak á verði á gasi sem notað er til raforkuframleiðslu og við bjóðum framkvæmdastjórn ESB að koma með brýnar árangursríkar tillögur um hvernig tímabundið gasverðþak gæti unnið að því að lækka orku/gas/rafmagnsreikninga en trufla ekki framboð og orkumarkað til lengri tíma litið.



Margir bændur og matvælaframleiðendur endurskoða starfsemi sína í ljósi hækkandi orkukostnaðar. Mynd / Randy Fath

4. Nauðsynlegt er að auka fjölbreytni og orkuframboð með lykilhlutverki líforku/lífeldsneytis fyrir ræktun og möguleika á dreifðri endurnýjanlegri orkuframleiðslu á býlum. Framleiðsla á lífgasi og notkun þess til framleiðslu á raforku og hita ætti að styðja enn frekar. Við þurfum einnig sjálfbært og fjölbreytt framboð af CO_2 með því að bæta gagnsæi í magn- og verðupplýsingum á CO_2-markaði til að bæta aðferðir fyrir bæði viðskiptalegt og áhættustýrt framboð. Við þurfum meiri stuðning við fjárfestingar í endurnýjanlegri orku á bæjum til að draga úr ósjálfstæði á jarðefnaeldsneyti og gasi og minna skriffinnsku á sjálfbærnivottun lífeldsneytis.

5. Styðja fjárhagslega lausafjárstöðu evrópskra bænda og samvinnufélaga með nýjum aðgerðum ESB. Við þurfum að nota ónotað fé frá ESB sem ætlað er bændasamfélaginu, sveigjanleika til að uppfæra og aðlaga landshluta- og viðnámsáætlanir og leitast við að fá aðgang að lánsfé með litlum tilkostnaði. Umframhagnaðurinn sem stafar af jarðefnaeldsneyti ætti að nota einnig til að styðja landbúnaðargeirann.

6. Aðlaga viðmiðanir og lista yfir geira bráðabirgðarammans um ríkisaðstoð á meðan viðhalda þarf góðri starfsemi innri markaðarins í ESB.

7. Um áburð fara Copa Cogeca fram á tafarlausar aðgerðir til að takast á við skortinn í ESB með gagnsæi á markaði með því að setja upp markaðsathugunarstöðvar fyrir áburð til að bæta þekkingu og upplýsingar um framboð og verð í gegnum mælaborð. */ehg*





Annað tilfellið af nýju afbrigði H5N1 fuglaflensunnar greinist í manni í Evrópu. Mynd / Egor Myznik

Fuglaflensa greinist í starfsmanni kjúklingabús

Starfsmaður kjúklingabús á Spáni greindist með fuglaflensu í lok september.

Þar með hefur þetta afbrigði tvisvar greinst í mönnum í Evrópu, en fyrra skiptið var á Bretlandi í desember 2021. Í báðum tilfellum hafa hinir smituðu fengið veiruna við meðhöndlun á sýktum fuglum. Starfsmaður spánska búsins var með mjög lítið magn smitefna, án einkenna og er nú laus við veiruna.

Málið má rekja til þess að plágur komu upp á tveimur kjúklingabúum í Guadalajara, skammt frá Madrid á Spáni. Mikið smitálag fuglaflensu hefur verið í Evrópu undanfarin misseri og er afbrigðið sem gengur núna bráðdrepandi fuglum.

Með þessum tveimur faröldrum hefur fuglaflensa greinst á spænskum kjúklingabúum 36 sinnum á árinu. Yfirvöld á svæðinu telja ástandið ekki áhyggjuefni eins og er. Mjög sjaldgæft er að fuglaflensa smitist milli manna. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur áhyggjur af að með fjölgun tilfella fuglaflensunnar í villtum og tömdum fuglum komi fram stökkbreytt tilfelli sem berist milli manna.

Nokkrir litlir faraldrar hafa komið upp undanfarna áratugi og hefur dánartíðni verið há. */ÁL*



Miklir þurrkar og lág grunnvatnsstaða dregur úr möguleikum á að framleiða matvæli og að rækta tré. Mynd / npr.org

Hlýnun jarðar:

Kolefnisbinding og uppskera í hættu

Umhverfismál eru flókið samspil þar sem huga þarf að mörgum ólíkum þáttum.

Auknir þurrkar víða um heim ógna ekki bara matvælaöryggi því þeir hafa einnig letjandi áhrif á möguleika á að auka kolefnisbindingu með því að planta út trjám.

Bændur víða um heim hafa áhyggjur af spám um áframhaldandi og aukna þurrka á næstu árum vegna breytinga á veðurfari. Að sögn bænda ógnuðu þurrkar síðastliðið sumar uppskeru ávaxta og grænmeti.

Lítil úrkoma á Bretlandseyjum í haust og að spár geri ráð fyrir áframhaldandi þurrkum gerir illt verra. Bændur hafa því lítinn aðgang að vatnsbirgðum auk þess sem grunnvatnsstaða er lág og ekki er gert ráð fyrir að það eigi eftir að breytast á næstunni.

Talsmenn bænda segja að stjórnvöld verði að aðstoða þá við að skipuleggja vatnsnotkun og það hvernig á að beina vatni á svæði þar sem ræktaðar eru plöntur sem þurfa mikið vatn.

Stjórnvöld hafa bent á að skortur á vatni muni að öllum líkindum draga úr möguleikum Breta til kolefnisjöfnunar með útplöntun á trjám þar sem tré þurfa mikið vatn. */VH*

Umhverfismál:

Villtum dýrum fækkar hratt



Talið er að villtum dýrum í heiminum hafi fækkað um nálega 70% á árunum frá 1970 til 2018. Fækkunin er að stærstum hluta rakin til ágangs manna inn á búsvæði dýranna og ofveiði.

Samkvæmt útreikningum sem birtast í Living planet report 2022 er talið að villtum dýrum í heiminum hafi fækkað um tæplega 70% á þeim 50 árum sem könnunin nær yfir, frá 1970 til 2018. Skýrslan er unnin af Alþjóðasjóði villtra dýra (WWF) breskum dýrafræðisamtökum (ZSL). Í sambærilegi skýrslu sem kom út 2020 var áætlað að fækkunin næmi um 60%.

Mest er fækkunin í Suður-Ameríku, Afríku, Asíu og í höfunum. Helstu orsakir fækkunarinnar eru sagðar vera skógarhögg, ofveiðar, mengun, eyðing náttúrulegra heimkynna dýranna, landbúnaður og hlýnun andrúmsloftsins.

Í skýrslunni segir að til þess að vernda eftirlifandi villt dýr og dýrastofna verði að skipuleggja landnotkun og draga úr ofveiði því að ef ekkert verði að gert sé ekki lagt í að það sem við köllum villt dýr finnist aðeins í dýragörðum. */VH*


Fliegl stimpilvagn sérhannaður fyrir malbik


Fliegl Stone - Master fyrir Malbik


Fliegl vélavagnar,flatvagnar,gámagrindur ofl.

RAG import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM ALDREI „VERÐ FRÁ“

Innflutt af Scanice
www.scanice.is +354-8985469





Scanice er komið í samstarf við fyrirtækið Lark, einn stærsta framleiðanda á stöðuhýsum og öðru tilheyrandi. Við bjóðum upp á ýmsar útgáfur húsa til dæmis sérstakra húsa sem hönnuð eru með ferðaþjónustu í huga. Möguleikarnir eru margir og flestar óskir hægt að uppfylla.

Heyrið í okkur!

Vallargata 1, 580 Siglufjörður • s. 898 5469 • info@scaniceexport.com • www.scanice.is



RAFVER síðan 1956
• Iðnaður
• Aukahlutir
• Verkstæði
• Þjónusta


HDS Gufudælur
Öflugar hreinsivélar


NT Ryksugur fyrir blautt & þurrt
Margar stærðir


HD
Háþrýstidælur

KÄRCHER

Skeifan 3 • 108 Reykjavík • Sími 581 2333 • rafver.is • rafver@rafver.is



Smurefni fyrir vélvæddan landbúnað



Nútíma landbúnaður krefst mikils vélakosts. Gæðasmurefni skipta öllu máli fyrir virkni og endingu véla. Olís veitir ráðgjöf um olíu- og smurefnanotkun fyrir allar landbúnaðarvélar.

Ráðgjafar Olís veita allar nánari upplýsingar í síma 515 1100 eða pontun@olis.is.

olís

LÍF & STARF

Málþing um bændamenningu:

Innsýn í bændasamfélag átjándu aldar

Á málþingi Átjándualdarfélagsins fyrir skömmu var fjallað um landbúnað frá ýmsum hliðum á átjándu öld.

Kynnt var áhugaverð sagnfræði, Gamla bændasamfélagið, Fjölskyldan og heimilisbúskapur í byrjum átjándu aldar, Byggðir og búsvæði og sagt frá útgáfu skjala Landsnefndarinnar fyrri 1770 til 1772. Auk þes sem gefin var innsýn í umfjöllun um akuryrkju og jarðrækt í skjölunum.

Fyrir áhugafólk um sögu og ekki síst landbúnaðarsögu voru öll erindin athyglisverð. Guðmundur Jónsson, prófessor við Háskóla Íslands, fjallaði um hugtakið „Gamla bændasamfélagið“ og að ólíkt hugmyndum þjóðernisstefnunnar um stéttlaust samfélag hefði verið ríkjandi mikil fastsett stéttaskipting líkt og í öðrum löndum. Guðmundur sagði einnig frá vinnslu nýs gagnagrunns og bókar sem væntanleg er og fjalla um líf þjóðarinnar í upphafi átjándu aldar.



Ísland á miðöldum. *Mynd / wikipedia.org*

Vegferðin til fullorðinsáranna

Ólöf Garðarsdóttir, forseti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands og prófessor í félagssögu við Háskóla Íslands, flutti erindi sem fjallaði um mannfjölda og íbúaþróun á harðindatímum.

Í erindi hennar kom fram að á harðindatímum væri dánartíðni hæst meðal barna og gamalmenna og þeirra sem stóðu neðst í samfélaginu. Í máli Ólafar kom fram að giftingaraldur Íslendinga á átjándu öld verið almennt hærri hér og að margir hefðu þurft að sætta sig við að vera vinnuhjú eða ómaga stóran hluta ævinnar.

Byggðir og búsvæði

Ingibjörg Jónsdóttir, dósent í landfræði við Háskóla Íslands, flutti erindi um verkefni sem hún hefur unnið að ásamt Óskari Guðmundssyni, doktorsnema í sagnfræði við Háskóla Íslands, þar sem fjallað er um byggðir og búsvæði á landinu snemma á átjándu öld.

Sagt var frá sagnfræðilegu landupplýsingakerfi um jarðir, býli og mannfjölda í byrjun átjándu aldar. Fjallað var um búsæld mismunandi svæða og eyðibýli og ólíka búskaparhætti eftir landgæðum.

Innsýn í akuryrkju og jarðrækt

Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, sagnfræðingur og skjalavörður á Þjóðskjalasafni Íslands, flutti erindi á málþinginu. Annars vegar sagði hún frá útgáfu skjala Landsnefndarinnar fyrri 1770 til 1771 sem hún vann að ásamt Hrefnu Róbertsdóttur þjóðskjalaverði.

Hins vega flutti Jóhanna erindi sem bar heitið Dálítil innsýn í akuryrkju og jarðrækt í skjölum Landsnefndarinnar fyrri. Í máli Jóhönnu kom fram að mikið sé fjallað um akuryrkju og hvers kyns jarðrækt í skjölunum.

Í þeim kemur meðal annars fram að gera átti átak í túnrækt með garðhleðslum og þúfnasléttingu, auka skyldi áburðarnotkun og koma upp áveitum. Kornrækt og garðrækt voru sérstaklega til skoðunar, einnig skógnytjar, skógrækt og seljabúskapur.

Trú á að hægt væri að rækta korn á landinu var takmörkuð og ekki þótti verjandi að eyða opinberu fé í slíka tilraunastarfsemi. Fleiri höfðu trú á garðrækt en illa gekk að fá vinnufólk til að borða gras, eins og það kallaði kálið, og leit vinnufólkið á kál í matinn sem launalækkun og vildi frekar fá kjötbita og reiða sig á fjallagrösin.

Stærsta málið var að gera átak í túnrækt og margir sáu fyrir sér betri tíma ef ræktuð væru tún og garðar hlaðnir, gamlar selstöður teknar í notkun og komið upp heyforðageymslu. Auk þess lagði landsnefndin til að mýrar yrðu ræstar fram, enda sagði Jóhanna greinilegt samkvæmt skýrslunni að landsnefndarmennirnir hafi verið orðnir ansi leiðir á öllum mýrunum á ferð þeirra um Suður- og Vesturland.

/VH



Lín með fræbelgjum. Myndir / Marjatta Ísberg



Marjatta Ísberg miðaldafræðingur með hörknippi sem hún uppskar í Fossvogsdal í Reykjavík.



Línbrák til hörvinnslu.

Línrækt og hörvinnsla:

Fermetri af hör

Einn fermetri af hör er sænskt verkefni sem hófst árið 2020 og hefur verið að vinda upp á sig.

Í dag tekur fjöldi norrænna heimilisiðnaðar- og búnaðarfélaga þátt í verkefninu auk félaga frá Eistlandi. Heimilisiðnaðarfélagið er fulltrúi verkefnisins hér á landi.

Verkefnið snýst um að kynna hör fyrir almenningi og fá fólk til að rækta að minnsta kosti einn fermetra af hör í garðinum, í kassa, á svölunum eða úti í sveit. Verkefnið er upprunnið í Svíþjóð og tilgangurinn með því að kynna fyrir fólki gömul vinnubrögð við línrækt og -vinnslu og að auka virðingu fyrir línafurðunum. Að sögn Marjöttu Ísberg, miðaldafræðings og áhugakonu um hör, tóku um sextíu manns þátt í verkefninu í ár og sáðu og uppskáru hör.

Uppskeran víða umfram væntingar

„Við fengum fræ frá Svíþjóð og uppskeran var víða umfram væntingar nema fyrir norðan vegna þess að sumarið þar var of kalt.

Bestur var árangurinn í Mosfellsdal en ég var með blett í Fossvogsdal, þar sem áður voru skólagarðar, og náðu plönturnar þar um 120 sentímetra hæð, sem telst mjög gott.“ Marjatta segir að núna hafi allir þátttakendur tekið upp sitt lín og sé með það í þurrkun og velta fyrir sér hvar og hvernig verði hægt að feygja og þurrka það. „Sjálf hef ég notað tímann til að skoða gömul verkfæri og er búin að smíða línbrák og ætla að byrja á línkambi í vikunni.“

Fræ og stuðningur

Stefnt er að því að halda verkefninu áfram næsta sumar. Færri komust að en vildu í vor og því um að gera fyrir áhugasama að skrá sig á netfanginu hfi@heimilisidnadur.is. Þátttakendur fá fræ, ráðgjöf og stuðning frá Heimilisiðnaðarfélagi Íslands.

Marjatta segist vonast til að næsta haust verði hægt að uppskera hör víðs vegar um landið, feygja og spinna þráð og að á heimasíðunni Fermetri af hör verði skiptst á ráðleggingum og myndum.

/VH

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VH HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Bágborið ásigkomulag hússins þýðir að nýrra eigenda mun bíða mikið verk á Þingeyri. Mynd /Tæknistofa Vestfjarða

Gramsverslun til sölu

Byrjað er að taka við umsóknum frá aðilum sem vilja kaupa Gramsverslun á Þingeyri með þeim kvöðum að húsinu verði komið í upprunalega mynd.

Húsið er 350 fermetra bárujárnsklætt timburhús á tveimur hæðum, byggt árið 1890 og þjónaði sem verslun. Umsóknarfrestur er til 24. október næstkomandi. Umsóknum skal fylgja áætlun um endurbætur og framtíðarnotkun. Nýir eigendur munu fá húsið afhent í núverandi ástandi, en samkvæmt úttekt þarf að fara í mjög viðamiklar framkvæmdir til að koma húsinu í nothæft ásigkomulag.

Þau atriði sem þarf að laga eru eftirfarandi: Fjarlægja þarf undirstöður og steypa nýjar; koma þarf lagi á burðargrind; endurnýja þarf timbur- og bárujárnsklæðningu; lagfæra grind og klæðningu í þaki, endurnýja allar hurðir og glugga; rétta húsið af. Óljóst er hvort húsið sé tengt við vatns- og fráveitukerfi.

Umsóknum skal skilað rafrænt á bygg@isafjordur.is. */ÁL*



Frá fræi á disk. Mynd / Grasagarðurinn í Reykjavík

Horfst í augu við kartöflu

Kartafla er ekki alltaf það sama og kartafla.

Á Íslandi eru ræktaðar bleikar, dökkrauðar, skærgular, fjólubláar, svartar og jafnvel doppóttar kartöflur. Sumar kartöflur eru ljúffengar á meðan aðrar slá ekki í gegn hvað bragðgæði varðar en allar eiga það sameiginlegt að vera upphaflega ræktaðar upp af fræjum.

Fyrsta vetrardag, laugardaginn 22. október, býður Grasagarðurinn áhugafólki fræðslu um kartöfluræktun og Garðyrkjufélag Íslands til áhugaverðrar fræðslu um frækartöflur.

Áhugasömum býðst að koma og kynna sér þessa ótrúlega spennandi nýjung í íslenskri matjurtaræktun á milli kl. 11 og 13 þennan dag í garðskála Grasagarðsins. Þátttaka er ókeypis og öll velkomin. */VH*




Myndin til vinstri er tekin við sauðburð í vor. Til hægri sést endurfundur Katrínar og Katrínar í haust. Myndir / Facebook-síða Katrínar Jakobsdóttur

Katrínu ekki slátrað

Á hringferð sinni um landið í vor kom Katrín Jakobsdóttir við á Skarðaborg í Reykjahverfi.

Þar var sauðburður í fullum gangi og var ráðherrann fenginn til að taka á móti lambi sem í kjölfarið fékk nafnið Katrín. Í haust kom þessi gimbur af fjalli og ákváðu Helga og Sigurður, bændur á Skarðaborg, að Katrín yrði líflamb.

Frá þessu greinir forsætisráðherra á Facebook-síðu sinni eftir að hún hitti gimbrina öðru sinni í byrjun mánaðar. */ÁL*



Þakefnasala Íslands er með allt sem þarf til þaklagna.
Þakpappa frá Ítalska fyrirtækinu Pluvitec
en þeir eru með yfir 30 ár reynslu af framleiðslu þakpappa.
Pluvitec framleiðir þakpappa eftir sérpöntun og því býður
Þakefnasalan þakpappa fyrir íslenkar aðstæður.
Pluvitec þakpappi stenst alþjóðlegar gæða og öryggisstaðla
(ISO 9001 - ECO 100 - EPD EN 15804) og er Svansvottaður.



Vandamálið sem Bakkabræður glímdu við er leyst.
Solatube Daylighting kemur dagsbirtunni inn í hús.
Bakkabræður notuðu húfurnar sínar til að bera ljósið
en Solatube byggir á tækni sem byrjað var að þróa 1986.

Sérhæfð verkfæri og festingar til þaklagna



Lofttúður og niðurföll í mörgum stærðum







Bæjarhraun 24, 220 Hafnarfjörður
8370303 - 6661425
thakefnasala@thakefnasala.is
www.thakefnasala.is

Ekki hika við að hringja eða senda okkur línu til að fá upplýsingar,ráðgjöf eða verðtilboð



Líftrent hreinsivirki!
NÚTÍMA ROTÞRÓ
Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótel o.fl.
Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð
3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn
Engar siturlagnir - fyrirferðarlítil
Mögulegt að breyta í skólphreinsistöð síðar
Þýsk gæði - CE merkt
Stærðir 2-600 persónueiningar
HVAMMSHÓLAR
SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS



Bændablaðið
Kemur næst út 3. nóvember

LÍF & STARF

Tónlist:

Blásið í partílúðrana

– Viðburðaríkir dagar Lúðrasveitar Þorlákshafnar



Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

Lúðrasveit Þorlákshafnar hefur vakið athygli undanfarinn áratug fyrir öfluga starfsemi sína og samstarf með þekktum listamönnum.

Sveitin stendur á margan hátt fyrir óhefðbundnu lúðrasveitarstarfi, t.a.m. Þorláksvökunni er margir minnast. Um ræðir tólf tíma tónlistarvöku, hugmynd stjórnanda lúðrasveitarinnar, Englendingsins Róberts Darling, en sú fyrsta var haldin laugardaginn 28. maí árið 1988, eins og fróðir menn muna.

Árið 1984 hóf Lúðrasveitin starfsemi sína undir hatti þeirra er hjarta menningar og listar sló. Má nærri geta hversu stórkostulegt framtak þetta var, í rúmlega 1.000 manna plássi Þorlákshafnar þessa tíma. Stjórnandi var ráðinn, Róbert Darling áðurnefndur, sem átti eftir að hafa mikil áhrif á tónlistarlíf bæjarins. Auk þess að stjórna lúðrasveitinni í rúm þrjátíu ár, var það meðal annars að hans frumkvæði sem Barnakór Þorlákshafnar var stofnaður árið 1991, sem hann stjórnaði fram til ársins 1995. Einnig stjórnaði hann Söngfélagi Þorlákshafnar og sinnti stöðu organista Þorlákskirkju til fjölmargra ára.

Róbert stóð keikur við stjórn Lúðrasveitar Þorlákshafnar þar til árið 2016 en hefur síðan spilað sem óbreyttur liðsfélagi á barítónhorn í lúðrasveitinni. Ráðnir stjórnendur hafa síðan þá verið Snorri Heimisson og Guðmundur Óli Gunnarsson auk Ásu Berglindar Hjálmarsdóttur, trompetleikara og meðlims Lúðrasveitar Þorlákshafnar frá barnæsku, sem hefur stjórnað annað veifið hin síðari ár. Heldur Ása Berglind einnig um stjórnartaumana í verkefninu *Þar sem himin ber við haf.*



Lúðrasveit Þorlákshafnar forðum daga, Jónas Sig. fyrir miðju.



Bílfarmur af lúðrasveitungum Þorlákshafnar, er leiddu skrúðgöngu á bæjarhátíð Ölfyssinga, Hamingjunni við hafið.



Í sól og blíðu á lúðrasveitamóti í Lettlandi.



Lífið & sálin í uppbyggingu tónlistarlífs Þorlákhafnar, Robert Darling, stendur hér keikur ásamt dóttur sinni og tengdadóttur.

Tónlistarmaðurinn frá Þorlákshöfn

Það var í kringum árið 2012 sem lúðrasveitin hóf að vekja athygli á landsvísu vegna samstarfs hennar við tónlistarmanninn Jónasar Sig, sem fæddur er og uppalinn í Þorlákshöfn.

Hafði stjórn sveitarinnar samband við Jónas – með sameiginlegt tónleikahald í huga – þar sem hans þekktustu lög yrðu spiluð. Samstarfið fæddi af sér tylft nýrra laga, í raun óðs til sjávarþorpa 20. aldarinnar, og út var gefin platan *Þar sem himin ber við haf.*

Í kjölfarið voru haldnir hvorki meira en minna en þrennir útgáfutónleikar í Reiðhöll Guðmundar í Þorlákshöfn, uppselt á þá alla.

Þótti gjörningurinn svo stórfenglegur á allan hátt, að hann hlaut tilnefningu Íslensku tónlistarverðlaunanna. Sumarið 2013 hélt svo allur hópurinn, lúðrasveitin ásamt Jónasi og hljómsveit, á Borgarfjörð eystri þar sem haldnir voru tvennir tónleikar í aðdraganda Bræðslunnar. Einnig uppselt á báða.

Ekkert verkefni er of stórt eða of smátt

Það má með sanni segja að þarna hafi lúðrasveitarmeðlimir komist á bragðið með stóra og flókna umgjörð sem og samvinnu með öðrum.Sem dæmi um uppákomur og tónleika sveitarinnar og má nefna Landsmót íslenskra lúðrasveita, sem haldið var í Þorlákshöfn í kjölfar tónlistarveislu *Þar sem himin ber við haf.* Þar komu fram, ásamt 150 hljóðfæraleikurum, hljómsveitirnar 100.000 naglbítar, Fjallabræður og Jónas Sig.

Eftir Landsmótið varð frekari samvinna og tónleikahald Lúðrasveitar Þorlákshafnar og Lúðrasveitar Vestmannaeyja ásamt Fjallabræðrum og Jónasi Sig. Einnig verður að nefna dýrmætt samstarf sveitarinnar og tónlistarmannsins Magnúsar Þórs Sigmundssonar. Hélt lúðrasveitin fáeina tónleika um landið þar sem lög hans voru spiluð og Stefán Jakobsson, söngvari hljómsveitarinnar Dimmu, söng listavel eins og hann er nú þekktur fyrir.



Meðlimir sveitarinnar prúðbúnir fyrir nýárstónleika árið 2021.

Er Magnús Þór einn ástsælasti og afkastamesti laga- og textahöfundur þjóðarinnar og tónlist hans að finna á hundruðum útgefinna platna. Þekkir þar yngri kynslóðin vafalaust söngvana um Póstinn Pál og Óla prik. (Ekki samt í flutningi Stebba Jak.)

Svo hefur lúðrasveitin, auðvitað yfir árin, ýmist haldið jóla- eða nýárstónleika og þá fengið til liðs við sig þekkta söngvara á borð við Valgerði Guðnadóttur, Jógvan Hansen, Guðrúnu Gunnarsdóttur, Halldóru Katrínu og Valdimar.

Samheldinn og kröftugur hópur

Þó hér sé allmargt upp talið, er þetta einungs brot af verkefnum Lúðrasveitar Þorlákshafnar, enda kröftugur og samheldinn hópur sem vílar ekki fyrir sér hvert stórverkefnið á fætur öðru.

Sveitin hefur í gegnum tíðina átt því láni að fagna að eðlileg endurnýjun á sér stað; ungt fólk kemur í sveitina og þá líka á 3. stigi í tónlist.

Meirihluti hljóðfæraleikaranna eru að auki aldir upp í Þorlákshöfn og hafa lært á sín hljóðfæri hjá Tónlistarskóla Árnesinga. Eru flestir búsettir í Þorlákshöfn en töluverður hluti býr á höfuðborgarsvæðinu og einhverjir í nágrannasveitarfélögum. Má því segja að lúðrasveitin sé brú til brottfluttra.

Meðlimir sveitarinnar, allt frá sextán ára og að sjötugu, búa að því að þrátt fyrir aldursbilið er ekkert kynslóðabil.

Alþýðuhljómsveit sem þessi er þverskurður mannlífs. Í henni má finna hjúkrunarfræðinga, rafvirkja, kennara á öllum skólastigum, framhalds- og háskólanema, félagsfræðing, grafískan hönnuð, markaðs- og menningarsérfræðing, lækni, leikara, rakara, flugfreyju og þar fram eftir götunum.

Er öllum tekið opnum örmum enda lúðrafangið breitt og heitt.

Ása Berglind situr fyrir svörum:



Þorláksvaka, segðu mér frá henni. Það má örugglega segja að Lúðrasveit Þorlákshafnar hafi verið einhvers konar brautryðjandi í bæjarhátíðum, því ef mér skjátlast ekki þá var tími Þorláksvökunnar löngu áður en bæjarhátíðir fóru að hreiðra um sig í öllum sveitarfélögum. Ég á mjög skemmtilegar minningar frá barnæsku, tengdar Þorláksvökunni, en lúðrasveitin bauð upp á afar metnaðarfulla og skemmtilega tónleikadagskrá. Margir Þorlákshafnarbúar tala um Þorláksvökuna í nostalgískum ljóma og vilja sumir jafnvel endurvekja hátíðina.

Hafa börnin þín fetað í fótspor þín? Elsta stelpan mín lærði á trompet og spilaði aðeins með skólalúðrasveitinni, miðjan mín er búin að læra í fjölmörg ár á trommur og nú á gítar, enda hefur hún meiri áhuga á að vera í rokkhljómsveit. Yngsti minn er 5 ára og mikill tónlistaráhugamaður en ekki kominn í markvisst tónlistarnám enn þá – þó nokkuð sé víst að hann eigi eftir að finna sér farveg í því. Tónlistarnám er gríðarlega mikilvægt, styrkir börn og ungmenni á svo mörgum öðrum sviðum auk aðgangs að töfrandi heimi tónlistarinnar.

Nú hefur þú verið í lúðrasveitinni síðan í barnæsku, hefur þú alltaf spilað á sama hljóðfæri? Ég spilaði fyrst á fiðlu í þrjú ár, alveg þar til ég áttaði mig á því að ég var að missa af öllu fjörinu sem var í skólalúðrasveitinni. Þá dreif ég mig í að skipta yfir á trompet svo ég gæti tekið þátt og sé sko ekki eftir þeirri ákvörðun. Seinna bætti ég svo við mig námi í píanói sem er mjög gott að hafa.

Er eitthvert hljóðfæri vinsælla eða óvinsælla en annað? Við skulum orða það þannig að ákveðnir hljóðfæraleikarar séu „dýrmætari“ en aðrir. Túbuleikarar eru til dæmis alls ekki á hverju strái, en við erum svo heppin að hafa tvo! Við erum líka með tvö bassaklarínett, þrjár básúnur, þrjú barítónhorn, tvö F horn, fjóra saxafónleikara og þ.á.m. einn á barítón sax, fyrir utan þessi vinsælli hljóðfæri eins og trompet, flautur og klarínett svo við erum ákaflega montin af okkar fólki. Annars er svo alltaf hægt að bæta við sig slagverksleikurum ef ég ætti að nefna eitthvað!

BÆKUR



Tvær bækur skáldkvenna

Bókasamlagið hefur sent frá sér tvær bækur í samvinnu við skáldkonurnar Sveinbjörgu Sveinbjörnsdóttur og Lilju Magnúsardóttur. Báðar sögurnar gerast í sveit á fyrri tímum.

Önnur bókin er heimildaskáldsaga ættuð úr Skagafirði á 18. öld og segir frá ferð vinnukonu til Vesturheims. Hin bókin fjallar um líf barna í sveit fyrir nokkrum áratugum.

Aldrei nema vinnukona



Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir er höfundur bókarinnar Aldrei nema vinnukona. Sagan gerist um aldamótin síðustu og segir frá vinnukonunni Þuríði Guðmundsdóttur sem fór utan til Ameríku 36 ára gömul til að freista gæfunnar.

Sagan segir frá ferðalagi hennar vestur í heim en á þeirri ferð rifjar hún upp 16 ára starfsferil sem vinnukona í Skagafirði og Húnavatnssýslu.

Saga Þuríðar er einnig saga annarra kvenna og þjóðarinnar allrar á erfiðum tímum. Seinni hluti 19. aldar einkenndist af sívaxandi erfiðleikum bænda vegna hafísa, eldgosa, skipskaða, veikinda og barnadauða.

Þess vegna varð freistandi að flytja til Ameríku í von um meira frelsi og betri afkomu.

Gaddavír og gotterí

Gaddavír og gotterí eftir Lilju Magnúsdóttur segir stuttar sögur af lífi barna í sveit á Íslandi fyrir nokkrum áratugum. Lífið er einfalt og skemmtilegt en líka flókið og hættulegt. Börnin leika sér mikið ein og verða að hafa ofan af fyrir sér sjálf. Dýrin og náttúran eru lífið sjálft. Ævintýri hversdagsins eru viðfangsefnið.

Þessi heimur er okkur horfinn, heimur þar sem voru engin fjarskipti nema sveitasíminn, og enginn skjár nema eitt svarthvítt sjónvarp í stofunni á betri bæjum. Allt snýst um búskapinn og dýrin. Hestarnir eru leikfélagarnir. Þeir eru oftast góðir en stundum láta þeir ekki að stjórn og þeir geta líka veikst og dáið. Hænurnar þarf að baða og það gengur ekki átakalaust. Óveður og rafmagnsleysi þekkja allir úr sveitinni, gat verið þreytandi og stundum varasamt. Réttirnar eru toppurinn á tilverunni, heill dagur af skemmtilegheitum en líka áhættuatriðum. */VH*







UMFJÖLLUN

Arnarlax ehf:

Stefnt á aukið laxeldi í sjó



Sjókví í Arnarfirði. Stærð sjókvíar er á milli 120 til 200 metrar að ummáli og eru milli fimm til sextán kvíar á hverju eldissvæði. Myndir / VH

Vöxtur laxeldisfyrirtækisins Arnarlax ehf. á Bíldudal hefur verið ör. Laxeldi í sjó er umdeilt og margir leggjast alfarið gegn því. Starfsemi fyrirtækisins hefur haft góð samfélagsleg áhrif á Bíldudal og bæjarfélagið er í vexti þrátt fyrir að hafa verið flokkað sem brothætt byggð fyrir tæpum áratug. Bændablaðið heimsótti Arnarlax.

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Þeir sem eru á móti eldinu segja það hafa slæm áhrif á umhverfið vegna mengunar og hættu á slysasleppingu eldislaxa sem geti mengað erfðamengi villtra laxastofna. Auk þess sem þeir segja að eldið samræmist ekki dýravelferð og að laxalús sé mikið vandamál.

Þeir sem hlynntir eru eldinu segja mengun frá því vera litla og allt gert til að draga úr henni og að það framleiði hollan mat, auki atvinnuuppbyggingu og skapi miklar tekjur.

Heildarvelta Arnarlax árið 2021 var um 13 milljarðar króna og greiddi fyrirtækið tæplega milljarð í skatta og opinber gjöld fyrir sama ár.

Arnarlax er stærsti framleiðandi eldislax á Íslandi. Höfuðstöðvar Arnarlax eru á Bíldudal og hefur fyrirtækið leyfi fyrir hámarkslífmassa í sjó upp á 25.200 tonn af eldislaxi á sjö svæðum í þremur fjörðum Arnar-, Patreks- og Tálknafirði. Framleiðslugeta vinnsluhússins á Bíldudal er aftur á móti 30 þúsund tonn og geta fyrirtækisins til að auka starfsemi sína töluverð.

Árið 2020 lagði Arnarlax fram frummatsskýrslu um sjókvíaeldi í Ísafjarðardjúpi fyrir framleiðslu á 10.000 tonnum af laxi á ári. Gert er ráð fyrir að eldiskvíar verði staðsettar á þremur eldissvæðum, við Óshlíð, Drangsvík og Eyjahlíð, sú umsókn er enn í ferli.

Framleiðsla Arnarlax árið 2021 var um 11,5 þúsund tonn og stefnir í um 16 þúsund tonn af eldislaxi á árinu 2022 og er hann nánast allur fluttur úr landi.


Starfsleyfi

Samkvæmt starfsleyfum Umhverfisstofnunar er Arnarlaxi heimilt að stunda kynslóðaskipt eldi í sjókvíum í fjórum fjörðum; Arnarfirði, Fossfirði í Arnarfirði, Patreksfirði og Tálknafirði. Í dag eru sjö virk eldissvæði og fjögur til viðbótar sem eru óvirk en leyfi er fyrir. Í Patreksfirði er eldissvæðið Eyri, í Tálknafirði eldissvæðið Laugardalur og í Arnarfirði eldissvæðin Haganes, Hringsdalur, Steinanes og Tjaldanes og svo svæðið Foss í Fossfirði. Samkvæmt leyfi skulu eldissvæðin hvíld í að minnsta kosti níutíu daga milli kynslóða.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá fyrirtækinu og mengunarvarnaeftirlit.

Ferli eldisins á landi

Seiðaeldi Arnarlax er á Gileyri í Tálknafirði, Hallkelshólum á Borg í Grímsnesi og í Þorlákshöfn. Á síðasta ári keypti fyrirtækið seiðaframleiðslu



Seiðeldi á landi.



Víkingur Gunnarsson, verkefnastjóri hjá Arnarlax.

Fjallableikju að Hallkelshólum í Grímsnesi sem nú hefur fengið nafnið Fjallalax og eldisstöðina að Laxabraut 5 í Þorlákshöfn. Á þessu ári keypti Arnarlax einnig allt hlutafé í eldisstöðinni Ísþór og er eini eigandi stöðvarinnar.

Hrogn eru klakin og seiði alin að Hallkelshólum og verða flutt þaðan að seiðaeldisstöðinni í Þorlákshöfn. Þar eru seiðin alin áfram áður en þau eru flutt með brunnbát í sjókvíaeldisstöðvar fyrirtækisins.

Það tekur hrogn eldislaxa að jafnaði sextíu daga að klekjast út við 8 °C í klakskáp. Við klak eru seiðin með kviðpoka sem sér þeim fyrir næringu fyrstu vikurnar og vöxtur þeirra háður umhverfisaðstæðum.

Eftir að forði kviðpokans er búinn eru seiðin flutt í ferskvatnseldistanka og fóðrun hefst. Hitastigið í tönkunum er 10 °C til 14 °C og lýsing dempuð allan sólarhringinn. Seiðin eru í þessum tönkum í um það bil sex vikur en þá eru þau flokkuð eftir stærð og bólusett við kýlaveiki, kýlaveikibróður, vetrarsárum og vibríuveiki og dælt til áframeldis í stærri eldistanka.

Um það leyti sem laxaseiði ná þeim þroska að geta lifað í sjó verður kviður þeirra silfurlitur, bakið blágrænt og tálkn þeirra breytast.

Í næsta skrefi er seiðunum dælt um borð í brunnbát og þau flutt í sjókvíar til eldis í sjó. Stærð seiðanna við flutning í sjókvíar er milli 90 og 500 grömm.

Sjókvíar

Stærð sjókvíar er á milli 120 til 200 metrar að ummáli og eru milli fimm til sextán kvíar á hverju eldissvæði. Þvermál kvíanna er milli 38 til 64 metrar og rúmmál þeirra milli 22 til 80 þúsund rúmmetrar. Kvíarnar eru kirfilega festar og eiga að þola allt að sjö metra ölduhæð.


Arnarlax notar koparoxíð, nánar tiltekið vöruna Netwax ni3, sem ásætuvörn á netapoka samkvæmt undanþágu Umhverfisstofnunar en efnið er í samþykktarferli hjá Evrópusambandinu. Koparoxíð er samþykkt utan Evrópusambandsins og koparoxíð sem aðalinnihaldsefnið í Netwax ni3 er samþykkt innan þess.

Landvernd, Icelandic Wildlife Fund og samtökin Laxinn lifi hafa gert athugasemdir við leyfisveitinguna. Í umsögn Hafrannsóknastofnunar til Skipulagsstofnunar sagði að 80% af koparnum losni út í vatnið. „Þó svo að kopar safnist ekki upp í lífkeðjum þá virkar hann staðbundið sem eitur á til dæmis þörunga og ýmsa hryggleysingja með því að hafa neikvæð áhrif á lífeðlisfræðilega ferla. Kopar virkar sem ásætuvörn einmitt vegna þess að hann er eitraður þessum lífverum“, segir í umsögninni.

Eldi í sjó og slátrun

Eftir að seiðin koma í kvíarnar eru þau fóðruð í 16 til 24 mánuði áður en þau ná sláturstærð sem er í kringum sex til sjö kíló. Fóðrunin fer fram í gegnum fljótandi fóðurpramma sem er við hvert eldissvæði og er fóðrun stýrt frá Bíldudal.

Eldið er vaktað nánast allan sólarhringinn með myndavélum og nemum sem tengdir eru stjórnstöðinni á Bíldudal og brugðist er við öllum frávikum eins fljótt og hægt er.



Stjórnstöð Arnarlax á Bíldudal. Fjórar svona tölvustöðvar sjá um vöktun og stjórna fóðrum í öllum sjókvíum fyrirtækisins.




Fóðurmatari um borð í þjónustuskipi í Arnarfirði.



Fóðurleiðslur úr þjónustuskipinu út í kvíarnar.



Norska brunnskipið Ronja Carrier landar fullri lest af eldislaxi úr sjókví í Arnarfirði.



Seiði í landeldi sem eiga stutt í að vera flutt í sjókvíar.

Þegar sláturstærð er náð er eldislaxinum dælt um borð í brunnbát sem flytur þá í sjó til hafnar og þar er fiskinum dælt inn til vinnslu þar sem hann er dauðrotaður og blóðgaður. Eftir það er hann slægður og honum pakkað heilum í ís til útflutnings. Laxinn er ofurkældur, Sub-Chilled, með íslenskri tækni og geymsluþol hans því talsvert meira en ella.

Slysasleppingar og mengun

Víkingur Gunnarsson segir að vöktun á kvíunum sé mikil og regluleg. „Við erum með köfunarþjónustu sem notast við tæki sem yfirfer netapokana reglulega og ef eitthvað virðist óeðlilegt eru sendir kafarar til að skoða ástand þeirra og lagfæra ef það þarf.“ Hann segir einnig að oft sé talað um mikla mengun af völdum eldisins en þar sem svæðin séu hvíld í þrjá mánuði á milli kynslóða sýni mælingar á botnseti undir kvíunum og í kringum þær að hún er lítil og að botnlífið jafni sig að mestu milli kynslóða.

Bjørn Hembre forstjóri segir að Arnarlax sé að skoða möguleika á að gera eldislaxinn ófrjóan og koma þannig í veg fyrir að fiskur sem sleppur úr eldi geti leitt til smitunar í erfðamengi villtra laxastofna. „Í dag er ekki hægt að gera laxinn ófrjóan nema með aðferðum sem draga úr gæðum. Við fylgjumst vel með rannsóknum á þessu sviði og aðferð sem felst í því að setja ákveðinn þrýsting á hrognin á ákveðnu þroskastigi lofar góðu.“

Fyrirtækið er einnig að skoða möguleika til að vinna lífrænan úrgang frá seiðaeldisstöðvum sínum á landi og vinna hann í lífrænan áburð sem gæti hentað bændum, landgræðslu eða til skógræktar.

Laxalús þekkt vandamál

Víkingur segir að laxalús sé þekkt vandamál í sjókvíaeldi og beitt sé fleiri en einni aðferð í baráttunni við hana. „Í sjóeldinu er gefið fóður sem kallast Slice Vet og inniheldur Emamektin sem drepur lúsina. Við notum einnig efni sem kallast Alpha Max (deltametrin) sem er blandað í mjög litlu magni saman við sjó og sett í kvíarnar og kemur í veg fyrir að lúsin fjölgi sér.“



Laxi er dælt lifandi úr lest brunnskipsins beint til vinnslu.

Arnarlax er með ASC vottun og samkvæmt henni má fyrirtækið lúsameðhöndla hverja eldiskynslóð þrisvar sinnum með efnunum. Til þessa hefur fyrirtækið ekki enn þurft að fullnýta meðferðir samkvæmt staðlinum. Notkun efnanna hefur verið gagnrýnd af umhverfissamtökum hér á landi og bent á að samkvæmt skoskri rannsókn finnist Emamektin í 97% skeldýra á þeim stað þar sem eitrið hefur verið notað og að það hafi slæm áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika.

Á heimasíðu Bellons, sem er fyrirtæki sem sérhæfir sig í rannsóknum tengdum umhverfismálum og er með aðsetur í Noregi, segir: Að tilraunir á rannsóknastofu sýni að eftir tíu daga í 10 ºC heitum sjó er undir 10% af efninu enn þá virkt og innan við 2% eftir 181 dag. Þar segir einnig að sýni tekin úr botnseti undir eldiskvíum sýni að helmingunartími efnisins sé 140 dagar og að 90% þess sé horfið á innan við ári. Auk þess að drepa laxalýs er efnið einnig banvænt fyrir krabbadýr og rækjur.

Rannsóknir á Emamektin sýna að efnið er talsvert lengi virkt í umhverfinu en að það eyðist fljótt úr holdi fiska.

„Við erum einnig með það sem kallast lúsapils umhverfis kvíarnar sem eiga að koma í veg fyrir að lúsin sem heldur sig í efri sjávarlögum komist inn í þær. Auk þess erum við með hrognkelsi, frá Benchmark á Íslandi, í sjókvíunum en þær éta lýsnar og því fyrirbyggjandi leið til að koma í veg fyrir að lúsin setjist á laxinn.

Lúsapilsin og hrognkelsi eru mikilvægustu fyrirbyggjandi aðgerðirnar og notkun. Arnarlax er að skoða enn umhverfisvænni leiðir til að stemma stigu við laxalús en það er laser-búnaður sem bæði telur lýsnar og drepur þær.

Markaðsmál

Lax er vinsæll matfiskur og sagður hollur vegna þess að hann inniheldur mikið af Omega-3-fitusýrum. Hann er soðinn, steiktur og grillaður en einnig reyktur eða grafinn. Hann er vinsæll hrár sem sashimi.

Árið 2021 framleiddi Arnarlax 4,5 milljón seiði og 11.500 tonn af eldislaxi. Fyrirtækið er með um 200 starfsmenn sem flestir eru staðsettir á Bíldudal og nágrenni. Tekjur félagsins árið 2021 af eldislaxi voru rúmar 90 milljón evra, eða rúmir 1,2 milljarðar íslenskar krónur á núverandi gengi. Eignir á efnahagsreikningi voru bókfærðar á 16,7 milljarða króna og skuldlaus eign var 8,2 milljarðar króna. Fyrirtækið greiddi um einn og hálfan milljarð í laun árið 2021.

Uppbygging á Bíldudal

Arnarlax hóf starfsemi árið 2009 og fyrstu 500 þúsund seiðin voru sett í kvíar árið 2014. Norska fyrirtækið SalMar keypti hlut í Arnarlaxi 2015 og jók hlut sinn í yfir 50% árið 2019.

Sama ár var Arnarlax skráð á markað í Osló.

Fyrstu afurðir Arnarlax voru sendar á markað 2016 og sama ár keypti það Fjarðalax og fékk leyfi til að auka framleiðslu sína í 10.000 tonn. Árið 2021 yfirtók það tvær seiðaeldisstöðvar á Suðurlandi, aðra í Þorlákshöfn og hina á Hallkelshólum í Grímsnesi.

Um það leyti sem Arnarlax var sett á stofn var atvinnustarfsemi og byggð á Bíldudal á undanhaldi og bæjarfélagið á mörkum þess að vera flokkað sem brothætt byggð og flokkað sem slík árið 2013. Atvinnutækifæri voru fá, nýbyggingar engar og fólksfækkun mikil. Hröð uppbygging fyrirtækisins hefur haft í för með sér mikla atvinnuuppbyggingu í bæjarfélaginu og nágrenni þess.

Atvinnutækifærum hefur fjölgað og fólk er aftur farið að flytja á Bíldudal og nágrannabyggðalög.

Í dag eru þar matsölustaður, hótel og söfn á Bíldudal. Að sögn Gísla Ægis Ágústssonar, sem rekur veitingahúsið og krambúðina Vegamót á Bíldudal, væri útilokað að reka veitingasölu þar ef fiskeldisins nyti ekki við.

Auk þess sem margskonar önnur þjónustustarfsemi hefur myndast í kringum starfsemi Arnarlax.



Ferskur eldislax tilbúinn til útflutnings.



Ljúffengt eldislax-sashimi.



FRÉTTASKÝRING



Gimsteinn 21-001 frá Þernunesi hefur nú yfirgefið heimahagana og er kominn í hóp sæðingahrúta. Mynd / Eyþór

Kynbótagripir fluttir yfir sauðfjárveikivarnalínur:

Gimsteinn kominn á sæðingastöð

– Enn unnið að breytingum á reglum um viðbrögð við riðu í ráðuneytinu

Um miðjan ágúst tilkynnti Matvælastofnun að hún ætlaði að nýta sér undanþáguákvæði í lögum um dýrasjúkdóma og veita undanþágu fyrir sölu á líflömbum og kynbótagripum með mögulegar verndandi arfgerðir gegn riðusmiti yfir sauðfjárveikivarnalínur. Þann 23. september samþykkti matvælaráðherra breytingu á reglugerð þar að lútandi.

Reglum um viðbrögð við riðu hefur hins vegar ekki verið breytt – þannig að ef upp kemur riða í hjörðum þarf umsvifalaust að skera þær niður – alla gripina, þá sem eru með verndandi arfgerðir jafnt sem aðra.

Umsóknir um söluleyfi voru afgreiddar 12. september og þeir bæir sem hafa fengið leyfi eru Þernunes í Reyðarfirði, eini bærinn með gripi af ARR-arfgerð, og fjórir bæir þar sem arfgerðin T137 hefur fundist í gripum; Stóru-Hámundarstaðir á Árskógsströnd, Möðruvellir 3, Engihlíð og Reykir.

Tvær sauðfjársæðingastöðvar eru reknar í landinu; sauðfjársæðingastöð Vesturlands á Hvanneyri og sauðfjársæðingastöð Suðurlands á Selfossi. Þangað veljast inn kynbótahrútar sem sauðfjárræktarráðunautar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) bera ábyrgð á að velja.

Eyþór Einarsson er í þeim hópi og segir hann að þrír hrútar með ARR-arfgerð og tveir með T137-arfgerð hafi verið keyptir til að nota á stöðvunum og hafi nýlega verið þangað fluttir.

Breytingar á reglum um viðbrögð við riðu

Eftir stórtækan niðurskurð á Norðurlandi vegna riðutilfella á nokkrum bæjum árið 2020, var Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir fengin til að ráðast í endurskoðun á reglum sem varða viðbrögð við riðuveiki, fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Hún skilaði sínum tillögum að nýjum reglum í desember 2021, sem fóru síðan í lokað umsagnarferli. Hjá matvælaráðuneytinu er nú unnið að því að móta nýjar reglur eftir yfirferð á umsögnum.

Fyrstu hrútar sæðingastöðvanna með ARR og T137

– Ættir, kynbótamat og stigun kynbótahrútanna sem hafa nú yfirgefið heimahagana

Í fyrsta skipti í sögu sauðfjárræktar á Íslandi verða í boði hrútar á sæðingastöðvunum sem greindir hafa verið með arfgerðina ARR, sem viðurkennd er sem verndandi arfgerð gegn riðuveiki. Einnig verður nú boðið upp á hrúta sem bera stökkbreytinguna T137 en væntingar standa til þess að kindur með þá arfgerð geti ekki borið riðuveiki.

Nýlega voru þessir gripir metnir af ráðunautum RML og hér að neðan fara dómar um þá.

Allir þessir hrútar sem nú eru á leið á sæðingastöðvarnar verða betur kynntir í væntanlegri hrútaskrá.

„ARR-hrútar“



Gimsteinn 21-001 frá Þernunesi
F: Kubbur 20-004 frá Melum
M: Katrín 20-071 frá Þernunesi

BLUP Gerð:	**115**
BLUP Fita:	**98**
BLUP Frjósemi:	**107**
BLUP Mjólkurlagni:	**104**

Gimsteinn er kollóttur hreinhvítur að lit. Hrúturinn er afbragðsvel gerður. Hann var ekki stigaður sem lamb en hlaut dóm nú í haust, veturgamall og hlaut þá 87 stig. Faðir Gimsteins, Kubbur 20-004, er kaupahrútur frá Melum í Árneshreppi, sonur Illuga 16-225 og Ollu 19-258 sem var dóttir Fálka 17-821 frá Bassastöðum. Í móðurætt er Gimsteinn kominn út af Njálu 13-301 frá Kambi á tvo vegu.



Gullmoli L70 frá Þernunesi
F: Einar 19-004 frá Þernunesi
M: Njálu-Brenna 17-717
frá Þernunesi

BLUP Gerð:	**115**
BLUP Fita:	**98**
BLUP Frjósemi:	**102**
BLUP Mjólkurlagni:	**106**

Gullmoli er hreinhvítur og kollóttur. Hann er glæsilegt lamb, stigaðist upp á 87,5 stig. Gullmoli er kominn út af Njálu 13-301 frá Kambi líkt og Gimsteinn, en Njála er móðuramma Gullmola en Gimsteinn rekur sig í Njálu í fjórða lið í gegnum Skarphéðin 16-013 sem var sonur Njálu.



Hornsteinn L224 frá Þernunesi
F: Gimsteinn 21-001 frá Þernunesi
M: 21-033 frá Þernunesi.


BLUP Gerð:	**108**
BLUP Fita:	**105**
BLUP Frjósemi:	**109**
BLUP Mjólkurlagni:	**103**

Hornsteinn er sívalhyrndur, hreinhvítur að lit. Þetta er vel gert lamb en vantaði örlítið meiri þroska til að ná framúrskarandi stigun en hann hlaut 84 stig. Hornsteinn var með 28 mm bakvöðva, fitan mældist 3,2 mm og lögun vöðvans 4,5. Hann vó 42 kg og fótleggur mældist 107 mm. Móðurættin er blönduð af hyrndu og kollóttu fé en MMF hans er Frosti 14-987 frá Ketilseyri. Þá er formóðir Gimsteins, Njála 13-301 frá Kambi á bakvið móður hans í fimmta ættlið.

T137-hrútar

Austri 20-623 frá Stóru Hámundarstöðum
F: Amor 17-831 frá Snartarstöðum
M: Hrísey 15-546 frá Stóru-Hámundarstöðum

BLUP Gerð:	**120**
BLUP Fita:	**112**
BLUP Frjósemi:	**98**
BLUP Mjólkurlagni:	**104**




Austri er hvítur að lit og vel hyrndur. Hann var sjálfur vel gerður og hlaut sem lambhrútur 87 stig. Austri er hörkugóður lambafaðir, skilar vænum lömbum og sá hrútur búsins sem skilað hefur best gerðu sláturlömbunum. Móðir Austra er af heimakyni en sá sæðingastöðvahrútur sem stendur henni næst er Myrkvi 10-905 frá Brúnastöðum en hann er MFF Austra.

Ákveðið hefur verið að einnig verði tekinn á sæðingastöð lambhrútur frá Sveinsstöðum í Austur-Húnavatnssýslu. Þar koma til greina tveir albræður en ekki hefur verið gengið frá því vali þar sem beðið er niðurstaðnanna á greiningu Þokugens. Þessir bræður eru synir Dals 17-870 frá Ásgarði og móðir þeirra er Trú 17-122.

Á bak við Trú standa m.a. þeir Ás 09-877 frá Skriðu og Bósi 08-901 frá Þóroddsstöðum. Þetta eru vel gerðir gripir og það sem gerir þá einnig mjög áhugaverða er að þessir lambhrútar eru einnig arfblendnir fyrir lítið næmu arfgerðinni AHQ og því munu öll þeirra afkvæmi fá annaðhvort T137 eða AHQ. Þessir hrútar eru hyrndir og hvítir að lit.



Hópmynd af gripum með ARR-arfgerð á Þernunesi. Á bænum eru allir þeir gripir á Íslandi sem staðfest er að bera þessa arfgerð. Mynd / Eyþór



Forgangssvæði samkvæmt skilgreiningu Matvælastofnunar eru hér rauðmerkt, þar sem riða hefur greinst á síðustu sjö árum.

Í svari ráðuneytisins við fyrirspurn um stöðu mála, kemur fram að tillögur yfirdýralæknis hafi falið í sér umtalsverðar breytingar á því regluverki sem snýr að riðuvörnum. „Við skoðun kom í ljós að þær breytingar taka einnig til ýmissa þátta sem varða skipulag almenns dýraheilbrigðis. Í ljósi þessa hefur sú ákvörðun verið tekin að fara í tímabæra heildarendurskoðun á þeim lagabálkum sem snúa að dýraheilbrigði. Sú vinna er umfangsmikil, og liggur því ekki ljóst fyrir á þessari stundu hvenær henni lýkur," segir í svarinu úr ráðuneytinu.

Verndandi arfgerðir dreifast um landið

Á meðan unnið er að nýju regluverki í ráðuneytinu dreifast hinir verðmætu gripir með verndandi arfgerðir um landið – einkum þó á þau svæði þar sem riða hefur oftast greinst og mestar líkur eru á að þar komi tilfelli aftur upp. Það eru forgangssvæði, samkvæmt skilgreiningu Matvælastofnunar, varðandi kaup á þessum gripum. Vitað er um 128 gripi með annað hvort ARR- eða T137-arfgerð.

Í öðrum Evrópulöndum er leitast við að vernda gripi með verndandi arfgerðir. Víða hafa gilt þær reglur að þegar upp kemur riða eru arfgerðir gripanna í hjörðinni strax yfirfarnar, til að meta líkur á smiti. Algengt er að kindum með ARR-arfgerð sé hlíft en aðrar aflífaðar.

Eyþór segir það bagalegt ef kæmi upp riða á þessum svæðum og ekki væri búið að breyta þessum reglum. „Til dæmis á næsta ári og bændur sem væru búnir að setja á gimbrahóp með ARR-arfgerðina og þá yrði væntanlega að lóga þeim jafnt og öðrum gripum á viðkomandi búum."

/smh







LÍF & STARF

Rangárvallasýsla:

Fallegt fé á degi sauðkindarinnar



Alltaf jafn gaman að þuklinu.



Benedikt í Djúpadal átti litfegursta lambið. Í lambið heldur Pia Rumpf.



Sara Ástþórsdóttir í Álfhólum er með ræktunarfingur og átti tvær efstu kollóttu gimbrarnar og efsta kollótta hrútinn. Tveir vaskir sauðfjárbændur halda hér í hrútinn fyrir hana og Sigurjón í Fellsmúla er kampakátur með annað sætið.



Fjölskyldan á Kaldbak með bikar fyrir ræktunarbú ársins 2021.

Dagur sauðkindarinnar í Rangárvallasýslu var haldinn hátíðlegur 1. október síðastliðinn á Hellu. Fjöldi fólks mætti með lömb til sýningar og voru 80 gimbrar dæmdar og 50 hrútar en bændum var leyfilegt að koma með fé af svæðinu milli Þjórsár og Markarfljóts. Þeir Pétur og Sigurður Anton dæmdu lömbin fyrir RML og voru lömbin falleg og stiguðust vel. Athygli vakti að langflest lömbin voru með yfir 30 mm bakvöðva en það var lágmarkið fyrir að fá að taka þátt. Margt fólk kom síðan til að vera við sýninguna og sjá fallegt fé og varð hátíðin hin besta. Áhugasamir fengu að taka á lömbunum og finna vöðvafyllingu og ullargæði með hinu heimsfræga „hrútaþukli“. Heyrðist á fólki að það sé alltaf toppurinn að fá að finna fyrir sjálfan sig og meta saman við sín eigin lömb. Fjölmargir styrktu daginn með framlögum og fyrirtæki gáfu gjafir í happdrætti sem alltaf er gríðarlega vinsælt. Verðlaunin voru handmálað listaverk eftir Gunnhildi Jónsdóttur frá Berjanesi en myndirnar hennar eru fágætar að gæðum og gaman að fá slík verðlaun til að hengja upp heima hjá sér.

Niðurstöður voru eftirfarandi:

Kollóttir hrútar:
1. sæti nr 95 frá Álfhólum, eigandi Sara Ástþórsdóttir.
2. sæti nr 137 frá Fellsmúla, eigandi Sigurjón Bjarnason.
3. sæti nr 745 frá Teigi, eigandi Félagsbúið Teigi.

Hyrndir hrútar:
1. sæti nr 730 frá S-Úlfsstöðum, eigandi Sigríkur Jónsson.
2. sæti nr. 2001 frá Raftholti, eigandi Sigurjón Hjaltason.
3. sæti nr. 2054 frá Djúpadal, eigandi Lilja og Benedikt. Djúpadal

Kollóttar gimbrar:
1. sæti nr 63 frá Álfhólum, eigandi Sara Ástþórsdóttir.
2. sæti nr. 38 frá Álfhólum, eigandi Sara Ástþórsdóttir.
3. sæti nr 27 frá Árbæ, eigandi Guðmundur Bæringsson.

Hyrndar gimbrar:
1. sæti nr. 2259 frá Hreiðri, eigandi Hjalti Sigurðsson.
2. sæti nr. 57 frá Teigi, eigandi Félagsbúið Teigi.
3. sæti nr 2029 frá Djúpadal, eigandi Lilja og Benedikt, Djúpadal.

Við þökkum öllum sem komu og gerðu daginn eins góðan og hann varð en ekki síður þeim sem styrktu hátíðina. Það voru: Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Aurasel, Bílaverkstæðið Rauðalæk, Fóðurblandan, Hellismenn ehf., Lava 47, Lífland, Midgard, Skálakot, Sláturfélag Suðurlands, Teigur Fljótshlíð, Valdís, Hvolsvelli og Uppspuni Smáspunaverksmiðja.

Félag sauðfjárbænda í Rangárvallasýslu.

Biskupstungur:

Endurnýjuð brú á gamalli þjóðleið

Ný brú var tekin í notkun á fornri þjóðleið í Biskupstungum þann 1. október sl. Leiðin liggur meðfram Stóru-Laxá og Hvítá, um lönd jarðanna Eiríksbakka og Iðu.

Brúin er að sögn Elínborgar Sigurðardóttur, bónda á Iðu, óður til þeirra sem gengnir eru og bjuggu á þremur bæjum í svokölluðum Iðukrók þ.e. á Eiríksbakka, Helgastöðum og Iðu. „Vinátta og samheldni ríkti á milli bæjanna og brúin er að vissu leyti minnisvarði um allt það góða fólk. Hún er smíðuð af frumkvæði og í góðri samvinnu af núverandi ábúendum þessara bæja, þeim Guðmundi Ingólfssyni á Iðu og Kristjáni Skaphéðinssyni á Eiríksbakka. Auk þeirra komu Ólafur Kristjánsson á Helgastöðum og Loftur Ingólfsson frá Iðu til aðstoðar við að koma brúnni fyrir.“

Hestamannafélagið Jökull og Hrossaræktarbúið í Vesturkoti lögðu fram styrki til efniskaupa en vinna við brúna var sjálfboðið framtak hestamanna á svæðinu. „Vinnan við brúna fór fram á hlaðinu á Iðu og síðan var hún flutt á vagni og komið fyrir á áfangastað. Rétt er að geta þess að allt efni sem notað var í brúarsmíðina er endurunnið, efni sem var hreinsað og endurnýtt.

Má þar nefna að brúin sjálf er að uppistöðu úr gömlum malarvagni, 8 metrar að lengd. Gólfborðin eru steypumót og fleira mætti telja. Hlið er á miðri brúnni, hannað og smíðað af Guðmundi upp úr gamalli hitagrind úr gróðurhúsi. Kúla af gírstöng er endurnýtt til að loka hliðinu. Á hliðum brúarinnar eru ryðfrí rör úr mjólkurtanki sem gegna tvíþættu hlutverki, þ.e. að vera sæti fyrir fánastangir á hátíðardögum og til að bera merki hennar.

Lykkjur, gamlir varahlutir úr New Holland dráttarvélum, eru soðnar á báða enda brúarinnar svo hægt sé að binda þar hross.



Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra og hestamaður, sem býr handan Stóru-Laxár, klippti á borða nýju brúarinnar þegar hún var formlega opnuð.
Mynd/Aðsend

Þá eru skilti úr ryðfríu stáli sem vísa veginn og áletrun þar sem mönnum er óskað góðrar ferðar og upplýsingar um hvenær brúin var gerð. Skiltin eru útbúin og gefin af Sigurði Karlssyni, sem er tengdasonur á Eiríksbakka,“ segir Elínborg.

Þessi forna þjóðleið, sem liggur eftir bökkum Stóru-Laxár og Hvítár, er nokkuð fjölfarin af bæði göngu- og hestafólki. Áður var þetta leið fólks sem kom austan að og átti leið um lögferjuna yfir Hvítá hjá Iðu.

Núverandi þjóðvegur kom í gagnið árið 1952 og brúin yfir Hvítá hjá Iðu kom árið 1957. Þessi forna þjóðleið var oft og tíðum ill yfirferðar vegna vatns sem kemur úr austurhlíðum Vörðufells og leitar eftir farvegum út í næstu á.

Á leiðinni voru illfærir ósar og má lesa á vefsíðunni laugaras.is bréfaskriftir til sýslunefndar Árnessýslu frá Skúla Árnasyni héraðslækni á árunum eftir 1900 þar sem hann biður um að byggðar verði brýr yfir vatnsmestu ósana.

Fyrst voru byggðar þar trébrýr og síðar fimm steinbrýr og eru minjar sumra þeirra enn sýnilegar.

/ghp



Sýningin hans Kristins hefur fengið mjög góða aðsókn í Listasafnið á Akureyri en hún verður uppi til janúar 2023.

Akureyri:

Sprækur listmálari á níræðisaldri

Kristinn G. Jóhannsson, listmálari á Akureyri, kallar ekki allt ömmu sína þegar kemur að því að mála myndir.


Hann hefur haldið fjölmargar sýningar í gegnum árin enda komin vel á níræðisaldur. Hann er með glæsilega sýningu núna í Listasafninu á Akureyri, sem hefur vakið verðskuldaða athygli.

„Þetta er sýning um birtuna og fjöllin og heiðina, sem sagt nánasta umhverfi mitt, sem sést þó ekki alltaf mjög greinilega en er þar samt. Ég vinn öll verkin mín á vinnustofunni minni, sem er í gamla bænum á Akureyri. Ég hélt fyrstu sýninguna mína 1954 og hef verið að alveg síðan," segir Kristinn og hlær. Sýningar hans hafa fengið góðar viðtökur, ekki síst sýningin núna í Listasafninu. „Ég er þakklátur ef einhver kann að meta verkin mín, um það snýst þetta. Myndirnar á þessari sýningu eru ekki til sölu en málarinn er alltaf til viðtals," bætir Kristinn við og glottir við tönn. */ MHH*



Kristinn segir að þó að hann sé orðinn 86 ára þá skipti árin ekki máli, heldur það sem hann er að gera hverju sinni. Myndir / MHH











LANDGRÆÐSLA





Nærmynd af landnámi votlendisgróðurs (mýrasef og tjarnastör) í rasksárum á Sogni tekin sumarið 2020. Í Ölfusi t.v., rasksvæði sem varð til í kjölfar endurheimtaraðgerða haustið 2019 og t.h., sama svæðið eftir tvö vaxtartímabil (tekin sumarið 2021). Myndir / Ágústa Helgadóttir Landgræðslan.

Evrópuráðstefna um endurheimt vistkerfa

Fulltrúar Landgræðslunnar sóttu í síðasta mánuði þrettándu Evrópuráðstefnu um endurheimt vistkerfa. Áratugur endurheimtar vistkerfa litaði svo sannarlega ráðstefnuna og var m.a. fjallað um nýtt frumvarp til Evrópulaga sem kallar á aðgerðir og aðlögun um endurheimt vistkerfa innan Evrópu.

Alþjóða vistheimtarsamtökin (SER) stóðu fyrir ráðstefnunni og veittu þau Landgræðslunni verðlaun fyrir framúrskarandi veggspjald með innihaldsríku framlagi til ráðstefnunnar.

Ráðstefnan var haldin í byrjun september sl. í Alicante á Spáni, en hún er skipulögð af Evrópudeild alþjóðlegu vistheimtarsamtakanna (The Society for Ecological Restoration, SER) sem er fagfélag í endurheimt vistkerfa. Vistheimtarsamtökin SER leggja áherslu á að við endurheimt vistkerfa sé verið að vernda líffræðilega fjölbreytni, bæta aðlögun og draga úr áhrifum loftslagsbreytinga og endurheimta heilbrigð tengsl milli náttúru og samfélags.

Hópur frá Íslandi sótti ráðstefnuna

Hópur frá Íslandi sótti ráðstefnuna, starfsfólk Landgræðslunnar, Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) auk nemenda frá LbhÍ og Háskóla Íslands. Framlag þessa hóps til ráðstefnunnar voru eftirfarandi:

- BirkiVist – þverfræðilegt rannsókna- og þróunarverkefni er miðar að þróun skilvirkra leiða við endurheimt birkiskóga á landsvísu (Ása L. Aradóttir o.fl.)
- Endurheimt vistkerfa í Hraunhreppi á Vesturlandi – dæmisögur (Iðunn Hauksdóttir og fleiri.)
- Endurheimt votlendis á Íslandi – hvernig er hægt að flýta fyrir landnámi staðargróðurs í kjölfar rasks sem myndast við framkvæmdir (Ágústa Helgadóttir og fleiri.)
- Skilgreining viðmiðunarvistkerfa fyrir íslensk birkivistkerfi (Katrín Valsdóttir o.fl.)
- Nýtt meistaranám í vistheimt við Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ)
- Ísig vatns í endurheimtum birkiskógum á Íslandi (Sólveig Sanches o.fl.)
- Votlendi undir álagi – áhrif áfoks á Íslandi (Susanne Claudia Möckel o.fl.)
- Útbreiðsla birkis frá stökum fræuppsprettum – forsendur fyrir endurheimt á stórum kvarða (Anna Mariager Behrend o.fl.)

Landgræðslan hlaut verðlaun á ráðstefnunni

Sérstök dómnefnd veitti verðlaun fyrir bestu veggspjaldakynninguna og hlaut Ágústa Helgadóttir, sérfræðingur hjá Landgræðslunni, verðlaun fyrir framúrskarandi veggspjald með innihaldsríku framlagi til ráðstefnunnar. Veggspjaldið fjallaði um tilraun um hvernig hægt sé að flýta fyrir landnámi votlendisgróðurs á rasksvæðum sem fylgja framkvæmdum í endurheimt votlendis á Íslandi. Meðhöfundar veggspjaldsins voru Sunna Áskelsdóttir og Ölvir Styrmisson. Tilraunin var upphaflega birt í skýrslu Landgræðslunnar, „Endurheimt votlendis á tveimur jörðum og vöktun á árangri“, sem var gefin út af sömu höfundum, fyrr á þessu ári, og styrkt af Landsvirkjun.

Skiptir máli að vanda sig

Prófaðar voru þrjár aðferðir á Sogni í Ölfusi og á Ytri-Hraundal á Mýrum til að hraða og stuðla að landnámi votlendistegunda; i) flytja gróðurtorfur með votlendistegundum á röskuð svæði, ii) dreifa fræslægju af blettum innan svæðisins þar sem finnast votlendistegundir og iii) að sá einæru rýgresi til að ná þekju og flýta fyrir landnámi staðargróðurs.

Niðurstöður tilraunarinnar benda til þess að vönduð vinnubrögð við framkvæmd, hátt grunnvatnsborð og rólegt vatnsrennsli á yfirborði flýti fyrir landnámi votlendisgróðurs og að munur sé á árangri aðferðanna þriggja. Að nota gróðurtorfur kom best út á Ytri-Hraundal en á Sogni var bestur árangur af sáningu á einæru rýgresi en þar gróa rasksárin fljótt upp án meðferða.

Áratugur endurheimt vistkerfa

Það kom skýrt fram á ráðstefnunni að áratugur endurheimtar vistkerfa er svo sannarlega runninn upp með nýju frumvarpi til Evrópulaga sem kalla á aðgerðir og aðlögun um endurheimt vistkerfa innan álfunnar. Áherslur hafa breyst, kallað er eftir endurheimtaráætlunum á landsvísu sem byggja á nálgunum á landslagsskala og hugmyndafræðinni um viðmiðunarvistkerfi til að endurheimta vistkerfi sem hurfu eða hafa hnignað verulega. Náttúrumiðaðar lausnir eru lykillinn í að takast á við loftslagsmálin og styðja við áhrifaríkar lausnir sem stuðla að vistheimt á stórum skala þar sem sérstaklega er hugað að tengingu náttúrulegra svæða.

Ágústa Helgadóttir.

Á FAGLEGUM NÓTUM



Í lok uppskerutímabilsins var heildaruppskera, fjöldi uppskorinna aldina og markaðshæfrar uppskeru marktækt meiri þegar Hybrid ljós var í minni fjarlægð frá plöntunum.

Er hægt að bæta afkomu af HPS ljósum eða mun það borga sig að fjárfesta í LEDs?

– Nýjustu niðurstöður úr gróðurhúsatómataræktun að vetri

Eins og fram kom í 2. tölublaði Bændablaðsins 2022 var kynnt tilraun með tómata sem gerð var veturinn 2021/2022 í tilraunagróðurhúsi Landbúnaðarháskóla Íslands á Reykjum undir háþrýstinatríumlömpum (HPS) eða Hybrid lýsingu (HPS+LED) með mismunandi millibili milli ljóss og plantna.

Þar var einnig fjallað um uppsetningu tilraunar og sjást þar myndir frá öllum ljósameðferðum. Markmiðið með tilrauninni var að rannsaka áhrif ljósgjafa og hæð lampanna á uppskeru og gæði gróðurhúsatómata og athuga hvað er hagkvæmast.

Verkefnisstjóri var undirrituð og verkefnið var unnið í samstarfi við tómatabændur og styrkt af Þróunarsjóði garðyrkjunnar.

Tilraunaskipulag

Gerð var tilraun með óágrædda tómata (Lycopersicon esculentum Mill., yrki 'Completo') frá byrjum nóvember 2021 og fram í miðjan mars 2022 í tilraunagróðurhúsi Landbúnaðarháskóla Íslands á Reykjum. Tómatarnir voru ræktaðir í steinullarmottum í þremur endurtekningum með 2,5 plöntum/m2 með einum toppi á plöntu.

Prófaðar voru þrjár mismunandi ljósameðferðir að hámarki í 16 klst.:

1. HPS topplýsing (1000 W perur), ljós í 4,5 m hæð frá gólfi (HPS, 472 µmol/m2/s),
2. Hybrid topplýsing (2:1, HPS:LED, 750 W HPS perur), HPS í 4,9 m og LEDs í 4,5 m hæð frá gólfi (Hybrid high, 373 µmol/m2/s),
3. Hybrid topplýsing (2:1, HPS:LED, 750 W HPS perur), HPS ljós og LEDs í 4,5 m hæð frá gólfi (Hybrid, 454 µmol/m2/s).

Daghiti var 20°C. Næturhiti var fyrstu tvo mánuðina 20°C og eftir það 17°C. Undirhiti var 35°C í byrjun, en 50°C eftir mánuð og 55°C í lok febrúar.

Um miðjan janúar voru hitarör stillt á 45°C. 800 ppm voru gefin. Tómatarnir fengu næringu með dropavökvun. Áhrif ljósgjafa og hæð lampanna voru prófaðar og framlegð reiknuð út.

Tafla 1: Stillingar í klefum samkvæmt gróðurhúsatölvu í mism. ljósmeðferðum.
Gögn úr gróðurhúsatölvu (meðaltal yfir ræktunartímabil)

	HPS	Hybrid high	Hybrid
Lofthiti (°C)	21,1	21,3	21,5
Undirhiti á daginn (°C)	42,4	42,2	41,6
CO2 (ppm)	740	747	761
Glugga opnun (%)	1,7	2,2	2,9

Tafla 2: Mælingar í ræktunarefni og laufhita í mismunandi ljósmeðferðum.

	HPS	Hybrid high	Hybrid
Ræktunarefni (°C)	21,1 a	20,4 b	21,1 a
Laufhiti (°C)	20,8 a	20,4 b	20,4 b

Taflan gefur til kynna marktækan mun (HSD, p ≤ 0,05)

Tafla 3: Uppskera á tómötum árið 2021/2022 í mismunandi ljósmeðferðum.

	HPS	Hybrid high	Hybrid
Söluhæf uppskera (kg/m²)	21,8 a	17,8 b	22,0 a
Uppskorinn klasi (fjöldi/m²)	26	25	26
Söluhæf uppskera (kg/klasa)	0,84	0,71	0,85
Meðalþyngð söluhæfra uppskeru (g/aldin)	88 ab	87 b	91 a

Taflan gefur til kynna marktækan mun (HSD, p ≤ 0,05)



Christina Stadler, lektor hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Niðurstöður og umræða

Lofthitastig, undirhitastig, CO2 magnið og gluggaopnum voru eins á milli klefa **(tafla 1).** Hiti í ræktunarefni var minni þegar millibil milli plantna og ljós var meira og laufhiti var marktækt hærri undir HPS ljósum **(tafla 2).**

Tómatar sem fengu ljós frá ljósgjafa sem var 1,0 m fyrir ofan plöntuþekju, þroskuðust um hálfri viku fyrr en tómatar sem fengu ljós frá Hybrid ljósi sem var í 1,4 m fyrir ofan plönturnar.

Þetta gæti orsakast af hærri hita í ræktunarefni plantna þar sem ljós var í minni fjárlægð frá plöntunum **(tafla 2).** Í lok uppskerutímabilsins var heildaruppskera, fjöldi uppskorinna aldina og markaðshæfrar uppskeru **(tafla 3)** marktækt meiri þegar Hybrid ljós var í minni fjarlægð frá plöntunum.

Meiri uppskeru má rekja til þess að fyrsta flokks uppskera var marktækt meiri vegna meira þyngdar aldins, á meðan fjöldi markaðshæfra aldina var óháð hæð frá Hybrid ljósum **(tafla 4).**

Hins vegar var heildaruppskera, markaðshæfrar uppskeru, fjölda uppskorinna aldina og meðalþyngd aldina ekki háð ljósgjafa **(tafla 3, tafla 4).**

Markaðshæfni uppskeru var 17,8-22,0 kg/m2 eða 0,71-0,85

kg/klasa og höfðu meðferðir sem fengu Hybrid ljós úr meira hæð lægra gildi en plöntur sem fengu HPS eða Hybrid ljós í minna hæð frá plöntum **(tafla 3).**

Hlutfall uppskerunnar sem hægt var að selja var um 70% fyrir allar ljósameðferðir án þess að tillit væri tekið til mismunar milli meðferða á 1. flokks aldina, 2. flokks aldina, of lítilla aldina og grænna aldina **(tafla 5).**

Dagleg notkun á Hybrid ljósum var sú sama í kWh's sem og HPS ljós **(tafla 6).** Ljósatengdur kostnaður (orkukostnaður + fjárfesting í ljósum) var hærri (6%) fyrir "Hybrid" en fyrir "HPS" og var 46% af heildarframleiðslukostnaði. Skilvirkni orkunotkunar var meiri með "Hybrid" en með "Hybrid high", á meðan ljósgjafi hafði engin áhrif á þessar breytur.

Þegar millibil milli Hybrid ljósa og plöntuþekju var minnkað úr 1,4 m í 1,0 m jókst uppskera um 4,2 kg/m2 og framlegð um 2.500 ISK/m2 **(tafla 6).**

Að auki var hægt að fá betri niðurstöður með því að skipta Hybrid ljósum út fyrir HPS ljós og nota 1000 W perur í staðinn fyrir 750 W perur til að lækka fjárfestingarkostnað í ljósum. Þá jókst framlegð um 1.600 ISK/m2 á meðan uppskera breyttist ekki.

Tafla 4: Markaðshæfni uppskeru, fjöldi aldina eftir mismunandi ljósmeðferðum.

Meðferð	Fjöldi markaðshæfra aldina		
	1. fl. (fjöldi/m²)	2. fl. (fjöldi/m²)	samtals (1. fl. + 2. fl. (fjöldi/m²)
HPS	107 a	140 a	247 a
Hybrid high	90 a	115 b	205 b
Hybrid	124 a	116 b	240 ab

Taflan gefur til kynna marktækan mun (HSD, p ≤ 0,05)

Tafla 5: Hlutfallsleg skipting söluhæfra og ósöluhæfra tómata eftir ljósmeðferðum.

Meðferð	Söluhæf uppskera		Ósöluhæf uppskera			
	1. fl.> 55 mm	2. fl.> 45-55 mm	of smá	stilrót	illa löguð	græn
HPS	35 a	34 a	5 a	0 a	0 a	26 a
Hybrid high	34 a	33 a	8 a	0 a	0 a	25 a
Hybrid	42 a	28 a	5 a	0 a	0 a	29 a

Taflan gefur til kynna marktækan mun (HSD, p ≤ 0,05)

Tafla 6: Hagkvæmni tölur eftir mismunandi ljósmeðferðum.

	HPS	Hybrid high	Hybrid
Orkunotkun (kWh)	29.959	29.961	29.965
Raforkukostnaður (ISK/m²)	4.391	4.391	4.391
Fjarfestingarkostnaður í ljós (ISK/m²)	1.548	3.287	3.287
Skilvirkni orkunotkunar (kg/kWh)	0,038	0,031	0,039
Framlegð (ISK/m²)	457	-3.608	-1.140

Ályktun

Út frá hagkvæmnisjónarmiði er ekki mælt með því að skipta HPS lömpum út fyrir LED að svo stöddu.


Áður en hægt er að ráðleggja að nota LED, er þörf á fleiri rannsóknum.

Því er mælt með:

- að minnka hæð milli plöntunnar og ljós í einn metra til að fá hærri µmol tölu sem mun leiða til meiri uppskeru og framlegðar,
- að rækta tómata undir HPS ljósi og fjárfesta frekar í HPS ljósum með 1000 W perum en LEDs fyrir topplýsingu.

ZiPWAKE Svansson ehf





ZipWake er bylting í stöðugleikabúnaði fyrir báta.
Búnaðurinn sjálfvirkur og virkar 5 til 10 sinnum hraðar en hefðbundnir flapsar og er með innbyggðum gíró og GPS.

Landbúnaðartæki, björgunartæki og búnaður
Svansson ehf
Sími : 697-4900 • sala@svansson.is • www.svansson.is



Kálfa– og lambafóstra



-Fóðrar allt að 30 kálfa eða 50 lömb
-Mjólkin geymist köld
-Mjólkin hitnar um leið og sogið er
-Einföld og áreiðanleg
-Vinnusparnaður
-Ungviðið hefur frjálsan aðgang að mjólk
-Hentar bæði til að fóðra með mjólkurdufti og hrámjólk

Verð 149.990kr m/vsk

Nánari upplýsingar inn á netverslun okkar www.kb.is
KB BÚREKSTRARDEILD
Borgarnes | Sími: 430 5500 | kb@kb.is | www.kb.is

EYJALIND Varahlutir í Bobcat



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



Bændablaðið Athugið kæru smáauglýsendur

Frá og með **23. september** tóku þær breytingar gildi að skrá þarf allar smáauglýsingar inni á vefnum www.bbl.is/smaauglysingar fyrir kl. 15.00 mánudag þá viku sem blaðið kemur út - auk þess að greiða auglýsingarnar með greiðslukorti eða með millifærslu í stað þess að fá sendan greiðsluseðil í heimabanka.

Kær kveðja, Auglýsingadeild Bændablaðsins.

SKÓGRÆKT



Hálfþroskaðir könglar á sitkagreni. Myndir / PH

Sitkagreni (*Picea sitchensis*)

Fyrsta tréð sem vitað er að hafi náð þrjátíu metra hæð á Íslandi frá því fyrir ísöld er sitkagrenitré sem gróðursett var 1949 á Kirkjubæjarklaustri.

Tréð náði þrjátíu metra markinu sumarið 2022 og mældist í sumarlok 30,15 metra hátt. Það fékk heiðursnafnbótina Tré ársins hjá Skógræktarfélagi Íslands og sló Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra máli á tréð við hátíðlega athöfn á Klaustri 12. september.

Sitkagreni er mjög stórvaxin trjátegund og ljóst þykir að hún muni ná að minnsta kosti 40 metra hæð hérlendis. Hvort áðurnefnt tré á Klaustri nær því marki fyrst trjáa verður að koma í ljós en það tré hefur vaxið hálfan metra á ári undanfarin ár og gæti því orðið fjörutíu metra hátt eftir tuttugu ár eða svo.

Að vaxtarlagi er sitkagreni einstofna, beinvaxið tré með breiða, keilulaga krónu. Hérlendis er einnig talsvert ræktað af blendingi sitkagrenis og hvítgrenis, svokallaður sitkabastarður, sem hefur ekki jafnreglulega krónu og hreint sitkagreni en aftur á móti þann kost að þola betur frost um lok vaxtartímans.

Sitkagreni vex hægt í fyrstu á nýjum skógræktarsvæðum en eftir 10-15 ár frá gróðursetningu eykst vaxtarhraðinn og verður hraður eða mjög hraður áratugum saman. Tegundina má rækta um allt land að því gefnu að sérkröfur hennar séu uppfylltar. Forðast ber að gróðursetja sitkagreni í frostpolla og rýra lyngmóa. Best gengur ræktun þess í frjósömu og hæfilega röku landi sem víða er til dæmis í neðanverðum fjallahlíðum og brekkurótum inn til fjarða og dala. Sitkagreni hefur gott vind- og saltþol og því er það einnig ákjósanleg tegund í skógrækt á annesjum og nálægt sjávarsíðunni. Það þolir ágætlega vorfrost þótt það sé viðkvæmt fyrir frosti síðsumars og fram á haust.

Timbur sitkagrenis er með því besta sem völ er á. Það er létt en gríðarsterkt miðað við þyngd. Það hentar því vel í ýmiss konar smíði þar sem reynir á styrk svo sem í burðarvirki húsa en einnig í flugvélasmíði og margt fleira. Fyrsta íslenska límtréð sem vottað er og því hæft til mannvirkjagerðar er úr sitkagreni og framleitt hjá Límtré-Vírneti á Flúðum.



Sitkagreni hefur mikinn vaxtarþrótt. Hér sést hátt sitkagreni í Haukadal innan um lægra rauðgreni sem er álíka gamalt.

Helstu veikleikar sitkagrenis eru, eins og fram hefur komið, haustkal á ungplöntum, sem þær vaxa þó upp úr. Einnig hefur tegundin verið mjög útsett fyrir ágangi sitkalúsar, smágerðrar blaðlúsartegundar sem er sérhæfð til að nærast á safa evrópskra grenitegunda en hefur tekið fagnandi hinu norður-ameríska sitkagreni líka. Á síðari árum hefur þó borið minna á tjóni vegna sitkalúsar og er ekki ólíklegt að fjölgun glókolls hérlendis, minnsta fugls Evrópu, sé að þakka.

Sitkagreni er ein mikilvægasta og verðmætasta tegundin í skógrækt á Íslandi, sérstaklega til timburframleiðslu og bindingar á kolefni.

Vel er líka hægt að nota sitkagreni sem jólatré þótt fólk setji gjarnan fyrir sig beittar barrnálarnar. Liturinn er fallega grænn með bláleitum tóni og greinabyggingin þétt. Standi sitkagreni í stofunni um jólin þarf að gæta þess vel að aldrei þorni á því. Sé það gert heldur það barrinu alla hátíðina.

Í upprunalegum heimkynnum sínum á vesturströnd Norður-Ameríku getur sitkagreni víða náð meira en 70 metra hæð og árið 2021 var tré í Kaliforníu mælt rétt rúmir hundrað metrar.

Til þess þurfa trén að lifa í nokkur hundruð ár. Elstu tré af þessari tegund eru talin hafa náð 700–800 ára aldri.

Pétur Halldórsson.

Á FAGLEGUM NÓTUM



Þó svo að það að gefa varða fitu sé þekkt leið til að hækka fituhlutfallið í mjólkinni þá er vissulega hægt að hafa áhrif með einfaldlega hefðbundnu fóðri. Þannig sýna rannsóknir að kýr á beit eru með mun hærra hlutfall af ómega-3 í mjólkinni en kýr á innistöðu svo dagljóst er að fóðursamsetningin hefur bein áhrif. Mynd / Daniel Sinoca

Ómega-3 bættar afurðir:

Tækifæri á Íslandi?



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Það er vel þekkt innan búfjárræktar að það er hægt að hafa áhrif á efnainnihald afurða með fóðrun eða meðhöndlun en þó svo að aðferðin sé vel þekkt, þ.e. að gefa gripum ákveðin efni að éta sem svo hafa áhrif á afurðirnar, þá er hún ekki mikið notuð í heiminum.

Undanfarin ár hefur þó mátt merkja aukinn áhuga í nokkrum löndum á afurðum sem eru með auknu innihaldi af ómega-3 fitusýrum, en þessar fitusýrur eru taldar vanta í fæði margra í dag.

Ómega-3 bætt nautakjöt

Með því að fóðra nautgripi með ákveðnum hætti má hafa áhrif á bæði fitusýruinnihald kjötsins og mjólkurinnar og hafa verið gerðar margar tilraunir með þetta. Framarlega eru japanskt vísindafólk enda er áhugi Japana á ómega-3 annálaður.

Í Japan er í dag hægt að kaupa sérstakt nautakjöt sem er með háu hlutfalli af ómega-3 en það kjöt kemur frá gripum sem hafa verið fóðraðir sérstaklega með lýsi í þeim tilgangi að ná þessu fitusýruhlutfalli sem hæstu. Það krefst þó ákveðinnar tækni að ná þessu hlutfalli upp í kjötinu enda getur of mikil lýsisgjöf dregið úr átlyst gripa.

Japanir virðast þó hafa náð góðum tökum á þessu og fá bændur sem framleiða svona kjöt töluvert hærra verð fyrir kjöt sitt en aðrir.




Fyrsta jógúrtið sem kom á markað sem innihélt náttúrulega hærra hlutfall af ómega-3. Mynd / Aðsend

Mjólk með ómega-3

Þó svo að hægt sé að bæta kjöt með fóðrun og þar með innihaldi þess af ákveðnum gerðum af fitusýrum þá er í raun mun auðveldara að breyta efnainnihaldi mjólkur með sömu aðferðum.

Hluti af mjólkurmynduninni fer fram með beinni færslu næringarefna úr blóði og yfir í mjólkurblöðrurnar og þetta kerfi, þ.e. bein færsla, gerir það að verkum að bændur geta í raun spilað á kerfið og haft bein áhrif á efnainnihald mjólkurinnar með ákveðinni fóðrun. Vegna framangreinds áhuga á ómega-3 bættum matvælum hefur vísindafólk víða um heim leitað að heppilegum leiðum til þess að hafa áhrif á efnainnihald mjólkurinnar án þess að valda bragðskemmdum á henni, en alþekkt er að hægt er að fá mjólk „beint úr kúnni“ með t.d. sólblóma- eða berjabragði vegna þess eins hvað kýrin hefur étið. Ef kýr fá þannig of mikið af lýsi, kemur hreinlega keimur af mjólkinni sem ekki allir kunna jafn vel við.



Lýsi inniheldur hátt hlutfall af ómega-3. Mynd / Aðsend

Það er því vandasamt, en hægt, að hækka hlutfallið af ómega-3 í mjólkinni án þess að fá fram bragðgalla í mjólkina.

Fyrsta jógúrtið með náttúrulegu ómega-3

Það eru til mjólkurafurðir á heimsmarkaðinum sem innihalda aukið innihald af ómega-3 en flestar þessar afurðir eru búnar til þannig að ómega-3 er bætt út í við vinnslu í afurðastöð.

Fyrir nokkrum árum síðan kom þó fram fyrsta náttúrulega afurðin á þessu sviði, nánar tiltekið árið 2016, þegar afurðafélagið Westhaven Dairies frá Tasmaníu setti á markað sérstakt jógúrt gert úr mjólk sem innihélt hærra hlutfall af ómega-3 en gerist og gengur. Þetta sérstaka jógúrt, sem einfaldlega kallast Ómega-3 jógúrt, er framleitt úr mjólk frá kúm frá kúabúinu Naturale en það bú er sem sagt sérhæft í því að framleiða þessa sérstöku mjólk.

Þarf að vera varin fita

Þó svo að ferillinn fyrir fitusýruna sé þekktur, þ.e. hvaða leið hún á að fara úr fóðri og yfir í mjólk kúnna, þá er ekki sjálfgefið að árangur náist með einfaldri gjöf.

Það er vegna þess að þá geta fitusýrurnar brotnað niður í vömbinni og nýtast ekki til beinnar upptöku inn í mjólkina. Til þess að ná því að fara í beint uppsog í þörmum, og þar með geta borist í mjólkina, þarf helst að gefa kúnum þessar fitusýrur á vörðu formi. Margir bændur kannast við það að gefa kúm varða fitu til þess að hækka almennt fituhlutfall mjólkur en þá er oftast notuð pálmaolía.

Hún hentar aftur á móti ekki til þess að hækka ómega-3 hlutfallið. Það hefur verið haft eftir forsvarsmönnum Naturale kúabúsins að það hafi tekið nokkurn tíma að finna réttu aðferðina til þess að ná þessum góðu fitusýrum ómeltum í gegnum vambarstarfsemina, en nú sé búið að þróa aðferð þar sem ómega-3 fitusýrurnar eru varðar með próteinhjúpi svo þær komast óáreittar í gegnum vömb kúnna.

Sumt fóður hefur áhrif

Þó svo að það að gefa varða fitu sé þekkt leið til að hækka fituhlutfallið í mjólkinni þá er vissulega hægt

að hafa áhrif með einfaldlega hefðbundnu fóðri. Þannig sýna rannsóknir að kýr á beit eru með mun hærra hlutfall af ómega-3 í mjólkinni en kýr á innistöðu svo dagljóst er að fóðursamsetningin hefur bein áhrif.

Að ná því að framleiða mjólk sem inniheldur óvenju hátt hlutfall ómega-3 er aftur á móti erfiðara og þá getur s.s. framangreind varin fita komið að góðum notum. Það má þó einnig ná góðum árangri með því að gefa hörfræ en í Frakklandi hafa þarlendir bændur náð að framleiða mjólk með háu hlutfalli af ómega-3 með því einu að bæta hörfræjum í fóður kúnna en hörfræ innihalda hátt hlutfall af ómega-3.

Fá 4 krónur aukalega

Í Frakklandi hefur undanfarið fundist aukinn áhugi á mjólkurafurðum úr mjólk sem hefur verið náttúrulega bætt með einum eða öðrum hætti. Ómega-3 bætt mjólk er gott dæmi um slíkt og fá bændur nú í kringum fjórar íslenskar krónur á lítrann ef þeir framleiða mjólk sem er með hærra hlutfalli ómega-3 en almennt þekkist.

Reynslan frá Frakklandi sýnir að sé kúm gefin hörfræ í miklu magni, 1 kg á kúna á dag, þá hækkar hlutfall ómega-3 í mjólkinni! Hörfræið er gefið þannig að 40% magnsins kemur úr sérstöku kjarnfóðri sem inniheldur



Í Frakklandi hefur reynst vel að gefa kúm hörfræ til að hækka hlutfallið af ómega-3 í mjólkinni. Mynd / Aðsend

15% hörfræ en hinn hlutinn er gefinn sem hluti af heilfóðri kúnna.

Fleiri lönd bætast við

Eftir því sem reynslan verður meiri og betri bætast við fleiri og fleiri afurðafyrirtæki sem bjóða núorðið upp á náttúrulega ómega-3 bættar mjólkurafurðir og miðað við þróunina erlendis má allt eins búast við því að kallað verði eftir svona afurðum á Íslandi einnig.

Hér virðist augljóst að nýta lýsi til þess að ná þessum árangri en eins og áður segir þarf að finna rétta hlutfallið og jafnvægi á fóðrunina svo ekki komi til bragðáhrifa í mjólkinni.

Að sama skapi væri fróðlegt að reyna að hækka hlutfall ómega-3 í nautakjöti með því að gefa lýsi markvisst. Kjöt sem úr slíkri framleiðslu kæmi ætti að vera hægt að selja á töluvert hærra verði en annað kjöt.



Hópur starfsmanna Landbúnaðarháskóla Íslands.

Vísindaferð í Hollandi

Dagana 5.–8. október hélt fjölmennur hópur starfsmanna Landbúnaðarháskóla Íslands í vísindaferð til Hollands þar sem afar margt áhugavert var skoðað. Fimmtudagsmorgunninn hófst á ferð til Bleiswijk, þar sem er garðyrkjusvið Wageningen-háskóla. Í 7.500 fm af tilraunagróðurhúsum eru stundaðar rannsóknir á sviði ylræktar og laukblóma. Þar tók á móti hópnum hin spænska Nieves Garcia sem sagði frá starfseminni, tengingu við atvinnulífið og ekki síst verkefninu um, „Gróðurhúsið 2030“, sem afar áhugavert var að skoða.

Gróðurhúsið notar ekki gas til upphitunar. Það er svokallað alrafmagns-gróðurhús með fullri LED lýsingu. Varmadæla er notuð til að stýra raka. Þannig er falinn hiti endurheimtur og gróðurhúsið helst lokað á veturna og vorin. Einnig losar gróðurhúsið ekki frárennslis- og þéttivatn í fráveituna, allt er endurnýtt, þannig að engin næringarefni tapast, vatnið nýtist sem best og engar leifar úr ræktunarvörum lenda í fráveitu. Óson er notað til að sótthreinsa vatnið, þannig að vatnið er hægt að endurnýta í ræktun.

Að lokum er ræktunarvernd að fullu samþætt, með því að nota náttúruleg varnarefni eins mikið og mögulegt er. Frá Bleiswijk var haldið til Wageningen-háskóla sem er einn fremsti háskóli heims á sviði lífvísinda og landbúnaðar. Wageningen svæðið er oft kallað „Matardalurinn” í Hollandi.

Þar tók á móti hópnum Tineke Bremer, samskiptastjóri frá rektorsskrifstofu, en hún skipulagði dagskrána á svæðinu.

Framkvæmdastjóri alþjóðasamskipta, Wassim Beaineh, byrjaði á að kynna hvaða áhrif stóraukið alþjóðastarf hefur haft á vöxt skólans og hefur á mörgum sviðum skipt sköpum. Þaðan var haldið í skoðunarferð í NPEC, nýjasta gróðurhús háskólabúsins, sem búið er hátæknibúnaði. Þar eru ýmsar rannsóknir t.d. á lýsingu, sjúkdómavörnum, áburðartilraunir og plöntukynbætur.

Þá tóku við hópnum, dr. Ryan Teuling lektor, sérfræðingur á sviði vatnafræði og stýringu vatns, dr. Roel Dijksma, dósent við umhverfisfræðideild og dr. Edward Huijben, prófessor og formaður WUR. Kynntu þeir árlegar námsferðir til Íslands og síðan fóru fram umræður um samstarfsmöguleika við LbhÍ sem gæti verið afar áhugavert. Sem dæmi má nefna að sumarið 2022 dvöldu rúmlega sjötíu nemendur í níu daga við vatnarannsóknir á Íslandi. Edward Huijben, sem áður starfaði við Háskólann á Akureyri, kemur líka að kennslu við landslagsarkitektadeildina og benti á sýningu á lokaverkefnum nemenda sem hékk uppi heimsóknardaginn.

Rúsínan í pylsuendanum var svo heimsókn á einstaka sýningu, „Jarðvegur heims“, sem geymir stærsta jarðvegssafn veraldar, en þar má finna sýnishorn af jarðvegssniðum út frá mismunandi vinklum alls staðar frá, og auðvitað líka frá Íslandi. Forstöðumaðurinn, Stephan Mantel og vinur okkar jarðvegssérfræðinga, sá um leiðsögn. Afar áhugavert var að sjá tenginguna við okkar fólk, bæði í myndrænu kynningarefni safnsins og í tali Stephans. Sannkallaður sjónrænn ævintýraheimur. Alls staðar mætti hópnum velvild og frábærar móttökur. Langur en afar lærdómsríkur dagur var á enda. Morguninn eftir var farið í fræðslusiglingu um síki Amsterdam um arkitekta- og skipulagssögu Amsterdam og þá var bara að láta sig hlakka til lokakvöldverðar sem haldinn var á IJ Kantine, í gömlu verksmiðjuhúsnæði við hafnarsvæði borgarinnar.

Helena Guttormsdóttir,
lektor við LbhÍ.



Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði nr. 577/2016. Veittir verða styrkir úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum, ásamt öðrum húsum og mannvirkjum, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningar húsa og mannvirkja, og miðlunar upplýsinga um þær.
- sveitarfélaga til að vinna tillögur að verndarsvæði í byggð, í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2015 og reglugerðar nr. 575/2016 um verndarsvæði í byggð og til verkefna innan verndarsvæða í byggð.

Umsóknir eru metnar m.a. með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildis fyrir varðveislu byggingararfleifðarinnar. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á vef Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2022. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun styrkja.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit um verndarsvæði í byggð og um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa sem finna má á vef Minjastofnunar Íslands (undir Gagnasafn). Í Húsverndarstofu í Árbæjarsafni er veitt endurgjaldslaus ráðgjöf um gerð styrkumsókna og viðhald og viðgerðir á gömlum húsum (sjá nánar á www.husverndarstofa.is).

Minjastofnun Íslands

Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is
husafridunarsjodur@minjastofnun.is

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is



Landbúnaðartæki, björgunartæki og búnaður.
Svansson ehf
Sími : 697-4900 • sala@svansson.is • www.svansson.is

LESENDARÝNI

Þjóðkirkjan svarar kalli um ræktun birkiskóga

Þjóðkirkjan hefur bæst í hóp þeirra sem taka höndum saman varðandi endurheimt skóglendis á Íslandi. Hreinn Óskarsson, fulltrúi Skógræktarinnar, afhenti biskupi Íslands, Agnesi M. Sigurðardóttur, fjölda birkifræja til sáningar.



Elín Elísabet Jóhannsdóttir.

Athöfnin fór fram í barnamessu í Bústaðakirkju um miðjan október. Birkifræin koma úr landssöfnun Skógræktarinnar.

Þeim verður dreift til allra skírnarbarna næstu árin með kveðju frá Skírnarskóginum. Á hverju ári eru nokkur þúsund barna borin til skírnar og má því gera ráð fyrir að Skírnarskógurinn vaxi og dafni með sáningu fjölda birkifræja um allt land.

Fjársjóðskista með birkifræjum

Barnamessan í Bústaðakirkju hófst á líflegum pínóleik organistans Jónasar Þóris Þórissonar á meðan fólk á öllum aldri tíndist inn í kirkjuna. Á fremstu bekkjum sátu þau Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, ásamt Hreini Óskarssyni, fulltrúa Skógræktarinnar.

Þegar líða tók á stundina drógu umsjónarkonur barnamessunnar fram brúna trékistu. Börnin komu upp að altarinu til þess að sjá hvaða fjársjóð kistan hafði að geyma. Ofan í henni mátti sjá ótal mörg birkifræ.

En hvers vegna voru öll þessi fræ í kistunni? Svarið við þeirri spurningu áttu Hreinn og Agnes.

Þau lýstu því í einföldu máli hversu mikilvægt það er að planta trjám og endurheimta skóglendi á Íslandi. Þau sögðu börnunum einnig hversu duglegt eitt tré væri þegar kemur að því að kolefnisjafna heila mannsævi. Barnið stækkar um leið og birkitréð vex og dafnar. Agnes lýsti því hvernig tréð getur orðið risastórt, miklu stærra en barnið sem sáði því. Hreinn benti börnunum á það að trén sem vaxa í kringum kirkjuna hafi eitt sinn verið pínulítil fræ.



Agnes M. Sigurðardóttir og Hreinn Óskarsson. Myndir / EEJ


Núna eru þau orðin myndarleg tré sem gefa skjól fyrir veðri og vindum.

„Hvert barn sem skírt er, fær afhent fallegt kort frá Skírnarskóginum en hvert kort inniheldur u.þ.b. þúsund birkifræ," sagði Agnes.

„Við höfum í hyggju að eiga í nánara samstarfi við Skógræktina í framtíðinni," bætti hún við. „Við hyggjumst setja af stað verkefni næsta haust þar sem við fáum fermingarbörn um allt land til þess að safna birkifræjum. Þannig getum við skilað Skógræktinni aftur þeim fræjum sem við fengum frá þeim."

Hreinn sagði þetta vera fallegt innlegg í uppeldi barna að læra að sá fræjum og safna þeim. Þannig læra þau að hlúa að náttúrunni sem er svo mikilvæg og dýrmæt.

Sumar kirkjur munu bjóða foreldrum og forráðamönnum upp á ákveðna staði fyrir sáningu fræjanna og uppvöxt Skírnarskógar en foreldrum eða forráðamönnum hvers barns er í sjálfsvald sett hvar þeir vilja sá fræjunum og rækta sitt birkitré.



Kortið og fræin í umslaginu.

Bjartey Móa fékk fyrstu fræin

Ásta Guðrún Guðmundsdóttir og Steinar Hrafn Höskuldsson létu skíra dóttur sína í ágúst. Við skírnina hlaut hún nafnið Bjartey Móa. Hún er fyrsta skírnarbarnið sem fær slíka kveðju frá Skírnarskóginum. Þau ákváðu að setja nokkur fræ í garðinn heima hjá sér. Hins vegar ætla þau líka að sá fræjunum uppi í sumarbústað. Reyndar eru tveir sumarbústaðir í fjölskyldunni, annar er í Grímsnesinu en hinn í Árnesinu. Fyrst fræin eru svona mörg er möguleiki á að dreifa þeim víða.



Ásta Guðrún Guðmundsdóttir, Steinar Hrafn Höskuldsson og Bjartey Móa.

Stóri bróðir, Guðmundur Glói, er orðinn tveggja og hálfs árs. Hann fékk líka kveðju frá Skírnarskóginum með birkifræjum, þótt það sé orðið töluvert langt síðan hann var skírður.

Undir birkitré

Skálholtsútgáfa sér um dreifingu kortanna sem innihalda fræin. Í tengslum við Skírnarskóginn kemur einnig út falleg skírnarbók sem ber nafnið Undir birkitré. Innan á kápu bókarinnar er vasi sem prestarnir geta sett Skírnarskógarkortið í. Bókin er minningabók barnsins og gestabók fyrir skírnarveisluna. Þar má líma myndir af barninu á ýmsum aldursskeiðum, skrifa skemmtilegar og skondnar minningar, geyma sónarmyndina og hárlokk svo fátt eitt sé nefnt. Í henni eru líka fallegar bænir og vers, stuttar biblíusögur og margt fleira. Hönnuður kortsins og bókarinnar er Halla Sólveig Þorgeirsdóttir teiknari.

Elín Elísabet Jóhannsdóttir,
verkefnastjóri fræðslusviðs þjóðkirkjunnar.

80 ár frá komu skurðgröfunnar til Íslands

Þann 16. febrúar 2012 skrifaði ég grein í Bændablaðið til að minnast þess að 70 ár voru liðin frá komu fyrstu skurðgrafanna til Íslands.



Ásmundur Ólafsson.

Skurðgröfurnar tvær voru af gerðinni Priestman Cub, en þær voru settar saman í kolaporti Þórðar Ásmundssonar á Akranesi, en samsetninguna annaðist Eirik Eylands vélfræðingur og hjálparmaður hans, Karl Auðunsson á Jaðri á Akranesi, en Karl varð síðar eftirlits- og viðgerðarmaður Vélasjóðs ríkisins. Eirik van fyrst með gröfunni þann 1. júní 1942 í Garðaflóa á Akranesi.

Eins og kunnugt er hleyptu gröfurnar af stað byltingu í framræslu mýra og stóraukinni túnrækt víða um land. Einnig voru þær notaðar við landanir á fiski með góðum árangri.

Lá undir skemmdum

Eftir margra ára notkun sótti Karl Auðunsson vélina og gerði hana upp fyrir landbúnaðarsýningu. Meðal annars hafði hann skorið út á fjöl nöfn þeirra manna sem unnið höfðu á vélinni.

Eftir þetta var hún flutt upp að Garðaholti á Akranesi þar sem verkstæðisþjónusta Vélasjóðs fór fram. Stóð hún þar, sem nokkurs konar tignarmerki um miklar framfarir á Íslandi, undir öruggu eftirliti Karls á Jaðri, en eftir að hann féll frá, hrakaði eftirliti með vélinni og kom þá til tals að farga henni.

Þegar hér var komið sögu barst Pétri G. Jónssyni hjá Þjóðminjasafni Íslands þetta til eyrna, en hann brást þegar við og bjargaði gröfunni frá glötun. Pétur kom gröfunni fyrst í hús í Árbæjarsafni, en síðar í geymslu Þjóðminjasafnsins í Kópavogi.

Bjargráð

Bjarni Guðmundsson, forstöðumaður Búvélasafnsins á Hvanneyri, ræddi á þessum árum við þáverandi þjóðminjavörð, Þór Magnússon, um úrbætur og viðgerð gröfunnar ásamt væntanlegri varðveislu.

Síðar mun safnið hafa ætlað að bjóða gröfunni verðugt húsaskjól á vegum Búvélasafnsins og þá í samvinnu við Þjóðminjasafnið. Ár og áratugir líða og ekkert hefur orðið af framkvæmdum við að bjarga vélinni; hún lá í nokkur ár óvarin að mestu í bragga Þjóðminjasafnsins við Vesturvör í Kópavogi, en nú mun hún hafa verið flutt í varðveisluhúsnæði safnsins austur á Eyrarbakka.

Efndir

Loforð Búvélasafnsins á Hvanneyri og Þjóðminjasafns Íslands hafa ekki verið efnd, þ.e. að vinda bráðan bug að því að gera þessa sögufrægu skurðgröfu upp og koma henni í varanlegt skjól, væntanlega á Hvanneyri, þar sem hún myndi sóma sér vel sem einn af sýningargripum Búvélasafnsins.

Hún hefði sæmt sér vel sem sýningargripur á Landbúnaðarsýningunni í Laugardal nú í lok október 2022; vonandi mun hún í framtíðinni verða til sýnis á Landbúnaðarýningum, þar sem hún á svo sannarlega að eiga sinn afmarkaða bás.

Ásmundur Ólafsson,
fyrrv. framkvæmdastjóri Dvalarheimilisins Höfða á Akranesi.



Fyrsta skurðgrafan á Íslandi. Priestman Cub skurðgrafan tók til starfa í Garðaflóa á Akranesi 1. júní 1942, síðar í Innri-Akraneshreppi og Borgarfjarðarhéraði. Veturinn 1943–1944 var grafan lánuð Akranesbæ og notuð sem bryggjukrani við að landa fiski. Gagnsemi gröfunnar reyndist mikil strax frá fyrsta degi. Hún var keypt til landsins að tilstuðlan Þórðar Ásmundssonar, útgerðarmanns á Akranesi og Björns Lárussonar, bónda á Ósi í Skilmannahreppi. Grafan stendur hér við fyrstu viðgerðarþjónustuskemmu Vélasjóðs í Garðaholti á Akranesi. Myndin er líklega tekin um 1980, en grafan var þá í umsjón Karls Auðunssonar fyrsta, starfsmanns þjónustunnar. Grafan er nú í geymslu hjá Þjóðminjasafni Íslands.
Mynd / Ljósmyndasafn Akraness



Stefán Tryggva- og Sigríðarson hvetur sauðfjárbændur til að kynna sér álit umboðsmanns Alþingis en það fjallar um misræmi milli búfjárhaldslaga og laga um afréttarmálefni.

Stórmerkilegt álit umboðsmanns

Á vef umboðsmanns Alþingis var nýlega birt mjög áhugavert og vel rökstutt álit hans þar sem túlkun innviðaráðuneytisins, sem birtist í leiðbeiningum frá 2. júní 2021, er hafnað og hún ekki talin samrýmast lögum.



Sefán Tryggva- og Sigríðarson.

Tilefni leiðbeininga ráðuneytisins, var að taka afstöðu til þess misræmis sem gætti milli búfjárhaldslaga nr. 38/2013 og laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 varðandi rétt búfjáreigenda að beita fé sínu á annarra manna land og skyldur sveitarstjórna til að bregðast við ágangi búfjár á lönd annarra. Laut túlkun ráðuneytisins m.a að því að forgangsregla réttarheimildafræðinnar, um að yngri lög gangi framar eldri lögum, eigi hér við og eins að gagnálykta mætti út frá friðunarákvæði búfjárhaldslaganna (8. og 9. gr.) að landeigenda væri skylt að þola ágang fjár annarra ef land væri ekki friðað.

Til að forðast fræðilega umfjöllun og endalausar tilvitnanir í lög er rétt að draga niðurstöðu umboðsmanns saman í sem styst mál. Hún er á þann veg:

> *að **ekki** er fallist á það sjónarmið ráðuneytisins að í þessu tilfelli ætti reglan um að yngri lög stæðu eldri lögum framar við. Jafnframt er ályktað að ákvæði í búfjárhaldslögum (yngri lögin) um friðlýsingu, gefi **ekki** tilefni til að gagnálykta að „umráðamaður lands þurfi að þola heimildarlausa beit búfjár annars manns í landi sínu“, ef ekki er um friðun að ræða, líkt og ráðuneytð hafði gert ráð fyrir.*

Þvert á móti telur umboðsmaður:

> *„að reglur laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. væru byggðar á þeim grunnrökum að umráðamaður lands þyrfti ekki að heimila öðrum þau afnot af landinu sem fælust í umgangi og beit búfjár í annarra eigu“ enda væru þau lög „í samræmi við stjórnarskrárverndaða friðhelgi eignaréttarins og styðjist þar að auki við þá aldagömlu grunnreglu að búfjáreigendum sé óheimilt að beita fé sínu leyfislaust á annars manns land.“*

> Þá er á hinn bóginn mögulegt að sveitarfélögin höfði mál enda ljóst að hvorki þau né lögreglan hefur áhuga né getu til að fara dag eftir dag og smala saman fénu, jafnvel þó þeim sé heimilt að senda eiganda fjárins reikning vegna verksins.“

Nú er álit umboðsmanns ekki lög en í niðurlagi álits síns beinir hann þeim tilmælum til innviðaráðuneytisins, að það taki mið af þeim sjónarmiðum sem hann hefur borið á borð í áliti sínu. Jafnframt sendi hann matvælaráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga álit sitt vegna þeirrar réttaróvissu sem hann telur ríkja um ýmis atriði varðandi málaflokkinn.

Full ástæða er til að draga upp hugsanlegar sviðsmyndir í kjölfar álits umboðsmanns. Í fyrsta lagi, og líklegasta, er að ekkert breytist í fyrstu. Stjórnsýslan situr við sinn keip og sveitarstjórnir, og lögregla eftir atvikum, gera ekkert með álitið þegar einstakir landeigendur fara fram á við yfirvöld að þau smali ágangsfé.

Slíkt sinnuleysi mun nær örugglega kalla á málaferli þar sem landeigendum verður nauðugur sá kostur að stefna sínu sveitarfélagi. Það verður þá dómstóla að fallast á, eða synja, þeirri túlkun sem fram kemur í áliti umboðsmanns og landeigendur munu augljóslega byggja sinn málflutning á. Fallist íslenskir dómstólar ekki á rökin sem fram koma í áliti umboðsmanns má telja fullvíst að málum verði vísað til Mannréttindadómstóls Evrópu enda ekki aðeins um túlkun á stjórnarskrá landsins að ræða heldur einnig Mannréttindasáttmálanum.

Önnur sviðsmynd gæti verið sú að innviðaráðuneytið brjóti odd af oflæti sínu og breyti leiðbeiningum sínum til samræmis við álit umboðsmanns. Þá er á hinn bóginn mögulegt að sveitarfélögin höfði mál enda ljóst að hvorki þau né lögreglan hefur áhuga né getu til að fara dag eftir dag og smala sama fénu jafnvel þó þeim sé heimilt að senda eigenda fjárins reikning vegna verksins. Niðurstaðan er í reynd sú sama og í sviðsmynd eitt. Dómsmál þvælast í kerfinu um nokkurra ára skeið og á endanum koma hirtingar frá Strassborg og niðurlægð íslensk stjórnvöld breyta á endanum lögum í þá veru sem álit umboðsmanns byggir á.

Þriðja sviðsmyndin, og sú æskilegasta, er að sjálfsögðu sú að löggjafinn grípi strax inn í og endurskoði nær alla löggjöf um búfjárhald og færi til tíðaranda dagsins í dag. Eðlilegast er að fella þegar á yfirstandandi þingi út greinar nr. 8 og 9 í lögum nr. 38/2013 um búfjárhald (greinar um friðun afmarkaðra landsvæða). Slík lagabreyting auðveldaði mjög allt framhald máls enda hafa þessar greinar verið hreinn bastarður í lögunum nú um tuttugu ára skeið. Hafa verður í huga að núverandi lagasetning miðast við allt aðrar aðstæður en nú eru í þjóðfélaginu hvað búsetu og atvinnuhætti varðar, rétt eins og umboðsmaður bendir á í niðurlagi álits síns, og ber að fagna skilningi hans á þeim breytingum.

Ég vil því leyfa mér að hvetja sauðfjárbændur og sveitarstjórnarmenn til að kynna sér vel álit umboðsmanns Alþingis og velta vandlega fyrir sér næstu skrefum í þessu máli.

Stefán Tryggva- og Sigríðarson
þúsundþjalasmiður.

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Vagnar og stálgrindahús frá WECKMAN Steel



STÁLGRINDAHÚS
Fjöldi stærða og gerða í boði



RÚLLUVAGNAR – LÖNDUNARVAGNAR
Stærð palls 2,55 x 9,0m

SKESSUHORN 2012



STURTUVAGNAR
Burðargeta 7-18 tonn



H. Hauksson ehf
Ögurhvarfi 8 • Kópavogi • Sími 588 1133
haukur@hhauksson.is

LESENDARÝNI

Sveitarfélög í dauðafæri

Í júní 2019 skipaði Guðmundur Ingi Guðbrandsson, þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra, verkefnisstjórn landsáætlunar í skógrækt. Undirrituð sat í þessari verkefnastjórn.



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir.

Landsáætlun um skógrækt var skilað til ráðherra í byrjun árs 2022. Með þessari grein vil ég hnykkja á tækifærum sveitarfélaga í þessari nýju stefnu.

Það skiptir máli að nýjar sveitarstjórnir skoði hvað felst í þessari landsáætlun, því sveitarfélögin eru afar mikilvægur hagaðili. Ef áætlunin á að koma til framkvæmda verður að gera þau að virkum aðilum áætlunarinnar.

Hlutverk sveitarstjórnarfólks er að móta stefnur og áætlanir, sem sveitarfélögin starfa eftir. Til að ná sveitarfélögunum virkum verður landsáætlunin að tengjast loftslagsáætlunum sveitarfélaganna, svæðisskipulagi, votlendisáætlunum og jafnvel niður á deiliskipulag. Einnig er mikilvægt að tengja landsáætlunina við önnur verkefni sveitarfélaga, svo sem lýðheilsumarkmið og vellíðan íbúa, atvinnuáætlanir, ferðaþjónustu og nýsköpun.

Það þarf því að vera virkt samtal á milli skógræktarinnar og sveitarfélaganna. Þetta er samtal sem þarf að hefjast strax. Sveitarfélögin eru að mínu mati í dauðafæri varðandi möguleika til þeirra til uppbyggingar í gegnum skógræktina, sérstaklega hvað varðar atvinnuuppbyggingu og nýsköpun um allt land tengdri skógrækt.



„Tengd nytjaskógum er löng virðiskeðja sem sveitarfélög þurfa að opna augun fyrir og tengja við atvinnustefnu sína og atvinnuuppbyggingu“, segir Þórdís Lóa í greininni. Mynd /Aðsend

Sjálfbær þróun

Skógrækt stuðlar að sjálfbærri þróun samfélagsins. Í þessu felst að tryggja þurfi jafnan aðgang núverandi og komandi kynslóða að þeim gæðum sem skógrækt skapar. Þetta getur falist í aukinni útbreiðslu skóga.

Sveitarfélögin þurfa, hver á sínu svæði, að vinna út frá umhverfis- og loftslagsmarkmiðum þeirra. Þar þarf hlutur skógræktar að vera skýr hvað það varðar að tryggja líffræðilega fjölbreytni, að vera mótvægi við loftslagsvandann og til að vernda vatns- og jarðvegsvernd.

Auk þess þarf að huga að skógrækt til viðarnytja og þá í samhengi við atvinnustefnu sveitarfélaganna. Að sjálfsögðu þarf að huga að þeirri samfélagslegu sátt sem þarf að ríkja um skóga. Um hana var lögð mjög rík áhersla í vinnu verkefnisstjórnar. Þessi sátt þarf að birtast í ágóða íbúanna, sem geta nýtt skóga til heilsueflingar og útiveru. Uppbygging skóga sem útivistarsvæði ætti því að vera mikilvægt innlegg í lýðheilsustefnu sveitarfélaganna, auk þess sem skógar skapa mikilvæg græn svæði, þar sem íbúar og aðrir gestir geta komið saman og notið útiverunnar í rjóðrum og á skipulögðum leik- eða grillsvæðum.

Aðalskipulag sveitarfélaganna þarf svo að endurspegla þessar áherslur sem birtast í öðrum stefnum, til þess að þær komist raunverulega til framkvæmda.

Loftslagshlutleysi

Stærsti vandi sem við stöndum frammi fyrir eru loftslagsbreytingar og hvernig við munum fást við þær. Til að mæta loftslagsmarkmiðum sínum er lykilatriði að sveitarfélögin komi til samstarfs við skógræktarfélög og skógarbændur.

Undanfarin ár höfum við séð að sveitarfélög eru í vaxandi mæli með loftslagssýn og skilja mikilvægi þess að þau séu hluti af baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Án sveitarfélaganna og slagkrafts þeirra munum við ekki ná þeim umskiptum sem þurfa að eiga sér stað til að ná Parísarmarkmiðunum um kolefnishlutleysi árið 2040. Þá er það líka lögbundin skylda sveitarfélaga að setja sér loftslagsstefnu með markmiðum um hvernig draga skuli úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Nýsköpun og efling byggðar

Skógrækt er ein tegund landbúnaðar. Tengd nytjaskógum er löng virðiskeðja sem sveitarfélög þurfa að opna augun fyrir og tengja við atvinnustefnu sína og atvinnuuppbyggingu. Í landsáætlun er skýrt að skógrækt og skógarnytjar stuðli að atvinnu, nýsköpun og eflingu byggðar með sjálfbærni að leiðarljósi.

Hér geta falist töluverð tækifæri fyrir sveitarfélög til að byggja upp atvinnu og stuðla að nýsköpun í heimabyggð. Sveitarfélögin þurfa m.a. að auka skilvirkni í stjórnsýslu sinni til að efla skógrækt á einkajörðum. En einnig er hægt að stuðla að nytjaskógrækt á opinberum svæðum og nýta afurðir til nýsköpunar.

Það þarf að auka skilvirkni í allri virðiskeðjunni, frá skógi til smásöluaðila. Sveitarfélögin geta stutt slíka þróun og hvatt til nýsköpunar í heimabyggð. En hér þurfa líka einkaaðilar að stíga inn af krafti, sérstaklega hvað varðar markaðsþróun og úrvinnslu skógarafurða. Við vitum að í sölu skógarafurða er markaður. En íslenskt framboð þarf að vera stöðugt og öruggt til að traust skapist á markaði. Með því að fá einkaaðila í lið með sveitarfélögunum er hér hægt að byggja upp nýja atvinnu í heimabyggð, sérstaklega í dreifbýli.

Bætt umhverfisgæði

Í landsáætlun er dregið fram að skógrækt og skógvernd stuðli að bættum umhverfisgæðum á borð við jarðvegsvernd, endurheimt vistkerfa og eflingu líffjölbreytni. Hér er einkum verið að tala um að vernda náttúruskóga. Til að ná þessum markmiðum þurfa sveitarfélög að horfa til jafnvægis í skógrækt. Til að mynda með því að raska ekki votlendi og heimila ekki land til skógræktar þar sem fyrir er sjaldgæfur gróður eða ríkulegt varpland fugla. Horfa þarf heildrænt á skipulagsmál, til að ná fram jákvæðum áhrifum skógræktar en draga úr þeim neikvæðu.

Útivist og lýðheilsa

Í landsáætlun er dregið fram að mikilvægt er að skógar og skógrækt stuðli að auknum útivistar-möguleikum almennings og bættri lýðheilsu. Einnig að stuðlað verði að þátttöku almennings í skógræktarstarfi.

Sveitarfélögum er það mikið í mun að hlúa að lýðheilsu íbúa. Þetta markmið tengir við stuðning sveitarfélaga við eflingu íþrótta og útivistar. Skógar eru almennt vinsælir meðal íbúa, til útivistar og sem almennt samkomusvæði. Samstarf skógræktar og sveitarfélaga er hér mikilvægt til að efla hlutverk skóga í útivist og bættri lýðheilsu.

Lokaorð

Það felast mikil tækifæri fyrir sveitarfélög til að tengja við landsáætlun í skógrækt og nýta hana. Til þess að landsáætlunin nái í gegn, þurfa sveitarfélög og skógræktin að koma á virku samtali og samvinnu. Sveitarfélögin og skógræktin þurfa að ná að tengja einkaaðila inn, til að styrkja virðiskeðjuna heima í héraði. Einungis þannig munu markmið áætlunarinnar nást. Nú, haustið eftir kosningar með nýju fólki í sveitarstjórnum og miklum hug sveitarstjórnarfólks til að gera enn betur er lag fyrir sveitarfélög að taka stór skref. Tækifærin eru til staðar til að byggja upp vistvæn og sjálfbær sveitarfélög. Við sem höfum verið kosin til að stýra sveitarfélögum næstu fjögur árin erum því í dauðafæri til að nýta skógrækt til atvinnuuppbyggingar.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir,
skógarbóndi, forseti borgarstjórnar og fulltrúi Sambands íslenska sveitarfélaga í landsáætlun um skógrækt.

Matvælaráðherra á móti innlendri kjötframleiðslu?

Í október 2021, fyrir réttu ári síðan, birtu stjórnvöld stefnuplaggið „On the Path to Climate Neutrality – Iceland's Long-Term low Emission Development Strategy“ í tengslum við COP26 (Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna) sem fór fram í Glasgow haustið 2021.



Bergþór Ólason.

Einföld þýðing á heiti plaggsins væri „Á leið til hlutleysis í loftslagsmálum“.

Í umræddu plaggi voru dregnar upp sviðsmyndir um það hvernig Ísland ætlar að ná kolefnishlutleysi sem hafa bein áhrif á íslenskan landbúnað eins og við þekkjum hann í dag. Íslensk stjórnvöld lögðu plaggið eingöngu fram á þessari ráðstefnu án nokkurrar umræðu hér heima og án aðkomu greinarinnar eða annarra sem sviðsmyndirnar kunna að snerta. Plaggið var líka aðeins unnið á ensku og finnst ekki einu sinni íslensk þýðing þess þó vel sé leitað – sem sýnir kannski best áætlun stjórnvalda þegar kemur að kynningu þessara sviðsmynda hér heima.

> „Ráðherra fór eins og köttur í kringum heitan graut þegar hún kom sér undan því að svara spurningunni.“

Ég vil sérstaklega draga athygli að sviðsmynd D, sem ég hlýt að gefa mér að hafi verið nefnd svo, Sjálfstæðisflokknum til heiðurs. Í sviðsmynd D er sem sagt teiknuð upp sú framtíðarsýn fyrir Ísland að álverum hafi verið lokað, efnahagsvöxtur sé lítill og að fjölgun íbúa sé hæg. Eftirspurn eftir ferðaþjónustu hafi minnkað og mataræði hafi færst yfir í plöntufæði. Til að setja punktinn yfir i-ið er tilgreint að sauðfé og nautgripum hafi fækkað verulega. Þar kom það.

En af hverju rifja ég þetta upp núna, svona löngu seinna?

Í fyrsta lagi verður umrædd Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna, COP27, haldin aftur í nóvember í 27. sinn og því ástæða fyrir þá sem tala máli íslensks landbúnaðar að vera á varðbergi. Sviðsmyndir eru nefnilega ekki bara sviðsmyndir og ímyndun – þær eru grundvöllur umræðunnar sem koma skal og þegar kemur að því að reyna að innleiða delluna sem þar kemur fram.

Hitt er svo sýnu alvarlegra að margt í þessari sviðsmynd D passar við stefnu þess flokks sem fer með forsætisráðuneytið annars vegar og matvælaráðuneytið hins vegar – stefnu Vinstri grænna sem sitja við völd á Íslandi í boði Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Tveggja flokka sem hingað til hafa talað máli íslensks landbúnaðar en líklega er það á undanhaldi eins og annað undir verkstjórn Katrínar Jakobsdóttur. Gleymum ekki hver fékk landbúnaðarráðuneytið.

Þeir sem lesa stefnu VG í landbúnaðarmálum grípa í tómt hvað varðar stuðning við innlenda kjötframleiðslu. Þeir sem spyrja matvælaráðherra í fyrirspurnartímum Alþingis, eins og undirritaður gerði síðastliðinn mánudag, grípa sömuleiðis í tómt hvað varðar stuðning matvælaráðherra við innlenda kjötframleiðslu.

Ráðherra fór eins og köttur í kringum heitan graut þegar hún kom sér undan því að svara spurningunni: Gerir ráðherra ráð fyrir því að kjötframleiðsla á Íslandi muni aukast, standa í stað eða minnka um fyrirsjáanlega framtíð? Flóknara var það nú ekki og svarið auðsótt.

Innlendir kjötframleiðendur hafa líklega aldrei áður fundið sig í þeirri stöðu að ráðherra matvæla á Íslandi sé ekki stuðningsmaður innlendrar kjötframleiðslu. Á slíkri stefnu bera þingflokkar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks ábyrgð að jöfnu við Vinstri hreyfinguna – grænt framboð.

Ef raunveruleg stefna stjórnvalda er að ýta undir að sem flestir bændur heltist úr lestinni þá er hreinlegra að stjórnvöld segi það hreint út og á íslensku, en að fara þá leið að svelta ákveðnar greinar landbúnaðarins til uppgjafar – á meðan skálað er á loftslagsráðstefnum úti í heimi.

Bergþór Ólason,
þingflokksformaður Miðflokksins.

Blómlegur grænn landbúnaður

Íslenskur landbúnaður er mikilvægur fyrir íslenskt samfélag. Við getum sem þjóð verið stolt af því með hvaða hætti hefur tekist að byggja upp blómlega atvinnugrein sem skilar okkur heilnæmum og góðum afurðum.



Guðlaugur Þór Þórðarson.

Mikilvægt er að stjórnvöld skapi þær aðstæður að landbúnaður hafi frelsi til að vaxa og dafna og geti tekist á við þær breytingar sem eru fram undan m.a. vegna loftslagsbreytinga.

Ríkisstjórnin hefur sett fram metnaðarfull markmið í loftslagsmálum og um kolefnishlutleysi sem fela í sér miklar áskoranir en jafnframt ótrúleg tækifæri. Verkefni okkar er að draga úr losun um 1,3 milljónir tonna CO_2 fyrir árið 2030 og því verður ekki náð án þátttöku bænda. Landbúnaður er undirstaða lífsviðurværis og atvinnu á dreifbýlissvæðum landsins og til staðar eru tækifæri til öflugrar nýsköpunar og til þess að vera í fararbroddi þegar kemur að loftslagsvænum landbúnaði.

Við þurfum að leita leiða til að nýta íslenskar auðlindir og þróa ferla til að framleiða sjálfbæran áburð fyrir íslenskan landbúnað og landgræðslu. Við þurfum efla hringrásarhugsun í landbúnaði og ná fram betri nýtingu afurða líkt og tekist hefur í sjávarútvegi. Með því að beisla skapandi hugsun og horfa á virðiskeðjuna frá frumframleiðanda til neytenda, getum við nýtt auðlindir betur, dregið úr sóun, minnkað losun og skilað af okkur betra landi til komandi kynslóða.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið styrkir verkefnið Loftslagsvænn landbúnaður sem hefur það að markmiði að bændur sem taka þátt fái heildstæða ráðgjöf og fræðslu um það hvernig draga megi úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði og vegna landnýtingar. Losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði hefur verið því sem næst óbreytt síðastliðna áratugi. Verkefnið fram undan er að hreyfa við þessari kyrrstöðu.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að stjórnvöld í samráði við sveitarfélög og atvinnulífið muni setja áfangaskipt losunarmarkmið fyrir hvern geira atvinnulífsins.

Útfærsla á þessu verkefni er þegar hafin í samstarfi við ákveðna geira. Það verður spennandi að hefja þetta samtal við forystu Bændasamtakanna í þeim tilgangi að setja niður markmið og móta aðgerðaáætlun fyrir íslenskan landbúnað í samstarfi við stjórnvöld, sem endurspeglast mun í enn skýrari mælanlegum markmiðum í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

Guðlaugur Þór Þórðarson
umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Hvað líður endurskoðun á sauðfjársamningi?

Líkt og bændur vita þá líður að næstu endurskoðun sauðfjársamnings, hún á að fara fram á árinu 2023.



Trausti Hjámarsson.

Í aðdraganda endurskoðunar er ágætt að staldra við og skoða hvað betur má fara í okkar umhverfi. Við síðustu endurskoðun voru gerðar ákveðnar breytingar á framkvæmd samningsins, kvótamarkaður var settur á laggirnar með greiðslumark og hefur það fyrirkomulag reynst vel. Það má með sanni segja að söguleg sátt ríki meðal sauðfjárbænda um fyrirkomulag greiðslna til bænda.

Það sýnir afdráttarlaus stuðningur bænda við tillögur á tveimur stórum aðalfundum samtaka sauðfjárbænda þar sem lagt var til að stöðva niðurtröppun greiðslumarks. Greiðslumarkið hefur þann kost umfram aðrar greiðslur að þar geta bændur skapað sér greiðslugrunn til framfærslu búsins, lakari meðalvigt, minni ull, meiri vanhöld lamba og margar aðrar utanaðkomandi aðstæður hafa ekki áhrif á þessar greiðslur til bænda. Tekjugrunnur eða tekjutrygging hvers konar til bænda hlýtur alltaf að vera af hinu góða.

Líkt og kom fram í skýrslu Byggðastofnunar, sem gefin var út í maí 2022, þá var, og er enn, ríkjandi afkomuótti á meðal sauðfjárbænda. Það er atriði sem við verðum að taka alvarlega. Það er beinlínis óvarlegt og óskynsamlegt að færa fjármuni á milli liða nú um næstu áramót, þegar það hefur jafnvel lítið annað í för með sér en að auka á óöryggi bænda hvað varðar afkomu.

Stöldrum heldur við, leyfum hinni sögulegu sátt að ríkja og göngum til endurskoðunar þar sem markmiðið verður að bæta lífsgæði sauðfjárbænda, ekki að hringla með lífsafkomu þeirra frá ári til árs.

Bændasamtök Íslands óskuðu eftir því við Svandísi Svavarsdóttur landbúnaðarráðherra að gerð yrði breyting á Samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktarinnar, þannig að tilfærsla af greiðslumarki yfir á aðra liði samningsins myndi stöðvast.

Beiðnin byggði á ályktunum frá framhaldsaðalfundi LS sem haldinn var 11. nóvember 2021. Þar var eftirfarandi tillaga samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Sýslur	Munur á 2022 og 2023 greiðslum	Munur á 2022 og 2026 greiðslum
13. Múlasýslur	-11.100.633	-22.695.289
09. Skagafjarðarsýsla	-9.345.540	-19.012.510
12. Norður-Þingeyjarsýsla	-8.040.937	-16.377.238
11. Suður-Þingeyjarsýsla	-4.013.652	-8.300.358
04. Dalasýsla	-2.678.888	-5.662.396
07. Vestur-Húnavatnssýsla	-2.080.405	-4.575.268
05. Ísafjarðarsýslur	-1.573.714	-3.360.097
10. Eyjafjarðarsýsla	-1.315.099	-2.791.252
06. Strandasýsla	-1.257.845	-2.653.414
01. Gullbringu- og Kjósarsýsla	-766.781	-1.549.190
17. Árnessýsla	-296.369	-752.236
03. Snæfellsnessýsla	-256.121	-549.071
08. Austur-Húnavatnssýsla	493.068	681.770
15. Vestur-Skaftafellssýsla	464.912	772.766
14. Austur-Skaftafellsýsla	1.254.474	2.367.266
16. Rangárvallasýsla	1.950.677	3.757.235
02. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla	3.390.742	6.526.593

Taflan hér að ofan sýnir greiningu Bændasamtaka Íslands á áhrifum þeirra breytinga sem verða á sauðfjársamningnum milli áranna 2022 og 2023, annars vegar og hins vegar 2022 og 2026, eftir sýslum. Útreikningar byggja í öllum tilvikum á grunni útdeilingar ársins 2022 en forsendum áranna 2023 og 2026.

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda haldinn 11. nóvember 2021 skorar á stjórn BÍ að endurskoða nú þegar gildandi samning um starfsskilyrði sauðfjárræktar með það að markmiði að stöðva fyrirhugaða niðurtröppun á greiðslumarki sem koma á til framkvæmda 2023.

Málið var síðan talsvert rætt á búgreinaþingi deildar sauðfjárbænda sem haldið var 3.–4. mars síðastliðinn. Þar var einnig samþykkt með miklum meirihluta eftirfarandi tillaga:

Endurskoðun samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar: Fari fram sem fyrst og að endurskoðun verði lokið fyrir 1. janúar 2023. Að öðrum kosti að tilfærsla af greiðslumarki yfir á aðra liði samningsins stöðvist þar til endurskoðun hefur verið lokið. Leitast verði við að samningur um starfsskilyrði sauðfjárbænda geri miklar sveiflur í afkomu sauðfjárbænda ólíklegri og innifeli stjórntæki til að takast á við sveiflur þegar þær verða.

Erindi byggt á þessum tillögum var sent til ráðherra landbúnaðarmála 6. apríl og óskað eftir fundi til að fara yfir forsendur málsins.

Ráðuneytið boðaði til fundar 22. ágúst, þar sem erindið var rætt efnislega. Ekki kom fram eiginleg lokaniðurstaða á þeim fundi.

Bændasamtök Íslands ítrekuðu beiðnina í öðru erindi sent 4. október. Í svari, sem barst 11. október, kom fram að ráðuneytið féllist ekki á beiðni um breytingar á samningnum að svo stöddu, en jafnframt vísað til þess að á næsta ári fari fram endurskoðun á sauðfjársamningi.

Fyrirhuguð breyting á sauðfjársamningi 2023–2026


Bændasamtökin telja að þær breytingar sem verða á tilfærslu milli liða í samningnum á næstu árum færi stuðning frá svæðum sem njóta svæðisbundins stuðnings og hafa minni tækifæri til annarra tekjuöflunar. Þessi breyting vinnur því gegn þeim lið samningsins sem markvisst er ætlað að styðja við byggð á viðkvæmum svæðum landsins.

Yfirlit yfir þessa greiningu má sjá í meðfylgjandi töflu.

Breytingar sem gerðar voru á sauðfjársamningnum árið 2021 sköpuðu ákveðna sátt. Má þar sérstaklega nefna innlausnarmarkað með greiðslumark. Þar er tryggt að þeir sem eiga hlutfallslega lítið greiðslumark njóti forgangs við slík kaup. Framkvæmd markaðarins hefur styrkt vilja bænda til að halda áfram að byggja sauðfjársamninginn á greiðslumarki.

Það verður að segjast að það eru talsverð vonbrigði ef niðurstaðan verður sú að ekki verði farið að vilja bænda og þar með rofin sú sögulegu sátt sem um greiðslumarkið ríkir. Við höfum trú á því að oft sé hægt að skipta um skoðun að betur ígrunduðu máli og skorum því á matvælaráðherra að gera slíkt nú.

Trausti Hjálmarsson,
formaður deildar sauðfjárbænda.



Hilltip Icestriker 900–1600L
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 380–550L
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 600 TR
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



Hilltip Snowstriker VP
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.



Hilltip Snowstriker SP
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.



Hilltip Fjölplógur MVP
Fjölplógur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.

A Wendel ehf.
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,
S:551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is

VÉLABÁSINN

Einföld en með öllu því nauðsynlega – prufuakstur á T5.140 Dynamic Command



New Holland T5.140 Dynamic Command er ný dráttarvél frá þessum vinsæla framleiðanda. Hún býður upp á 140 hestöfl og 630 Nm tog. Þar sem Dynamic Command gírkassinn er afar sparneytinn er hægt að hafa allt aflið aðgengilegt án sérstaks aflauka. Myndir / ÁL



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Að þessu sinni tekur Bændablaðið fyrir dráttarvélina New Holland T5.140 Dynamic Command. Þetta myndi flokkast undir meðalstóra dráttarvél eins og Claas Arion 470, John Deere 6R 130 og Valtra G135.

Samkvæmt sölumanni Kraftvéla var vélin sem blaðamaður prufaði af einfaldri útgáfu, eða hugsuð fyrir þá sem vilja ekki of mikið af flóknum tölvubúnaði.

Uppskrift New Holland að traktor hefur fallið vel í kramið hjá íslenskum bændum og hefur þetta verið eitt mest selda merkið um árabil.

Hér er komin ný lína frá framleiðandanum og fellur á milli T5 Electro Command og T6.

Ferskt húdd – gamalt hús

Hönnuðum dráttarvéla standa ekki til boða margar leiðir til að láta sína traktora skera sig úr fjöldanum. Þessi vél er fallega blá, en það sama má segja um nær allar New Holland vélar og Ford traktora þar áður. Húddið er með rennilegum línum og nútímaleg ljós sem glöggir dráttarvélanördar geta líklega þekkt frá eldri vélum frá þessum framleiðanda. Allt annað í útliti vélarinnar er runnið undan rifjum notagildis þar sem þetta er vinnuvél, ekki sportbíll.

Skýrt dæmi um slíka praktík er hönnun ökumannshússins. Í næstum tvo áratugi hefur New Holland sett fjögurra-pósta ökumannshús á vélarnar sínar þar sem breytingar á íhlutum (og varahlutum þegar að því kemur) hafa verið nær engar. Á þessum húsum ná hurðirnar frá framrúðu að afturhlera og gefa gott útsýni, en á móti er aukin hætta á að þær taki á sig vind.

Útsýni til fyrirmyndar

Ein breyting hefur þó orðið á ökumannshúsinu á síðustu misserum. Nú tengist framrúðan nær samskeytalaust við þakglugga fremst á þaki hússins. Þar með er útsýnið upp nær óhindrað og auðvelt að stafla rúllum í fjórar hæðir án þess að þurfa að beygja sig fram.

Önnur breyting til batnaðar felst í pústinu. Á fyrri gerðum New Holland af þessari stærð var stór mengunarvarnarbúnaður staðsettur neðst á pústinu. Nú hefur þessum búnaði verið komið haganlega fyrir undir vélahlífinni þar sem hann skyggir ekki á útsýnið.

Einangrun frá umhverfi

Vinnuumhverfið inni í vélinni er prýðilegt. Við almenna vinnu er hljóðvistin engu verri en þegar nýlegum smábíl er ekið á þjóðvegi. Þar sem traktorinn er útbúinn loftkælingu er engin þörf á að hafa glugga opinn sem hleypir inn hávaða og ryki. Sjálft ökumannshúsið fjaðrar og einangrar notandann frá verstu höggunum.

Sætið er útbúið loftpúðafjöðrun sem hreyfist annars vegar upp og niður, og hins vegar fram og aftur. Þessi góða dempun í sætinu ásamt fjaðrandi húsi gerir það að verkum að akstur vélarinnar er nokkuð þægilegur. Þessi tiltekna vél var ekki útbúin fjaðrandi framhásingu, en ekki hægt að sjá að það kæmi að neinni sök.



Vendigír er stjórnað með sveif vinstra megin við stýri eða með hnappi á handfangi fremst á stjórnborðinu. Ekki þarf að kúpla þegar vélin er stöðvuð eða skipt um aksturssstefnu. Lítill egglaga rafmagnspinni stjórnar ámoksturstækjunum.

Rafstýrð ámoksturstæki

Við notandanum blasa fjölmargir takkar, stangir og pinnar sem stjórna hinum ýmsu eiginleikum vélarinnar bæði á stjórnborðinu hægra megin og fyrir ofan hraðamælinn. Allt virðist vera vel skrúfað saman og úr efnum sem munu endast.

Tveir stjórnpinnar eru fremst á armhvílunni hægra megin á ökumannssætinu. Pinninn sem er nær ökumanninum hreyfist ekkert, heldur er hann hugsaður sem handfang með aðgengilegum hnöppum. Þar er m.a. hægt að stjórna vendigírnum, vökvadælum og velja á milli 24 akstursþrepa. Við endurtekningarvinnu eins og slátt eða plægingu þarf notandinn ekki að hreyfa höndina oft frá þessari stöng.

Lengra til hægri er lítill pinni sem fellur vel í hendi og stjórnar ámoksturstækjunum rafrænt. Á þeim pinna eru nokkrir hnappar sem m.a. virkja þriðja sviðið og velja á milli akstursþrepa. Ekki er hnappur fyrir vendigírinn á þessum stjórnpinna og því þarf notandinn að velja aksturssstefnuna með sveif vinstra megin við stýrið. Notkun ámoksturstækjanna er áreynslulaus samanborið við notkun vökvastanga.

Lengst til hægri eru svo stangir af gamla skólanum sem stjórna vökvaventlum fyrir aukahluti.

Kúplíng óþörf

Sá eiginleiki vélarinnar sem sölumenn Kraftvéla stæra sig mest af er Dynamic Command gírkassinn. Ökumaðurinn getur sjálfur valið á milli 24 akstursþrepa eða látið traktorinn skipta sjálfur. Kúplingsfetillinn kemur við sögu þegar vélin er ræst til að byrja með, en annars er hann óþarfur.

Nóg er að ýta á bremsuna þegar vélin er stöðvuð. Hægt er að stilla hversu harkalega gírkassinn skiptir milli akstursþrepa. Í hörðustu stillingunni er mest þol fyrir álagi, á meðan mýkstu stillinguna er hægt að nota við létta vinnu og þjóðvegaakstur. Samkvæmt markaðsefni New Holland á þessi skipting að skila af sér mikilli sparneytni samanborið við aðrar fjögurra strokka vélar. Þar af leiðandi er ekki þörf fyrir aflauka, heldur getur hún verið með allan kraftinn aðgengilegan á augabragði.

Vendigírnum er hægt að beita hvenær sem er, jafnvel á fullri ferð með hlass í eftirdragi. Þegar tekið er í áðurnefnda sveif eða hnapp breytir vélin um aksturssstefnuna afar ljúflega, jafnvel þótt bremsan komi ekki við sögu.

Góð tækjavél

Í fínvinnu sést hversu vel útfærður gírkassinn er, því notandinn verður ekkert var við hann. Til eru sjálfskiptingar af þessu tagi þar sem vélin rykkist í fínvinnu, en það er alls ekki tilfellið hér.

Þessi silkimjúki gírkassi, óhindrað útsýni, nákvæmur stjórnpinni ásamt þröngum beygjuradíus gerir þessa dráttarvél að afbragðs tækjavél.



Húsið fjaðrar og er vel hljóðeinangrað. Ökumannssætið fjaðrar annars vegar upp og niður, og hins vegar fram og aftur. Rúmgott farþegasæti.



Gott útsýni til allra átta. Fremst á húsinu er þakgluggi sem tengist framrúðunni með þunnum samskeytum. Ámoksturstæki í efstu stöðu.

Tölur

Vélin í þessum prufuakstri kostar 16.790.000 krónur án vsk. með ámoksturstækjum. Mótorinn skilar 140 hestöflum og 630 Nm við 1.300 snúninga. Lengd án tækja er 4.397 mm, hæð frá miðju afturöxuls er 2.100 mm og breidd 2.288 mm.

SÖFNIN Í LANDINU



Inngangur Listasafnsins og Ketilkaffis með verki eftir Ólaf Ólafsson og Libiu Castro.

Listasafnið á Akureyri:

Fjölbreytt og lifandi safn

Listasafnið á Akureyri var stofnað árið 1993 og fagnar því 30 ára afmæli á næsta ári.

Í safninu er boðið upp á fjölbreyttar sýningar sem ættu að höfða til sem flestra, enda er það eitt af markmiðum safnsins. Um þessar mundir eru sex sýningar í gangi í safninu, sýning á málverkum Rebekku Kühnis af íslensku landslagi og sýning á verkum Kristins G. Jóhannssonar af akureyrsku landslagi, en sú sýning nær yfir fjóra sali á efstu hæð safnsins.

Svalir Listasafnsins eru einnig nýttar fyrir sýningar og nú gefur þar að líta fánaverk eftir Steinunni Gunnlaugsdóttur sem ber titilinn Blóð og heiður. Sýningin Gjöfin til íslenskrar alþýðu frá Listasafni ASÍ er einnig í Listasafninu á Akureyri fram til 20. nóvember. Þar eru margar perlur úr íslenskri listasögu eins og Fjallamjólk eftir Jóhannes Kjarval. Afar vegleg bók um þessa sýningu fæst í safnbúð Listasafnsins og þar fást einnig ýmsir munir og verk tengd sýningum safnsins. Sýningin Form í flæði, þar sem sjá má nokkur verk úr safneign Listasafnsins, er ætlað sérstakt hlutverk í safnkennslu Listasafnsins en árlega er tekið á móti fjölda skólahópa frá leik- og grunnskólum og einnig framhalds- og háskólum. Einnig er tekið á móti vinnustaða- og vinahópum í leiðsagnir. Alla fimmtudaga kl. 12 er svo boðið upp á leiðsagnir um sýningar safnsins á íslensku og kl. 12.30 á ensku. Sjötta sýningin í safninu er á verkum ungstjörnunnar Egils Loga Jónassonar og ber hún titilinn Þitt besta er ekki nóg og samanstendur af vídeóverkum, tónlist, ljósum og málverkum.

Mikil áhersla er lögð á fræðslu fyrir almenning og á þriðjudögum kl. 17 er boðið upp á stutta fyrirlestra og er ókeypis á þá. Það sama gildir um barnastarf, smiðjur og námskeið fyrir börn og ungmenni. Akureyrarbær rekur Listasafnið.

Fram undan er dansvídeóhátíðin Boreal, opnun á sýningu útskriftarnemenda listnámsbrautar Verkmenntaskólans á Akureyri og þrjár nýjar sýningar verða svo opnaðar í byrjun desember. Afmælisárið 2023 verður stútfullt af spennandi viðburðum og fjölbreyttum sýningum auk mikillar afmælisveislu á Akureyrarvöku í lok ágúst. Listasafnið á Akureyri var stækkað mikið árið 2018 og það er afar vel staðsett í gamla mjólkursamlagi KEA og Ketilhúsinu sem nú hafa verið tengd saman í eina byggingu. Safnið er í miðbæ Akureyrar við Kaupvangsstræti, sem áður var gjarnan kallað Kaupfélagsgilið en gengur nú undir nafninu Listagil. Þar eru einnig vinnustofur listamanna, gestavinnustofur og fjölmörg sýningarrými rekin af listamönnum eins og Kaktus, Mjólkurbúðin, Deiglan og Rösk.

Á jarðhæð Listasafnsins er eitt besta kaffihús bæjarins, Ketilkaffi, sem er opnað kl. 8 alla morgna og býður upp á gæðakaffi, morgunmat, léttan hádegisverð og einnig kvöldrétti.

Listasafnið er opið daglega kl. 12–17 og nánari upplýsingar má finna á www.listak.is.

Verið velkomin öll.
Hlynur Hallsson.



3ja ára, lítið notuð loftræstinga-samstaða til sölu. Varmaskiptasamstaða. Rústfrítt element er í henni. Vatnshitari. Tvær hljóðgildrur fylgja. Var keypt í Hitatækni.



Nánari upplýsingar gefur Kristján Rúnar í s.898-4848.



KROSSGÁTA Bændablaðsins



MYND: TIGERENTE (CC BY-SA 3.0)

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

184	KVARTA	ÁRSTÍÐ	SPILLA	SPRIKL	HVIÐA		KVK NAFN	HAPP-DRÆTTI	STEFNUR	SÁLDRA
SVISS										
FANGA						BRÚKA / ÁNÆGJU-BLOSSI				
SIGAÐ				TÍUND / ASKJA						
KÚSTUR							AÐ / NIÐRA			
	↓	STEFNA	FRÁ	BRESTIR / FROST-SKEMMD				KRAFSA / TVEIR EINS		
GEFA EFTIR						ÓHREINKA	VÆTU / STAÐNA		GÓLA	BLÁSA	TVEIR EINS
FLÉTTA					AUSTUR-ÁLFA / FRAMVEGIS				SAKLAUS / HEIÐUR		
EKKI			MESSING / ÞÍÐA					ÁFORM / GOSEFNI			
SVELGUR				SPOR / SÖNG-LEIKUR			RUSL / ÖFGA-FULLUR				GILDRA
		YFIRGAF / SKOTT				LÍFFÆRI			FLJÓT-FÆRNI / GEYMI		
GÓMA						KEYRA / ANGAN			HVAÐ	MISKUNN	
HÆGLÆTI							NÖLDRA / TVÍHLJÓÐI			ÁTT / TVEIR EINS	
MJÖG					HÝRA				SPOR-LÉTTUR		
ÁTT			VESÆLL					HEIÐRA			

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



183	TÆKI	GANG-SETNING	FLÓKTI	SAMSTÆÐA		ÍLÁTA	LÆSA	PUNKTA NIÐUR	HVÍLD	
→	G	R	I	P	A	V	A	G	N	HRYNJANDI
SPJALLA	R	Æ	Ð	A	STÖÐVUN	A	F	L	Á	T
ESPAR	Æ	S	I	R	DROLLARA / PÍRA	S	L	Ó	Ð	A
ÖFUG RÖÐ / YFIRRÁÐ	J	I	ELDHÚS-ÁHALD	ÓREIÐA / KVERKAR	K	A	O	S	BRENNA	K
	FLUGA	NÖLDRA	GLÓFI / MERGÐ	H	A	N	S	K	I	VARP / FÁLM	K	A	S	T
MORA	G	R	Ú	A	EYÐA / ALMÚGI	G	L	O	P	P	A	Í RÖÐ / PRÍVAT	T	U
RÆÐA	R	E	I	F	A	RÆKTAR-LAND / SVEFNMÓK	E	K	R	A	KOPAR / GÆTA	E	I	R
BLÓM-SKIPAN	A	X	GÆLUNAFN / TÓNVERK	A	L	L	I	TILFELLI / HAFNA	A	T	V	I	K	VEIÐAR-FÆRI
FRAM-KOMA	F	A	S	Þ	ÞÚST / ENST	Ú	F	A	HLUT-VERKI	UMHUGAÐ / LIÐ-LANGAN	A	N	N	T
	V	VERÐ-LÍTILL / BRÁÐ	Ó	D	Ý	R	YFIR-HAFNIR / RISTIR	F	R	A	K	K	A	R
STÖNDUG	E	F	N	U	Ð	STIKLA	S	T	U	L	T	A	ARAGRÚI	O
SKJÓGRA	S	L	A	G	A	GALA / KALLORÐ	K	A	L	L	A	RÓMVERSK TALA / Í RÖÐ	M	L
PIKKA	P	O	T	A	FJALL	H	E	K	L	A	ÚTHALD	Þ	O	L
ÖHREINKAÐ	A	T	A	Ð	SKÝJA-GLÓPUR	Ó	R	A	U	N	S	Æ	R	

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

Bændablaðið kemur næst út 3. nóv

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR



Þau hjón, Steina Þorsteinsdóttir og Reynir Björnsson í Miðdalsgröf, Steingrímsfirði leyfa hér lesendum að fá örlitla innsýn í líf sitt.

Reynir er fæddur og uppalinn í Miðdalsgröf. Árið 1996 reisum við íbúðarhús á jörðinni og Steina flytur þá í Miðdalsgröf, 1998 byggjum við ný 200 kinda hús og rekum búið í samstarfi við foreldra Reynis þar til árið 2005 en þá tökum við alveg við rekstrinum.

Býli: Miðdalsgröf.

Staðsett í sveit: Tungusveit í Steingrímsfirði.

Ábúendur: Reynir Björnsson og Steina Þorsteinsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Við eigum 2 dætur, Laufeyju Heiðu Reynisdóttur og Ólöfu Katrínu Reynisdóttur, auk bústjórans Marinós Helga Sigurðssonar sem er hluti af fjölskyldunni okkar. Hundur og köttur eru á bænum.

Stærð jarðar? 400 hektarar.

Gerð bús? Sauðfjárbú.

Fjöldi búfjár og tegundir? 360.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Reynir er bóndinn og sinnir öllum verkum við búið en Steina vinnur utan bús en styður við sinn mann á vorin og haustin, auk þess fáum við ómetanlega hjálp frá fjölskyldu og vinum haust og vor.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?
Reynir: Skemmtilegustu eru fjárragið á haustin og sauðburður að vori en þau leiðinlegustu eru að gera við ónýtar girðingar.
Steina: Skemmtilegast er fjárragið á haustin. Þau leiðinlegustu eru þegar pláss og grindarleysi er farið að segja til sín á erfiðum vorum.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Í svipuðu fari.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Súrmjólk og rjómi.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Ærkjöt og lambahryggur.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Kannski ekki við bústörfin, en þegar íbúðarhúsið okkar kom í hlað á tveimur trailerum og var dregið yfir á grunninn með vírastrekkjurum.

Við skorum á Guðfinnu og Ágúst, bændur í Stóra-Fjarðarhorni í Strandasýslu að taka við keflinu!


Fjölskyldan í réttum.


Íbúðarhúsið á leið í hlað.

MATARKRÓKURINN

Soðið kjöt


Haraldur Jónasson
haradlur@gmail.com

Með fyrstu haustlægðunum fylgir löngun í heitan kjarnmikinn kósíkost. Klassíska valið hér á landi er auðvitað hin íslenska kjötsúpa en soðið kjöt, borið fram með hrísgrjónum eða kartöflum og rófum er draumamatur að hausti.

Auðvitað er hægt að sjóða hvaða kjöt sem er, en lambaframpartur af nýslátruðu, svo ekki sé talað um ef nokkrir rifjabitar slæðast með, er ansi góð byrjun.

Trixið við gott soðið kjöt er einmitt það, það er soðið. Það á ekki að brúna það eða meðhöndla á annan hátt en að skella því í kalt vatn og láta suðuna koma upp. Alls ekki taka það af beinunum þau eru nauðsynleg til þess að fá rétta áferð á soðið.

Hlutföllin eru sirka svona: Einn lítri af vatni á móti einu kílói af kjöti á beini, smá salt, sirka teskeið per lítra af vatni. Vatnið þarf þó að fljóta vel yfir kjötið.

Þegar suðan kemur upp fylgir henni froða sem best er að fleyta ofan af. Froðan er próteinefni sem berast úr kjötinu og beinunum en er ekkert sérstaklega góð á bragðið og lítur miður fallega út. Senda hana út í sjó með viðkomu í vaskinum.

Kjötið er þá soðið við vægan hita í klukkutíma eða svo. Það er tilbúið þegar það dettur nokkuð auðveldlega af beininu. Á þessu stigi er hægt að fara með réttinn í margar áttir, búa til kæfu eða kjötsúpu. En það er ekki efni þessa pistils. Við ætlum að gera úr þessu eiturgult kjöt í karrí og kjöt í rauðri sósu sem er svo rauð að hún


Mynd / Hari

brennir hornhimnurnar ef ekki er farið varlega.

Kjötsoðið

Þegar kjötið er soðið er það tekið úr pottinum og tekið af beinunum. Beinin fara svo beint aftur út í og soðið soðið niður um helming. Bæði til að fá meira bragð en aðallega til þess að soga kollagen úr beinum.

Kollagenið breytist þá í gelatín sem er helsta ástæðan fyrir því að soðið kjöt er svona gott. Ef mikil fitubrák myndast er æskilegt að fleyta henni af. Þetta má og er jafn vel æskilegt að gera fyrr um daginn eða allt að þremur dögum áður en rétturinn á að vera borinn á borð. Ef soðið er kælt safnast fitan fyrir efst þannig að einfalt er að vippa henni af. Kælt soðið ætti svo að breytast í gel ef allt hefur gengið eftir.

Gula þruman

Gult karrí er náttúrlega kryddblanda djöfulsins. Tekur alla rétti yfir og litar allt eiturgult. En einhvern veginn eru allir og amma þeirra, kannski sérstaklega þær, yfir sig hrifnir af þessu. Þeir sem á hinn bóginn hafa létt óþol fyrir óhóflegu magni af túrmeriki, sem er uppistaðan í gulu karríi og ástæðan fyrir litnum, geta þynnt það út með Garam masala. Það er karríblanda sem býr yfir aðeins flóknari nótum fyrir bragðlaukana. En það er önnur saga, nú erum við að gera kjöt í karrí og það á að vera svakalega gult.

Sósuna, sem er auðvitað stjarna kvöldsins, þarf að að baka upp. Það er gert með hveiti og smjöri eða svokallaðri smjörbollu. Ein matskeið af smjöri og ein matskeið af hveiti þykkir um það bil tvo desilítra af vökva. Sem þýðir að til að gera hálfan lítra af sósu, sem er minnsta einingin sem er ásættanlegt að gera, þarf sirka tvær og hálfa matskeið af hveiti og sama magn af smjöri. Bræða saman í potti þangað til blandan byrjar að brúnast örlítið. Þá er soðinu bætt löturhægt út í og hrært stanslaust á meðan með þeytara. Byrja á einni slettu, svo tveimur þangað til sósan er komin saman. Þá er hægt að hella hraðar.

Gott er að hafa soðið heitt en líka hægt að skutla bara gelkubbum út í og láta bráðna saman við. Ef kekkir myndast er það ekki heimsendir, bara sigta þá frá í lokin. Má setja örlítið af mjólk eða rjóma en það þarf ekki. Smakka til með salti, pipar og auðvitað karríi. Tvær til þrjár teskeiðar af því síðastnefnda ættu að vera feikinóg í hálfan lítra.

Hreinstefnufólk velur svo hvítan pipar ef það vill ekki svarta punkta í gulu sósuna sína. Bera fram með hvítustu hrísgrjónum hússins.

Kjöt í rauðri

Til að gera þennan rétt sem er svo gott sem bara kjöt í bragðmikilli tómatsósu er allt gert alveg eins og í karríinu fram að sósugerðinni. Í staðinn fyrir að baka hana upp er laukur mýktur upp úr smjöri eða olíu í potti. Þegar laukurinn er orðinn mjúkur og farinn að taka örlítinn lit er tómatpúrru bætt út í, matskeið eða tveimur. Laukurinn og púrran steikt saman um stund.

Þá er soði blandað saman við og sósan smökkuð til með tómatsósu, hvítlauksdufti, salti og pipar. Sósan á að vera eins og efnaverksmiðjuslys. Bæði á litinn og bragðið. Þegar sósan er orðin ásættanleg er hún þykkt með sósujafnara eða maismjöli blönduðu köldu vatni.

Til að þykkja hálfan lítra af vökva þarf sirka tvær matskeiðar af mjöli blönduðu í fjórar matskeiðar af vatni eða nokkrar hristur af jafnara.

Berið fram með kartöflumús – og til að fá þennan ekta ömmukeim er best að hún komi úr pakka.

HANNYRÐAHORNIÐ



Benjamína-vettlingar

Munstrið á þessum vettlingum er innblásið af minni fyrstu lopapeysuhönnun sem heitir Benjamína.

Dömustærð: Vettlingarnir eru prjónaðir úr léttlopa, ein dokka af aðallit og ein af munsturlit. Notast er við sokkaprjóna nr. 3 og 4,5. Prjónafesta gefur 18 lykkjur á 10 cm.

(Herrastærð): Vettlingarnir eru prjónaðir úr tvöföldum plötulopa, ein plata af aðallit og ein af munsturlit. Notast er við sokkaprjóna nr. 4,5 og 5,5. Prjónafesta gefur 14 lykkjur á 10 cm. Vettlingarnir eru nokkuð stórir, ef þú vilt hafa þá minni má notast við prjóna sem er hálfu nr. minni.

Til að koma í veg fyrir löng bönd inni í vettlingunum er gott að snúa garninu saman að aftan eftir hverjar 4-5 lykkjur. Ekki snúa garninu á sama stað í næstu umferð fyrir ofan, betra er að það sé gert á mismunandi stöðum svo það sjáist ekki í gegn

Fitjið upp 36 lykkjur með aðallit á prjóna nr. 3 (4,5). Skiptið lykkjunum niður á fjóra prjóna og tengið í hring. Prjónið stroff, 2 lykkjur sléttar og 2 lykkjur brugðnar til skiptis. Prjónið 6 umferðir stroff með aðallit, *prjónið 2 umferðir stroff með munsturlit, prjónið 2 umferðir stroff með aðallit*, endurtakið *til*. Prjónið 2 umferðir stroff með munsturlit og að lokum 5 umferðir stroff með aðallit. Skiptið yfir á prjóna nr. 4,5 (5,5) og prjónið slétt eftir munstri, í fyrstu umferð er aukið út um 4 lykkjur nokkuð jafnt yfir umferð, þá eru 40 lykkjur á prjónunum (10 lykkjur á hverjum prjón). Þegar búið er að prjóna 14 umferðir af munstri er gert ráð fyrir þumli (rautt strik á munstri sýnir hægri vettling).

Fyrir hægri vettling: Á fyrsta prjóni, prjónið þrjár lykkjur slétt, prjónið næstu 7 lykkjurnar á aukaband, færið þessar 7 lykkjur aftur yfir á vinstri prjón og prjónið yfir þær eftir munstri.

Fyrir vinstri vettling: Á öðrum prjóni, prjónið 1 lykkju slétt, prjónið næstu 7 lykkjur á aukaband, færið þessar 7 lykkjur aftur yfir á vinstri prjón og prjónið yfir þær með munstri

Úrtaka er gerð á eftirfarandi hátt: Á fyrsta prjón eru tvær lykkjur prjónaðar slétt, þriðja lykkjan er færð óprjónuð yfir á hægri prjón, prjónið eina lykkju og steypið óprjónuðu lykkjunni yfir prjónuðu lykkjuna, prjónið næst út prjóninn. Á öðrum prjóni er prjónað út prjóninn þar til þrjár lykkjur eru eftir, prjónið tvær lykkjur saman, prjónið síðustu lykkjuna slétt. Þriðji prjónn er prjónaður eins og fyrsti prjónn. Fjórði prjónn er prjónaður eins og annar prjónn. Þessi úrtaka er endurtekin í hverri umferð þar til 8 lykkjur eru eftir á prjónunum. Athugið að í síðustu úrtöku er óprjónuðu lykkjunni steypt yfir lykkjurnar tvær sem voru prjónaðar saman. Slítið frá og dragið endann í gegnum lykkjurnar.

Næst er þumallinn prjónaður. Hann er prjónaður á prjóna nr. 4,5 (5,5) með lit A. Takið aukabandið úr og takið upp 16 lykkjur, hafið 8 lykkjur á prjóni fyrir ofan þumalinn og notið 2 prjóna fyrir neðan þumalinn, 4 lykkjur á hvorum prjón. Prjónið 17 umferðir, úrtaka er gerð á hliðum, á fyrsta prjón er fyrsta lykkjan tekið óprjónuð yfir á hægri prjón, prjónið eina lykkju og steypið óprjónuðu lykkjunni yfir hana, prjónið út prjóninn. Á öðrum prjóni er prjónað þar til 2 lykkjur eru eftir, þær eru prjónaðar saman. Á þriðja prjóni er fyrsta lykkjan tekin óprjónuð yfir á hægri prjón, prjónið eina lykkju slétt og steypið óprjónuðu lykkjunni yfir hana, prjónið þar til tvær lykkjur eru eftir á prjóninum, þær eru prjónaðar saman. Þetta er endurtekið þar til 8 lykkjur eru eftir, slítið þá frá og dragið endann í gegnum lykkjurnar.

Gangið frá öllum endum, ef göt hafa myndast við þumal saumið fyrir þau. Þvoið vettlingana og leggið til þerris.

Aðrar uppskriftir eftir höfund er að finna á Instagram og Facebook undir Feykirknitting. Einnig er hægt að hafa samband við feykirknitting@gmail.com.





SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Létt

		9	7				6	3
	8		5	3				1
	6	4			8	5		
			3	6		2	4	7
	1						8	
4	2	6		9	7			
		2	1			7	5	
9				4	5		2	
8	3				9	6		

Miðlungs

	8			4			5	
9								3
		5	3		9	1		
3	1		9		6		8	7
			4		1			
2	9		7		8		4	1
		2	8		3	6		
4								2
	6			7			1	

Þung

					3	4		
		3			5		9	6
5				7				3
					4		6	1
		7				5		
1	2		9					
7				3				9
4	8		6			2		
		9	8					

Þyngst

			6			8		2
	2	3			4			
7								
	8		2					4
	4			3			1	
2					1		7	
								1
			7			3	8	
4		9			5			

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Aðdáandi K-pop

Freyja Rún er hress og kát stelpa frá Seltjarnarnesi sem stefnir á að verða söng- eða leikkona í framtíðinni.



Nafn: Freyja Rún Ásgeirsdóttir.
Aldur: 10 ára.
Stjörnumerki: Vog.
Búseta: Seltjarnarnes.
Skóli: Mýrarhúsaskóli.
Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Myndmennt.
Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Kisa.
Uppáhaldsmatur: Sushi.
Uppáhaldslag: Shut down með Blackpink.
Uppáhaldskvikmynd: 6th Sense.
Fyrsta minning þín? Þegar mamma spurði mig; hver á afmæli í dag? Og ég sagði Ég! Og mamma sagði nei. Þá sagði ég þú! Og hún sagði aftur nei. Þá sagði ég amma Sessenja! Og það var rétt hjá mér.
Hver eru áhugamálin þín? Að dansa, teikna og skauta. K-pop, að horfa á Stranger things og Malcolm in the Middle.
Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? K-pop söngkona eða leikkona.
Hvað er það mest spennandi sem þú hefur gert? Þegar mamma og pabbi komu mér á óvart með ferð til Austurríkis.

Næst » Sú sem tekur við keflinu er hún Íris Katla, systir Freyju.

FUGLINN: SKÓGARÞRÖSTUR



Skógarþröstur er einn algengasti fuglinn í skóglendi og í byggð. Það er ekki óalgengt að á þessum stöðum séu þeir með fyrstu fuglunum sem taka á móti manni. Hann er að mestu leyti farfugl en engu að síður er talsvert magn af þeim sem halda sig hérna yfir veturinn. Þeir eru félagslyndir utan varptíma og koma gjarnan í stórum hópum sem ganga yfir landið. Þá skyndilega fyllast skóglendi og garðar af skógarþröstum sem byrja strax að syngja af miklu kappi. Hans helsta kjörlendi eru birkiskógar og þar getur varpþéttleikinn þeirra orðið mjög mikill. Hann er afkastamikill varpfugl og þrátt fyrir okkar stutta sumar ná þeir að verpa tvisvar til þrisvar yfir sumarið, 4-6 eggjum í senn. Yfir sumar og varptíma borða þeir helst skordýr en síðsumars og á haustin sækja þeir í alls konar ber. Það getur farið ansi vel um þá ef þeir finna sér góðan rifsberjarunna og er hætta á að lítið verði eftir af uppskerunni ef þeir fá að sitja um hana óáreittir. Þegar líður á haustið sækja þeir einnig í reyniber og er skógarþrösturinn á myndinni við það að gleypa ber af koparreyni.
Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

UMHVERFISMÁL – TÍSKA

Húðvörur Brads Pitt:

Að fagna hverri línu

Leikarinn góðkunni, Brad Pitt, hefur nú sett á markað húðlínu; hreinsimjólk, krem og serum, ætluðum öllum kynjum en línan sem ber nafnið Le Domaine, er samstarfsverkefni þeirra Pitt og Perrin fjölskyldunnar, sem eru lífrænir vínræktendur.

Vörurnar sem kosta á bilinu 80 til 385 dollara (12–55 þúsund íslenskra króna) eru í litlum flöskum úr endurunnu gleri og endurnýttum eikarviði víntunna Perrin.

Á meðal innihaldsefna í kremunum og serunum má, auk retínóls, finna vínberjafræ og jurtir sem hafa haft orð á sér að hægi á öldrun til viðbótar við einkaleyfisskyld efni á borð við eitt sem kallað er GSM10. Er það gert að hluta úr blöndu grenache- og syrahfræja sem eiga að stöðva kollageneyðingu, hafa andoxunareiginleika og koma jafnvægi á húðina.

Annað, ProGR3, er sagt draga úr sýnilegum öldrunarmerkjum með náttúrulegum sameindum fundnum í plöntuþykkni, vínviðargræðlingum, kamillu- og grænu tei.



Lögð er áhersla á áfyllanlegar umbúðir varanna, endurnýtt umbúðaefni og formúlur sem eru 96%–99% af náttúrulegum uppruna. Einnig eru þær vegan og útiloka með öllu hráefni sem eru ágreiningsefni er kemur að umhverfisvernd. Brad sjálfur er ákafur talsmaður umhverfissinna og tekur því opnum örmum að leggja nafn sitt við varninginn.

Þrátt fyrir að innihaldsefni línunnar gefi til kynna ávinning er kemur að því að hægja á öldrun, telur hann að ekki skuli vera of upptekinn af því. „Fólk á ekki hlaupa frá því að eldast," sagði hann í kremviðtali við fréttamenn tímaritsins Vogue nýverið. „Þetta er hugtak sem við getum ekki flúið, og ég myndi vilja sjá menningu okkar taka því aðeins jákvæðar er kemur að útlitinu en víðast hvar er gert í heiminum í dag."


Leikarinn William Bradley Pitt, eins og hann heitir fullu nafni, hefur ýmislegt til málanna að leggja.

Öldrun ekki óaðlaðandi

Flestir eru nú á sama máli enda má segja að nálgun við líkamleg einkenni öldrunar séu jafn fjölbreytt og við erum flest. Sumum finnst þeir ungir að innan og sjá ekkert athugavert við að útlit þeirra passi sem best við þá hugmynd. Aðrir sjá línur og hrukkur sem merki um tilfinningaríkt og spennandi líf og enn aðrir kjósa blöndu af hvoru tveggja.

Eitthvað hafa svo vísindamenn að segja um húðvörulínu leikarans, enda stórt nafn á ferð og því nokkuð til að standa undir. Þetta er niðurstaðan:

– Á meðan vitað er að víndrykkja geti aukið merki um öldrun andlits, þar með talið þrota undir augum, getur plöntuefnasambandið resveratrol, sem er að finna í vínberjafræjum (og þá rauðvíni), hjálpað til við að berjast gegn frumuskemmdum. Einnig veitir það vernd gegn skemmdum húðarinnar frá sólarljósi.

– Sameindir þær er finnast í ProGR3, þá fundnum í plöntuþykkni, vínviðargræðlingum, kamillu- og grænu tei bendir nú til þess að a.m.k. grænt teþykkni gæti hægt á öldrun húðarinnar. Notkun kamilluolíu á sár hefur gefið góða raun, grætt þau vel og fljótt en bæði kamillu- og græn te eru rík af andoxunarefnum og innihalda líffræðilegt efnasamband sem kallast pólýfenól og vinna að því að eyða sindurefnum og hægja á framvindu öldrunar.

– Retínól er A-vítamínformúla sem vinnur á fínum línum, örum og litabreytingum og þykir ómissandi í öll þau krem sem eru hvað best talin vinna á öldrunareinkennum húðarinnar.

Gleði í hjarta og endalaust vatn

Lykilspurningin er kannski sú, þó þetta ofangreint hljómi allt vel, hvort borgi sig virkilega að smyrja sig rándýrum kremum. Auðvitað í einhverjum tilvika, en þó má ekki gleyma að heilbrigt líferni, vatnsdrykkja, inntaka C- og E-vítamína auk gleði í hjarta nær afar langt er kemur að unglegu fasi og útgeislun. */SP*

senmatic
Tæknibúnaður fyrir atvinnugróðurhús
Loftlagsstýringar
Áburðarblandarar
Skjámyndakerfi
Gluggabúnaður
Mótorlokar
Mælitæki
LED lampar
Arvirkinn
Eyravegi 32 • 800 Selfoss
Sími 480 1160 • www.arvirkinn.is

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar


Verð: Textaauglýsing kr. 2.600 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.200 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is



Notuð Mario 2ja hesta kerra með harðplasttoppi, árgerð 2004. Næsta skoðun 2023. Sjón er sögu ríkari. Verð kr. 750.000. Til sýnis hjá Brimco ehf. Efribraut 6, Mosó. Uppl. s. 894-5111 eða www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is



Hreinræktaður lundahundur til sölu. Ættbók frá Hundaræktarfélagi Íslands. Tíkin er tilbúin til afhendingar. Verð kr. 450.000. Upplýsingar í s. 697- 7853.



Brettagafflar með Eurofestingum. Burðargeta 2500 kg. Lengd á göfflum 120 cm. Pólsk framleiðsla. Verð kr. 119.000 +vsk. Til á lager. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163.



Einföldu fjárgrindurnar. Krækt saman án aukahluta. Stærð/breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 9.900 +vsk. Aurasel ehf. Pantanir og upplýsingar í s. 899-1776 og 669-1336.



Höfum til sölu Furuflís í um 28 kg böllum. Verð kr. 2.153- Einnig spónaköggla í 15 kg pokum, verð kr. 1.655. Brettaafsláttur. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is. Opið frá kl.13-16.30



Hliðgrindur. Vandaðar stækkanlegar hliðgrindur frá 1,0-6,0 m í tveimur þéttleikum. Góð læsing og lamir fylgja. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos s. 894-5111. Opið kl. 13-16.30. www.brimco.is.



Volvo XC60 bensín/rafmagn, 2019 árgerð, ekinn 50.000 km. Sjálfskiptur, bíll i toppstandi, einn eigandi. Ásett verð kr. 7.690.000. Upplýsingar í s. 891-7774 eða 778-5005.



Tveir hreinræktaðir border collie rakkar tilbúnir til afhendingar. Uppl. í S. 661-4266 Rúnar / 661-5090 Helga.

Jesús sagði:

„Ég er brauð lífsins. Þann mun ekki hungra sem til mín kemur og þann aldrei þyrsta sem á mig trúir."
Jóh. 6.35

biblian.is

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Ryðfríir neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar
Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.
Rafhitun
Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

CFMOTO
CFORCE 520
Fjórgengis, eins cylindra, 495cc, 35 hestöfl/6200rpm. Bein innspýting, rafmagnstýri, spil, dráttarkrókur. Sjálfstæð A-armafjöðrun, hátt og lágt drif með læsingu. 15 l. tankur, vökvabremsur, 12 tommu álfelgur, 350 kg. Tveggja manna, mál: 238 x 112 x 120 cm. Traktorsskráð. Litir: Svartur eða appelsínugulur.
Kr. 1.549.000,-
Án vsk. Kr. 1.249.193,-
NITRO
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

NÝI ÖKUSKÓLINN
Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári
Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirspurnir sendist á meiraprof@meiraprof.is
Réttindin gilda í Evrópu
Auknir atvinnumöguleikar
Íslensk og ensk námskeið
Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far

EYJALIND
Belti og undirvagnshlutir
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Bændablaðið
Kemur næst út
3.nóv

Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum.
Úrvalið hefur aldrei verið meira.
AL-KO QUALITY FOR LIFE
UNSINN
Schmidt FAHRZEUGBAU
Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.
Skoðaðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.
Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.
BRIMCO
EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is

TIL LEIGU









Steinhella 17
- Hafnarfirði -
Lager - verslunar - og geymsluhúsnæði
500, 1.000 og 1.500 fm
lager- og geymslu-
húsnæði til langtímaleigu.
Mikil lofthæð, laus nú þegar.
Upplýsingar í síma **893-9777**



Nýjar öflugar hakkavélar á frábæru verði 900 w. Verð aðeins kr. 95.000 +vsk. Uppl. í s. 822-8844.



Hleðslustöð 50a með lágtíðni-spennubreyti 24v til 230v 2000w/ max 20sek 6000w hrein sinus bylgja. Verð- 2000w kr. 124.900.- Verð- 4000w kr. 256.900.- Orkubondinn.is,Tranavogi 3,104 Reykjavík. S. 888-1185.



2" Brunadælur á lager. Frá Koshin í Japan. Sjálfsogandi og mjög háþrýstar. Vigta aðeins 37,6 kg. Henta vel fyrir slökkvilið og í vökvun. Sköffum allar dælur. Hákonarson ehf. s. 892-4163 ,hak@hak.is, www.hak.is



Rafbílahleðslustöðvar 8-32a. Verð, 16a kr. 47.900.- verð 32a kr. 54.900.- Orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavik. S. 888-1185.



Háþrýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísel. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Díesel hitari 5kw 12 eða 24v Samsettur eða ósamsettur. Allir varahlutir. 2 ára ábyrgð. Verð kr. 48.900.- Orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Til sölu Caterpillar rafstöð 132kv, nánast ónotuð eða hefur verið í gangi í um 150 klukkustundir. Verð kr. 2.000.000 +vsk. Eða tilboð. Uppl. í s. 899-8762.



Vindrafstöð 48v 2kw með 4st 150 ah 12v neyslurafgeymum. Verð, vindrafstöð kr. 320.850.- rafgeymar x4 verð kr. 222.600.- Samtals kr. 543.450.- Tilboð til októberloka- afsláttur 35% kr. 353.240.- Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavik. S. 888-1185.



Kornvalsar frá Póllandi. Mismunandi útfærslur frá 3 framleiðendum. 2 eða 3 sterk kefli með riflum. Traktorsdrifnir valsar og fl. Hákonarson ehf. S. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is.



Ford Transit húsbíll árg. 1999, ekinn 215.000 km. Nýleg tímareim, ný afturdekk 2020 og framdekk 2022. Mikið endurnýjaður. Sólarsella og rafgeymir, allar þaklúgur, startari og alternator, vatnsdæla fyrir vél og vatnsdæla fyrir innviði, framrúða. Vel með farinn, smurbók fylgir og alltaf geymdur inni á vetrum, en þarf smá athygli og verð því kr. 2.100.000. Uppl. í s. 859-2499.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager- 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 894-4163, netfang- hak@hak.is



Weckman rúlluvagnar. Verð kr. 3.220.000 m/vsk. (2.597.000 án vsk.) H.Hauksson ehf. s. 588-1130.



Brettagafflar með snúningi, 180°eða 360°.Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta- 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is.



Gúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd- 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta- 10 tonn. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt- 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2“ , 3“ , 4“. Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Er með þetta hreindýrshornatré til sölu. Selst í heilu lagi eða grein fyrir grein. Þetta eru allt fellihorn og þægilegt að smíða úr. Upplýsingar og verð- Jói s. 848-5501.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD





Næstu námskeið. Október - nóvember

Aukin ökuréttindi

Fjarnám í rauntíma
8. nóvember

Hraðnámskeið - staðnám
24. nóvember

Endurmenntun
atvinnubílstjóra

19. okt. 17:00 - 20:30 / Umf.öryggi - hluti 1
20. okt. 17:00 - 20:30 / Umf.öryggi - hluti 2
22. okt. 09:00 - 16:00 / Farþegafl.
29. okt. 09:00 - 16:00 / Skyndihjálp
1. nóv. 17:00 - 20:30 / Vörufl. - hluti 1
2. nóv. 17:00 - 20:30 / Vörufl. - hluti 2
5. nóv. 09:00 - 16:00 / Umf.öryggi
7. nóv. 17:00 - 21:00 / Lög og reglur - hluti 1
8. nóv. 17:00 - 20:00 / Lög og reglur - hluti 2
9. nóv. 17:00 - 20:30 / Vistakstur - hluti 1
10. nóv. 17:00 - 20:30 / Vistakstur - hluti 2
12. nóv. 09:00 - 16:00 / Skyndihjálp
14. nóv. 17:00 - 20:30 / Farþegafl. - hluti 1
15. nóv. 17:00 - 20:30 / Farþegafl. - hluti 2
16. nóv. 17:00 - 20:00 / Lög og reglur - hluti 1
17. nóv. 17:00 - 21:00 / Lög og reglur - hluti 2
19. nóv. 09:00 - 16:00 / Vistakstur
21. nóv. 17:00 - 20:30 / Umf.öryggi - hluti 1
22. nóv. 17:00 - 20:30 / Umf.öryggi - hluti 2
23. nóv. 17:00 - 20:30 / Vörufl. - hluti 1
24. nóv. 17:00 - 20:30 / Vörufl. - hluti 2
26. nóv. 09:00 - 16:00 / Skyndihjálp

Ökuskólinn Mjódd - Þarabakka 3 - 109 Reykjavík - s:5670300 - mjodd@bilprof.is

Athugið kæru smáauglýsendur

Þann **23. september** tóku þær breytingar gildi að skrá þarf allar smáauglýsingar inni á vefnum www.bbl.is/smaauglysingar fyrir kl. 15.00 mánudag þá viku sem blaðið kemur út.

Einnig þarf hér eftir að greiða auglýsingarnar með greiðslukorti eða með millifærslu. Ekki verður í boði lengur að fá sendan greiðsluseðil í heimabanka.

Bændablaðið

Kær kveðja, Auglýsingadeild Bændablaðsins.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól o.fl. Lengdir- 1,6m,-2m-2,1m-2,5m-3m-3,5m-4m-4,5m-5m. Burður fyrir par- 1,5 til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163.



GOES fjórhjól, árg. 2016. Létt og lipurt hjól. Upplýsingar S. 661-4266 Rúnar.



Gámarampar á lager. Heitgalfaniserað stál. Burðargeta- 8000 kg. Stærð- 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is S. 892-4163.



Slöngubátar fyrir alhliða veiði á lager. Litir- Woodland camo, Leaf camo Lengd- 4,5 m Breidd- 1,92 m. Álgólf, gúmmílistar undir túbum. Þyngd- 100 kg, burðargeta- 1.100 kg. Max stærð af mótor- 30 Hö. CE vottaðir og merktir. 3 stangahaldarar, 3 stór geymsluhólf, 12 V loftdæla. Vindsegl að framan og geymsluhólf í framstafni. Yfirbreiðsla á bátinn, hjól á afturgafl. Nánari uppl. og myndir sendar eftir óskum. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is.



Iðnaðarþvottavél IPSO, tekur 23 kg. G factor 400, vélin er með nýrenndum öxli, nýjum legum, niðurfallsloka og fl. Verð kr. 480.00 uppl. jon@history.is eða 898 0083.



Eigum til sölu á staðnum Dacia Duster 4X4 Comfort - Dísel- árgerð 17 & 18 Bílasala Reykjavíkur - Bíldshöfði 10 - 110 Reykjavik - S. 587-8888.

Radíótækni
radiotaekni.is
S: 547-2317 / samuel@radiotaekni.is

Myndavélaeftirlitskerfi fyrir hús og útihús - Örbylgju- og netsambönd - Sólarsellulausnir - Radíótækni - S. 547-2317 eða radiotaekni.is



Mjög vandaðir plastbátar frá Póllandi. Tvöfaldur byrðingur, falleg innrétting. Delfina 360- L 360 cm x B 164 cm. Agata 333- L 333 cm x B 150 cm. Fallegar tréárar fylgja. CE merktir og vottaðir. Hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is.




Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt- 1,9 m. Stærð á skrúfu- 48 cm. Rotor:-12 kW. Glussaflæði- 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi- 2 m. Burðarvirki- heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is



Dísel hitarar 5kw 12/24v í bílinn eða bátinn. 2 ára ábyrgð. Þjónusta og allir varahlutir. Orkubondinn.is - Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísel á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör, erum staðsettir bæði á Suður- og Norðurlandi. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir verkefni. Uppl. í s. 892-0808.



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt- 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Langar þig að geta slappað af heima fyrir í heita pottinum eða í heilsubætandi infrarauðum hitaklefa? Fyrirtækið Goddi býður upp á einstakt úrval infrarauðra hitaklefa, heitra potta og loka ofan á heitu pottana á frábæru verði með infrarauðum hitaklefum. Infrarauðir hitaklefar eru í dag notaðir hjá sérfræðingum, læknum, meðferðarstöðvum og heilsugæslustöðvum, þar sem að infrarauður hiti styður við önnur meðferðarúrræði. Innrauða ljósið er eitt af heitustu ósýnilegu ljóssviðunum frá sólinni, en í innrauðri sauna er hættulega UV-ljósið fjarlægt. Þetta gerir það að verkum að það er alls engin hætta á að líkaminn verði óvarinn gegn IR-ljósi, þrátt fyrir notkun í lengri tíma. Vissir þú, að þú getur brennt allt að 300 kaloríum á 30 mín í IR sauna? Að þú svitnar 3 sinnum meira í IR sauna heldur en í gufusaunu? Að infrarauðu geislarnir leysa upp vöðvabólgur og mýkja upp vöðva? Að hitinn frá infrarauðu geislunum smýgur allt að 4,5 cm inn í líkamann? Að infrarauðu geislarnir lina þjáningar vegna gigtar? Að 80% svitans er vökvi og 20% eru úrgangsefni? Við hjá Godda bjóðum einnig upp á úrval heitra potta með loki gerðu úr sterku leðurlíki. Hlífin er sérstaklega gerð fyrir íslenskt veðurfar. Verð kr. 850.000 m/loki og tröppu. Heitir pottar og lok. Hægt er að velja um fjórar stærðir af lokum í tveimur litum á heita potta í stærðunum- 200x200 cm 208×208 cm 220x220 cm 213×213 cm. Hægt er að fá lok sem eru 200 cm í þvermál á afar hagstæðu verði, eða kr. 78.000. Lokin eru samanbrjótanleg í miðju með góðum festingum og svuntu sem eru létt og meðfærileg. Hydro heitir pottar Ocean heitir pottar. Hægt er að skoða úrvalið á vefsíðunni okkar- www.goddi.is, koma við í Auðbrekku 19, 200 Kópavogi eða senda okkur línu á netfangið- goddi@goddi.is.



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. https://www.diggaeurope.com/ Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is.



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is









Atvinna

Sveitasæla. Leitum að viðhalds-/alltmuligmanneskju í ferðaþjónustu á Suðausturlandi. Smíðar, jarðvinna og alls konar viðhald tækja- og húsakosts. Uppl. í s. 696-7000.

Karlmaður, 33 ára, frá Spáni hefur áhuga á að vinna eða komast í nám á Íslandi. Hann hefur reynslu af bústörfum og talar frönsku, ensku ásamt spænsku. Uppl. á geezass@tutanota.com

Dýrahald

Get tekið að mér 4-6 hross i vetrarfóðrun og 6-7 folöld á hús i vetur. Er í Grímsnesi. S. 892-9191.

Gefins

Gamalt stofuorgel fæst gefins. Þarfnast smá lagfæringar. Uppl. í s. 894-9664.

Óska eftir

Óska eftir amerískum pallbíl. Má þarfnast alls konar lagfæringa. Skoða allt. Uppl. í s. 774-4441.

Fjórhjól óskast, 4x4 helst með lágu drifi. Er að leita að frekar ódýru hjóli. Bjarni S. 892-0404.

Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is s. 820-8096.

Rýmingarsala á hjólkoppum, allir koppar nema nýir. Sanngjarnt verð. Lítið við. Valdi koppasali, Hólmi v/ Suðurlandsveg, ofan við Rauðhóla. Opið 11-18 s. 865-2717.

Vatnskassar, nýir og ódýrir, í flestar gerðir fólksbifreiða. Einnig vatnskassar í vörubíla. S. 696-0738 og 699-3737, netfang vatnsk@simnet.is.

Til sölu hægindastóll. Rafmagnslyftustóll, keyptur í Svefn og heilsu og heitir Boas. Vel með farinn. Staðsettur á Akureyri. Upplýsingar í s. 847-5557.

Vantar þig ekki fjórar 17" álfelgur fyrir vetrardekkin? Passa fyrir Xtrail og Qashqai, seljast ódýrt. Uppl. í s. 690-2396.

Massey Ferguson 390T 200 með tækjum. Þarfnast viðgerðar . Upplýsingar gefur Pálmi í s. 487-5402.

Citroën C5 árgerð 2001-2008 varahlutir. Til sölu notaðir varahlutir í Citroën C5, gott úrval varahluta á góðu verði. Einnig til sölu nokkrir Citroën C5 bílar sem þarfnast lagfæringa. Upplýsingar í s. 774-7774 Flosi Kristófer.

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netf.- einar.g9@gmail.com, Einar G.

Erum komin á Instagram

Næsta Bændablað kemur út 3. nóvember

Bændablaðið

FRÉTTIR

Mýrdalshreppur:

90.000 krónur á mánuði með hverju barni



Mýrdalshreppur greiðir sérstakar heimagreiðslur til forráðamanna barna sem bíða eftir leikskólavist í sveitarfélaginu.

Einstæðir foreldrar eiga rétt á heimagreiðslu þegar barn nær 9 mánaða aldri en foreldrar í hjúskap eða sambúð þegar barn nær 12 mánaða aldri. Heimagreiðslur eru kr. 90.000 á mánuði með hverju barni. Greiðslur þessar eru endurskoðaðar árlega. „Nú eru sex börn á biðlista á leikskólanum. Við starfrækjum forskóla við grunnskólann, sem varð til þess að létta nokkuð á biðlistanum og ég er vongóður um að geta saxað á hann á næstu vikum og mánuðum, en það eru þó líkur til þess að það bætist líka fleiri börn við," segir Einar Freyr Elínarson sveitarstjóri.

Samband íslenskra sveitarfélaga er ekki með stefnu hvað varðar heimagreiðslur til foreldra sem bíða eftir leikskólaplássi fyrir barn sitt. „Fá sveitarfélög eru með slíkar greiðslur en ég veit að þetta er eitt af því sem mörg þeirra eru að skoða.

Fleiri leggja áherslu á að byggja upp leikskóla og sum sveitarfélög geta boðið leikskóla frá 9 mánaða aldri og allmörg frá 12 mánaða en þetta er risaverkefni," segir Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður sambandsins, aðspurð um málið. */MHH*

OKTÓBERTILBOÐ !!

VIÐHALDSFRÍIR BEKKIR ÚR GRANÍT







Tilboð:

130 cm breiðir ca 140 kg.
Grár, svartur eða paradiso.
Hægt að grafa letur eða logo
í bak eða setu gegn aukagjaldi.
Verð 220.000 (~~295.000~~)
Frír flutningur um allt land.

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

s: 466 2800 / 899 9370
sala@minnismerki.is
steinsmidjaakureyrar.is

Kreativ Dental Ísland

25 ára reynsla

Rúmlega 4000 íslendingar hafa notið þjónustu okkar frá árinu 2016

Nýtt bros - Nýtt líf

Nokkrar af fjölmörgum umsögnum af samfélagsmiðlum tannlæknastofunnar Kreativ Dental í Búdapest

„Ástandsskoðun. Fyrsta árs skoðun.
Ég er búin að fara í tannmyndatöku hjá Tannlæknadeildinni í Háskóla Íslands. 3 nemar fóru yfir ástandið þar á meðal erlendur tannlæknir sem er á endurmatsnámskeiði hér og leist mjög vel á verkið og tók fram hvað tennurnar væru fallegar.
Síðan fór lektor yfir ástandið á tönnunum og skoðunina hjá nemunum.
Mér hefur alltaf fundist einn plantinn laus og hef farið til tannlæknis til að láta athuga það en hann er alveg fastur, bara bil á milli tannana. (Mín hræðsla)
Ég verð að segja ykkur að lektorinn var mjög ánægður með ástandið á tönnunum, gerðina og efnið sem ég hafði valið, handverkið væri til fyrirmyndar og liturinn passaði vel. Talaði um að flögurnar sem halda gómnum uppi væru í góðu ástandi og ég þyrfti að passa upp á þær því þær væru svo fínlegar. Hann spurði hvar ég hefði fengið þetta fína verk og vildi gjarnan fá að fylgjast með hvað þær entust lengi.
Ég fór náttúrulega í sælu út frá þeim.
Langaði til að láta ykkur vita af þessari frábæru umsögn.
Mig langar til að fresta ferð út þangað til á næsta ári svo ég sendi myndirnar til Gríms og tannlæknirinn minn úti fór yfir þær og þau segja að þetta gildi fullkomlega sem ábyrgðarskoðun þetta árið."

„Hvað skal segja þegar varla eru til lýsingarorð til að lýsa þjónustu framkomu og öllu sem varðar þessa stofu Er hæst ánægð með allt Fyrir utan það að vera yfir mig ástfangin af Bútapest."

„Fór í febrúar og fékk krónur og brýr. Ég er mjög ánægður með Grím umboðsmann okkar og einnig frábærir Hjalti og Atli sem veittu mér mikinn stuðning í ferli mínu. Frábærir fagmenn hjá Kreativ Dental og þjónustan til mikillar fyrirmyndar. Eina sem ég þurfti að gera sjálfur var að panta flugmiða og mæta í flug. Annað sá Grímur um að skipuleggja fyrir mig, fyrsta tíma-bókun hjá tannlækni, allar ferðir og pöntun á hóteli. Verð mjög hagstæð fyrir kúnnann. Ábyrgðir fylgja og verð stóðust frá tilboðsgerð til loka vinnu.
Ég fékk flotta vinnu við mínar tennur og gæti ekki verið ánægðari með tannlækni. Mæli með Kreativ Dental."

„Ein af mínum uppáhaldsstundum lífsins, að standa upp úr stólnum hjá þeim og brosa framan í heiminn."



„Takk fyrir góða þjónustu. Flott þjónusta og miklir fagmenn."

„Frábært. Elska að fara þarna alltaf verið hrædd við tannlækna e ekki þarna."

„Komin á staðinn upplifði ég algjört öryggi. Þar var tekið vel á móti manni frá fyrstu stundu. Frábært hótel með úsýni yfir Dóná fljótið. Var skutlað til og frá og allir i öryggisbúnaði hjá tannlæknunum. Ég hef aldrei hitt jafn færa tann-lækna eins og á Kreativ Dental. Það tekur enga stund, þú finnur varla til og samt er þetta allt mjög vel og vandlega gert. Ég er rosalega ánægd með allt sem fyrir mig var gert og mæli með Kreativ Dental hundrað prósent!"

„það er hugsað fyrir öllu maður sóttur à flugvöllinn, keyrður à hótelið og skutlað à tannlæknastofuna. Hlýlegar og notalegar tannlæknastofur, fagfólk hvert sem litið er sem vill allt fyrir mann gera, fékk fràbæra þjónustu og toppurinn að hafa íslenska eðalpilta til aðstoðar. Kærar þakkir fyrir mig."

„Við hjónin höfum nú lokið tannmeðferð hjá Kreativ Dental og erum hæst ánægð.
Viðmót starfsfólks og þjónusta við okkur var til fyrirmyndar. Ekki þótti okkur heldur slæmt að greiða sanngjarnt verð fyrir meðferðina og fá þar að auki 5 ára ábyrgðarskírteini þar sem Kreativ Dental ábyrgist krónur og brúargerð „sjúklinga" sinna. Takk fyrir okkur!"

„Fagmennskan í fyrirrúmi.
Undirritaður þurfti í síðasta mánuði að nýta sér þjónustu Kreativ Dental Klinik í Búdapest. Eftir að hafa notið sérfræðinganna hjá Kreativ Dental er mér efst í huga þakklæti til þeirra sem að mínum málum komu. Það er ekki að ástæðu-lausu að Kreativ Dental hefur marg oft hlotið viðurkenningu sem besta tannlæknastofa á evrópska efnahagssvæðinu og víðar.
Fagmennska og hlýlegt viðmót allra þeirra sem starfa þarna er gefin hæsta einkunn. Ég get ekki lokið þessum skrifum án þess að þakka þeim Grími Axelssyni og Attila Korsos (Atla) fyrir þeirra aðstoð sem þeir veittu mér er ég varð fyrir því óhappi að þurfa að leggjast inn á spítala í Búdapest. Aðstoð þeirra beggja verður seint endurgoldin en sýnir hvað það er mikilvægt að hafa góða menn og öfluga tannlæknastofu til staðar ef eitthvað kemur fyrir í þessum tannlæknaferðum til Búdapest."




„Öll framganga ykkar og viðmót er til mikillar prýði og mun ég ekki líta á aðrar leiðir til að laga mínar tennur. Enn og aftur kærar þakkir, bið að heilsa öllum."

„Mjög miklir fagmenn. Mæli sannarlega með Kreativ Dental!
Grímur sá um að bóka herbergi á samstarfshóteli Kreativ Dental, mjög gott hótel með útsýni yfir Dóná. Var sótt og ekið á flugvöllinn að kosnaðarlausu sem er náttúrulega frábær þjónusta. Einnig eru frían ferðir á milli hótels og tannlæknastofu. Frábærir tannlæknar sem starfa í notalegu umhverfi.
Ég hef alltaf verið stressuð/kvíðin að fara til tannlæknis en það hvarf bara alveg þegar ég kom þarna inn. Biðstofan var búin hægindastólum og fiskabúri. Engin borhljóð eða truflun þar. Viðmót starfsmanna var hlýlegt og notaleg nærvera allra á stofunni fékk manni til að líða vel. Grímur og Attila voru boðnir og búnir að aðstoða við allt sem maður óskaði sér. Takk fyrir mig."

„Við hjónin fórum í apríl í fyrsta skipti og svo aftur í ágúst til að klára. Frábærir tannlæknar og starfsfólk. Allt stóðst fullkomlega. Grímur og Atli voru alltaf til staðar til að aðstoða okkur. Mæli 100% með Kreativ Dental.

Takk kærlega fyrir okkur."



„Takk fyrir mig. Móttökur og allt utanumhald við fólk þarna er frábært. Og hafa fólk sem talar okkar mál er bara æðislegt þannig að það verður allt miklu auðveldara að koma þarna."

„Hvar á ég að byrja...

Fagleg og persónuleg þjónusta alla leið og það að hafa íslenskan umboðsmann auðveldar öll samskipti.
Tannlæknateymi sem hefur mikla reynslu af umfangsmiklum og flóknum tannviðgerðum.
Fullkomið tannsmíðaverkstæði á staðnum búið nýjustu tækni frá Þýskalandi og Japan.
Víðtækasta ábyrgð sem í boði er frá Austur-Evrópskum tannlæknastofum og toppar líka þær íslensku.
Allt þetta á verði sem er 50-70% lægra en á Íslandi.
Aukabónusinn er að fá í leiðinni að kynnast Búdapest einni fegurstu borg Evrópu."

„Ég verð nú að segja að ég hefði ekki að óreyndu trúað því að það væri hægt að skipuleggja tannlækningaferðir með svona nákvæmni og góðu kostnaðarplani. Öll þjónusta er í efsta gæðaflokki og gott að geta fengið aðstoð hjá Grími Axelssyni til að fá skýringar og leiðbeiningar á íslensku um öll mál sem kunna að koma upp á í sambandi við þjónustuna hvort sem er út af tannlækningunum, breytingum á hóteli eða flugi ef vill. Það ánægjulega við þetta allt er að þú getur fengið nákvæma ástands-lýsingu og aðgerðaráætlun eftir fyrstu skoðun fyrir utan það að það er hægt að sjá hver kostnaðurinn er í byrjun, því það er fastur verðlisti sem farið er eftir sem liggur fyrir þegar aðgerð er ákveðin. Endilega athugaðu verðlistann sem er á heimasíðu Kreativ Dental og berðu hann saman við verðlistana á
Íslandi. Flott fólk og góð þjónusta þarna.
Takk fyrir mig."

„Vel að öllu staðið. Allir Íslendingar sem ég hitti í þessum erindagerðum voru jafn ánægðir og ég."

„það er endalaust hægt að hlaða lofi á Kreativ Dental en orð eru máttvana í samanburði við upplifunina við það að koma til þeirra í aðgerð. Fyrir mér var þetta eins og ég væri kominn langt inn í framtíðina, öll nýjustu tæki til staðar á staðnum, umhverfið þegar inn var komið hjá þeim var bæði rólegt og aðlaðandi, sérfræðingar á öllum sviðum tannlækninga á staðnum og viðmót allra starfsmanna óaðfinnanlegt! Það sem síðan vekur furðu manns, eftir að hafa fengið þarna faglega þjónustu sem ég held að ómögulegt sé að toppa, er verðið!!! Núna, fimm mánuðum eftir að hafa komið til þeirra í byrjun maí, brosi ég mínu fallegasta brosi til margra ára en finnst jafnvel að ég hafi ekki borgað fyrir að fullu. Svo hagstætt er verðlagið hjá þeim fyrir okkur Íslendinga. Flugið með WizzAir er einnig mjög ódýrt, sem og hótelin í Búdapest."

Kreativ Dental Ísland

Heimasíða: kreativdental.is | **Facebook:** kreativdentalisland

Tölvupóstur - Upplýsingar - Tímabókanir: grimur@kreativdentalclinic.eu | **Sími:** (+354) 859 9403 (frá 9-13)

Takk fyrir!

Við hjá Bústólpa erum stolt af því að tilheyra flokki Framúrskarandi fyrirtækja hjá Creditinfo og það tólfta árið í röð.

Bústólpi

2011
2022
Framúrskarandi fyrirtæki



bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is